LANDSNET

ÁRSSKÝRSLA 2014

Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns og forstjóra 2
Lykiltölur 6
Landsnet – við flytjum rafmagn 8
Stjórn Landsnets 10
Framkvæmdastjórn og kjarnasvið 11
Stjórnendur Landsnets 12
Fjármál og rekstur 14
Krefjandi ár og erilsamt 22
Í sátt við umhverfi og samfélag 36
Öryggið í öndvegi 42
Markviss uppbygging mannauðsmála 46
Raforkukerfið er lífæð Íslands 50
Lagning jarðstrengja á hærri spennu 52
Leiðandi í snjallnetslausnum 54
Í viðbragðsstöðu vegna goshættu í Bárðarbungu 56
Línukerfi Landsnets í árslok 2014 58
Tengivirki Landsnets í árslok 2014 60
Ársreikningur 2014 62
Flutningskerfið 2014 97

Ábyrgðarmaður	Guðmundur Ingi Ásmundsson
Ritstjórn	Einar S. Einarsson og Jórunn Gunnarsdóttir
Umsjón, textavinnsla, útlitshönnun og umbrot	Athygli
Ljósmyndir	Profilm/Jóhann Sigfússon, Brynjólfur Jónsson-Binni, Hreinn Magnússon, Árni Þórður Jónsson, Steingrímur Karlsson
Skýringarmyndir	Effekt/Þórhallur Kristjánsson
Prentun	Svansprent

Forsíða: Landsnet leggur áherslu á að tryggja öruggt rafmagn fyrir alla. Forsíðumyndin er úr sýningunni Karítas og birt með góðfúslegu leyfi Þjóðleikhússins.

Öruggt rafmagn fyrir alla í sátt við samfélagið

Ávarp stjórnarformanns og forstjóra

Ísland hefur þá sérstöðu meðal þjóða að hér er raforka framleidd nær eingöngu með hreinum endurnýjanlegum orkugjöfum. Það er jafnframt eitt fárra landa sem hefur tækifæri til vaxtar á þessu sviði. Meirihluti þjóðarinnar vill nýta orkuauðlindirnar á ábyrgan hátt til aukinnar hagsældar fyrir landsmenn. Ábyrg nýting og sátt um hana þarf að byggja á heildstæðri stefnumörkun stjórnvalda fyrir þennan málaflokk.



Aðgangur að tryggu rafmagni er forsenda lífsgæða í nútímasamfélagi. Þetta kom berlega í ljós þegar straumlaust varð á Reykjanesi fyrir stuttu. Auk hefðbundinna afleiðinga straumleysis fyrir heimili og fyrirtæki, svo sem fjárhagstjóns og óþæginda, urðu verulegar truflanir á fjarskiptum, röskun á tækjabúnaði Keflavíkurflugvallar ásamt ýmsum öðrum atvikum sem tengjast öryggi almennings. Þetta sýndi í hnotskurn hve viðkvæmt flutningskerfið er.

Erfiðar rekstraraðstæður

Rekstur Landsnets gekk að mörgu leyti vel á árinu 2014 þrátt fyrir erfiðar aðstæður. Starfsemin hefur orðið fyrir verulegum áhrifum af þeim hörðu deilum sem eru stöðugt um orkumálin og því hefur ekki verið hægt að ráðast í bráðnauðsynlegar styrkingar á meginflutningskerfinu. Þá hefur veðurfarið undanfarin misseri verið raforkukerfinu óhagstætt og fjöldi truflana og áfalla aukist. Starfsfólki Landsnets hefur engu að síður tekist að ná viðunandi rekstraröryggi í raforkukerfinu með útsjónarsemi og hátæknilausnum. Hins vegar er ljóst að vandamálin hrannast upp með aukinni orkunotkun og verða ekki lengur leyst án styrkingar flutningskerfisins. Þá benda greiningar á rafmagnsöryggi í náttúruhamförum, sem unnar voru í tengslum við umbrotin í Bárðarbungu, til að verulegra styrkinga sé þörf í flutningskerfinu.

Álag á flutningskerfi Landsnets jókst árið 2014 sem leiddi til aukins orkutaps í flutningskerfinu og vaxandi rekstraráhættu vegna veikleika í kerfinu. Fyrirvaralausum rekstrartruflunum fjölgaði um hátt í þriðjung og straumleysi vegna þeirra jókst um 28% á milli ára. Kerfisvarnir skiptu flutningskerfinu upp í eyjarekstur 11 sinnum á árinu, með tilheyrandi óþægindum fyrir notendur og jafnvel tjóni. Nærri þriðjung alls síðasta árs, eða í ríflega 102 daga, var aflflutningur eftir byggðalínunni yfir öryggismörkum og er nú svo komið að erlendis er farið að tala um okkur Íslendinga sem Evrópumeistara í notkun kerfisvarna og álagsstjórnunar. Áhættusamur rekstur af þessu tagi hefur í för með sér óhagræði fyrir alla viðskiptavini Landsnets, ógnar öryggi flutningskerfisins og stóreykur hættu á straumleysi.

Breytingar nauðsynlegar

Margt þarf að breytast til að komast út úr núverandi ástandi. Á vegum stjórnvalda er unnið að tveimur mikilvægum breytingum er varða starfsumhverfi Landsnets; breytingu raforkulaga um nýtt verklag við gerð kerfisáætlunar og þingsályktun um að stjórnvöld marki stefnu um lagningu raflína í jörð. Hvort tveggja eru jákvæð skref í rétta átt sem vænta má að leiði til betri sáttar um framkvæmdir Landsnets til að efla flutningskerfið.

Til að Landsnet geti lagt sitt af mörkum við að stuðla að sjálfbæru raforkukerfi, sem nýtir orkuauðlindirnar í samræmi við vilja þjóðarinnar, er unnið að endurskoðun á stefnu fyrirtækisins og starfsháttum. Kjarninn í þeirri vinnu grundvallast á eftirfarandi meginatriðum:

- Allir þegnar samfélagsins hafi aðgang að rafmagni í því magni og þeim gæðum sem þörf er á.
- Sátt ríki um starfsemi fyrirtækisins og það umgangist umhverfið af ábyrgð.
- Fyrirtækið stuðli að heilbrigðu fjárfestingarumhverfi í raforkukerfinu og sjálfbærri nýtingu orkuauðlindanna.
- Rekstur fyrirtækisins sé skilvirkur.
- Fyrirtækið hafi skýra ímynd, stundi heiðarleg samskipti og sé framsækinn vinnustaður fyrir öflugt starfsfólk.

Víðtæk samfélagssátt

Hlutverk Landsnets í orkukerfinu er ekki að drífa hana áfram heldur tryggja jafnræði, jafnt aðgengi að flutningskerfinu, afhendingaröryggi raforkunnar og stuðla að eðlilegum viðskiptum með raforku. Hlutverkið er mikilvægur hlekkur í raforkukerfinu sem þarf að sinna af ábyrgð og festu.

Það er vilji Landsnets að ná fram sem víðtækastri samfélagssátt um framtíðarfyrirkomulag raforkuflutninga og uppbyggingu meginflutningskerfisins. Fyrirtækið hefur fylgt opinberum ferlum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og kerfisáætlun. Því miður hefur það ekki stuðlað að þeirri sátt sem stefnt var að. Til að svara kalli tímans viljum við taka upp breytt vinnufyrirkomulag með skýrari sýn á samfélagslega ábyrgð fyrirtækisins. Það felur í sér enn meira samráð á fyrstu stigum fyrirhugaðra framkvæmda og formlegan samráðsvettvang hagsmunaaðila er tengjast stærri verkefnum. Samtímis verður öll greiningarvinna efld með það að markmiði að finna bestu framkvæmanlegu lausnirnar á hverjum tíma, lausnir sem samfélagsleg sátt getur náðst um.

Stöðugt rekstrarumhverfi

Fyrir jafnmikilvæga starfsemi og raforkuflutninga er stöðugt rekstrarumhverfi lykilatriði. Samkvæmt ákvæðum raforkulaga frá 2011 var að því stefnt að styrkja rekstrarumhverfi fyrirtækisins með því að ákvarða arðsemina, og þar með tekjuramma fyrirtækisins, fimm ár fram í tímann. Í ársbyrjun 2015 lá ákvörðun fyrir tímabilið 2011 – 2015 ekki enn fyrir og því umtalsverð óvissa um tekjugrundvöll fyrirtækisins.

Það er óviðunandi að ákvarðanir stjórnvalda um leyfða arðsemi og tekjumörk skuli ekki liggja fyrir á tilsettum tíma í samræmi við ákvæði laga. Landsnet getur því ekki brugðist við aðstæðum með viðeigandi aðgerðum í rekstri, m.a. með breytingum á gjaldskrá fyrir upphaf hvers árs. Jafnframt getur þetta valdið óeðlilegum sveiflum á gjaldskrá sem er óásættanlegt gagnvart viðskiptavinum félagsins.

Nauðsynlegt er að ná sátt um stöðugt fyrirkomulag sem tryggir félaginu og stjórnendum þess grundvöll til að stýra fyrirtækinu á hagkvæman hátt til hagsbóta fyrir alla aðila.

Tímamót

Þórður Guðmundsson, sem gegnt hafði starfi forstjóra Landsnets frá stofnun félagsins, lét af störfum um síðustu áramót að eigin ósk. Við færum Þórði bestu þakkir fyrir farsælt starf og þá styrku forystu sem hann hefur veitt fyrirtækinu við uppbyggingu þess, oft við krefjandi aðstæður.

Landsnet stendur á tímamótum. Áratugur er liðinn frá því félagið tók til starfa og má segja að það hafi slitið barnsskónum. Góður árangur hefur náðst með samhentu starfsfólki Landsnets og eru því færðar þakkir fyrir vel unnin verk á liðnum árum.

Geir A. Gunnlaugsson stjórnarformaður

Guðmundur Ingi Ásmundsson forstjóri

Lykiltölur

Kennitölur	2010	2011	2012	2013	2014
Úttekt (GWst)	16.165	16.287	16.652	17.108	17.116
Töp (GWst)	331	324	339	378	361
Töp sem hlutfall af notkun	2,0%	2,0%	2,0%	2,2%	2,1%
Rekstrartekjur	12.846	11.903	12.344	13.874	14.350
Fjárfestingahreyfingar	1.338	830	2.211	6.408	3.851
Fjárfestingahreyfingar sem hlutfall af rekstrartekjum	10,4%	7,0%	17,9%	46,2%	26,8%
Rekstrarhagnaður (EBIT)	6.341	5.440	5.306	6.568	6.174
Rekstrarhagnaður (EBIT) sem hlutfall af rekstrartekjum	49,4%	45,7%	43,0%	47,3%	43,0%
Almennur rekstrarkostnaður *	2.401	2.550	3.187	3.209	3.445
Almennur rekstrarkostnaður sem hlutfall af rekstrartekjum	18,7%	21,4%	25,8%	23,1%	24,0%
Hagnaður	3.563	840	801	2.183	3.762
Hagnaður sem hlutfall af rekstrartekjum	27,7%	7,1%	6,5%	15,7%	26,2%
Eignir	70.513	74.679	74.873	77.608	81.859
Eigið fé	11.622	12.462	13.263	15.446	19.208
Skuldir	58.891	62.217	61.610	62.162	62.651
Arðsemi eiginfjár**	42,8%	7,2%	6,4%	16,5%	24,4%
Eiginfjárhlutfall***	16,5%	16,7%	17,7%	19,9%	23,5%
Lengd loftlína (km)	3.054	3.055	3.055	3.061	3.066
Lengd jarð- og sæstrengja (km)	146	147	147	158	160
Stöðugildi í árslok	95	94	106	114	113

Fjárhæðir í mkr.

Útreikningur lykilstærða

* Almennur rekstrarkostnaður = rekstrargjöld - afskriftir - kerfisþjónusta og töp

** Arðsemi eigin fjár = hagnaður/eigið fé í upphafi árs

*** Eiginfjárhlutfall = eigið fé/eignir




Orkuflutningur og flutningstöp
GWst.
20.000
18.000
16.000
14.000
12.000
10.000
8.000
6.000
4.000
2.000
0
3,0%
2,5%
2,0%
1,5%
1,0%
0,0%
2010
2011
2012
2013
2014
Innmötun
Flutningstöp


EBITDA og tekjur
mkr.
10.000
9.000
8.000
7.000
6.000
5.000
4.000
3.000
2.000
1.000
0
80%
70%
60%
50%
40%
30%
20%
10%
0%
2010
2011
2012
2013
2014
EBITDA
EBITDA / tekjur


Vaxtagjöld og EBITDA
mkr.
2.500
2.000
1.500
1.000
500
0
4.5
4.0
3.5
3.0
2.5
2.0
1.5
1.0
0.5
0.0
2010
2011
2012
2013
2014
Vaxtagjöld
EBITDA / vaxtagjöld


Skuldir og EBITDA
mkr.
70.000
60.000
50.000
40.000
30.000
20.000
10.000
0
9.0
8.0
7.0
6.0
5.0
4.0
3.0
2.0
1.0
0.0
2010
2011
2012
2013
2014
Skuldir samtals
Skuldir / EBITDA


Rekstrargjöld og flutningsmagn
mkr.
Kr./MWh
9.000
8.000
7.000
6.000
5.000
4.000
3.000
2.000
1.000
0
500
400
300
200
100
0
2010
2011
2012
2013
2014
Rekstrargjöld
Rekstrargjöld / flutningsmagn


Afskriftir og fjárfestingahreyfingar
mkr.
7.000
6.000
5.000
4.000
3.000
2.000
1.000
0
9%
8%
7%
6%
5%
4%
3%
2%
1%
0%
2010
2011
2012
2013
2014
Afskriftir
Fjárfestingahreyfingar
Fjárfestingahreyfingar/eignir



Hlutverk Landsnets

- Ber ábyrgð á rekstraröryggi raforkukerfisins í heild og stjórnun þess.
- Tryggir að jafnvægi ríki á milli framboðs orku og eftirspurnar.
- Viðheldur hæfni flutningskerfisins til lengri tíma og mótar framtíðar-flutningskerfi landsins.
- Tryggir jafnan aðgang að flutningskerfinu og stuðlar að aukinni virkni raforkumarkaðarins.

Landsnet – við flytjum rafmagn

Landsnet hf. á og rekur flutningskerfi raforku á Íslandi. Félagið tók til starfa fyrir áratug, í ársbyrjun 2005, á grundvelli raforkulaga sem samþykkt voru á Alþingi á vormánuðum 2003. Landsnet starfar samkvæmt sérleyfi og er háð eftirliti Orkustofnunar sem ákveður tekjumörk sem gjaldskrá fyrirtækisins byggir á.

Landsnet er ábyrgt og framsækið þjónustufyrirtæki með öfluga liðsheild starfsfólks, sterka samfélagsvitund og stefnir að því að vera í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði.

Öryggi og vinnuumhverfi

Landsnet leggur áherslu á að fyllsta öryggis sé gætt í rekstri og allri starfsemi fyrirtækisins. Settar hafa verið reglur sem stuðla að öruggu og heilsusamlegu starfsumhverfi og endurspegla þá virðingu sem borin er fyrir þeim sem starfa fyrir Landsnet á hverjum tíma og viðfangsefnum þeirra.

Í sátt við umhverfið

Landsnet leggur metnað sinn í að umgangast landið af virðingu, forðast allt óþarfa rask og taka tillit til náttúru og umhverfis í allri sinni starfsemi. Landsnet fylgist stöðugt með þróun og framförum í hönnun flutningskerfa og kappkostar að nýta nýjustu tækni eftir því sem hentar með það að leiðarljósi að hafa sem minnst áhrif á umhverfið.

Eigendur Landsnets

Landsnet er hlutafélag í eigu Landsvirkjunar, RARIK, Orkuveitu Reykjavíkur og Orkubús Vestfjarða.

Vottuð stjórnkerfi

Landsnet leggur áherslu á faglega og örugga starfsemi. Því er mikilvægt fyrir fyrirtækið að styðjast við alþjóðlega stjórnunarstaðla í starfseminni.

Gæðastjórnun samkvæmt
ISO 9001:2008

Öryggisstjórnun samkvæmt
OHSAS 18001:2007

Umhverfisstjórnun samkvæmt
ISO 14001:2004

Mannvirkja stofnun

Stjórnun rafmagnsöryggismála
samkvæmt kröfum Mannvirkjastofnunar

Stjórn Landsnets

Stjórn Landsnets skipa Geir A. Gunnlaugsson, fyrrverandi forstjóri Marels og Sæplasts/Promens, Svana Helen Björnsdóttir, starfandi stjórnarformaður Stika, og Ómar Benediktsson, framkvæmdastjóri Farice.

Geir hefur setið í stjórn Landsnets frá 2011 og er formaður stjórnar. Svana Helen var kjörin í stjórn árið 2009 og Ómar árið 2012. Varamaður í stjórn er Svava Bjarnadóttir, ráðgjafi hjá Strategíu.

Stjórn Landsnets er skipuð til eins árs í senn. Til að fullnægja lögbundnum kröfum um fyllsta hlutleysi og jafnræði í störfum ber stjórnarmönnum að vera sjálfstæðir og að öllu leyti óháðir öðrum fyrirtækjum sem stunda vinnslu, dreifingu og sölu raforku.

Framkvæmdastjórn og kjarnasvið

Framkvæmdastjórn Landsnets skipa Guðmundur Ingi Ásmundsson, sem tók við starfi forstjóra Landsnets í ársbyrjun 2015, og Guðlaug Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri fjármála.

Guðmundur Ingi er menntaður rafmagnsverkfræðingur frá Háskóla Íslands og er með meistarapróf í raforkuverkfræði frá Danmarks Tekniske Universitet (DTU). Hann var aðstoðarforstjóri Landsnets frá 2008, þar áður var hann framkvæmdastjóri kerfisstjórnar og gegndi starfi kerfisstjóra þegar Landsnet tók til starfa í ársbyrjun 2005.

Guðlaug er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands. Hún tók við starfi framkvæmdastjóra fjármála hjá Landsneti árið 2008. Áður starfaði hún hjá KPMG, Meitlinum, VSV og Sveitarfélaginu Árborg.

Kjarnasvið Landsnets

Kerfisþróun hefur það hlutverk að byggja á hagkvæman hátt upp flutningskerfi sem mætir kröfum markaðarins og tryggir og viðheldur hæfni þess til lengri tíma. Áætla framtíðarbreytingar á raforkumarkaði og leggja fram hagkvæmar lausnir.

Framkvæmdir bera ábyrgð á að rafmagnsnotendur fái rafmagn afhent þar sem þess er óskað. Þegar flutningsgeta mannvirkja er fullnýtt eða þegar afhenda á raforku til nýs viðskiptavinar þarf Landsnet annaðhvort að styrkja flutningsvirkin, sem fyrir eru, eða byggja ný til að uppfylla samninga um aukna raforkuflutninga. Framkvæmdir sinna þeim verkefnum.

Netrekstur ber ábyrgð á flutningsvirkjum Landsnets og hæfni þeirra til að uppfylla skyldur fyrirtækisins um örugga afhendingu raforku. Þar með eru talin verkefni eignastýringar, viðhalds og endurnýjunar á virkjum í rekstri. Starfsemi netreksturs er dreifð um allt land.

Kerfisstjórn og markaður annast stýringu raforkukerfisins og samhæfingu aðgerða í flutningskerfinu og tengdum einingum. Þróun og rekstur varnarbúnaðar er einnig á ábyrgð deildarinnar. Þar er jafnframt unnið að þróun markaðslausna, skilmálagerð, sem varðar viðskipti og rekstur, samskiptum við viðskiptavini, útgáfu upprunaábyrgða og uppgjöri orkuflæðis á landsvísu.

Stjórnendur Landsnets

Stjórnendur Landsnets í ársbyrjun 2015

Íris Baldursdóttir, deildarstjóri kerfisstjórnar og markaðar, Lúðvík B. Ögmundsson öryggisstjóri, Einar S. Einarsson, markaðs- og þjónustustjóri, Hildur B. Hrólfsdóttir, gæða- og umhverfisstjóri, Nils Gústavsson, deildarstjóri framkvæmda, Guðlaug Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri fjármála, Guðmundur Ingi Ásmundsson forstjóri, Sæmundur Valdimarsson, deildarstjóri upplýsingatækni, Elfa Hrönn Guðmundsdóttir starfsmannastjóri, Sverrir Jan Norðfjörð, deildarstjóri kerfisþróunar, Jórunn Gunnarsdóttir, settur skrifstofustjóri, og Guðlaugur Sigurgeirsson, deildarstjóri netreksturs.

Fjármál og rekstur



Rekstur Landsnets gekk vel árið 2014 og var rekstrarniðurstaða ársins nokkuð hærri en áætlanir höfðu gert ráð fyrir. Á árinu var ársverðbólga aðeins um 1% og hafði það veruleg jákvæð áhrif á fjármagnsliði félagsins, og þar með rekstrarniðurstöðu, en félagið er að mestu fjármagnað í verðtryggðum íslenskum krónum.

Tekjur Landsnets eru ákvarðaðar með tekjumörkum á grundvelli raforkulaga. Tekjumörk voru sett á árinu 2013 fyrir tímabilið 2011-2015, byggð á arðsemi sem ákvörðuð var á árinu 2012, en hagsmunaaðilar kærðu ákvörðun Orkustofnunar varðandi arðsemi og ógilti úrskurðarnefnd raforkumála hana með úrskurði 2. desember 2013. Ógildingin byggði á því að frekari rök þyrfti við ákvörðun áhættu- og vaxtaálags. Samkvæmt úrskurðinum skal orkumálastjóri birta nýja ákvörðun um arðsemisviðmið byggða á nýju áliti sérfræðinganefndar. Sú ákvörðun liggur ekki fyrir og er því óvissa um tekjumörkin fyrir tímabilið.

Það veldur óvissu í rekstri félagsins að ákvarðanir Orkustofnunar um leyfða arðsemi og tekjumörk skuli ítrekað ekki liggja fyrir á settum tímamörkum í samræmi við ákvæði laga. Félaginu er því ekki kleift að bregðast við ákvörðunum Orkustofnunar með breytingum á gjaldskrá fyrir upphaf hvers tekjumarkaárs eins og eðlilegt væri. Þá skapa ítrekaðar nýjar og breyttar

Helstu niðurstöður ársreiknings (mkr):

Rekstrartekjur

2013	2014
13.874	14.350

Rekstrarhagnaður (EBIT)



2013	2014
6.568	6.174

Hagnaður

2013	2014
2.183	3.762

Handbært fé frá rekstri



2013	2014
7.733	6.231

Lausafé alls



2013	2014
10.152	12.706

Heildareignir



2013	2014
77.608	81.859

Vaxtaberandi skuldir

2013	2014
55.088	54.647

Eiginfjárhlutfall

2013	2014
19,9%	23,5%

ákvarðanir óvæntar og óeðlilegar sveiflur í gjaldskrá sem er óásættanlegt gagnvart viðskiptavinum félagsins.

Fjárfest var fyrir um 3.851 mkr. árið 2014 sem er nokkuð lægra en árið á undan. Verkefni, sem unnið var að, eiga það flest sameiginlegt að vera til styrkingar núverandi kerfi. Það gæti þó breyst nokkuð á næstunni enda er horft til tenginga nýrra viðskiptavina, bæði notenda og framleiðenda, á komandi misserum. Fjárfestingar ársins voru greiddar með handbæru fé sem þó jókst nokkuð á milli ára. Afborganir af langtímalánum félagsins eru mjög lágar og ekki í eðlilegum takti við skuldsetningu. Stærsta lán félagsins er á einum gjalddaga árið 2020. Áfram er unnið er að framtíðarsýn um fjármögnun félagsins sem mun meðal annars taka mið af því að jafna afborgunarferilinn.

Tæplega 3,8 milljarða króna hagnaður

Samkvæmt rekstrarreikningi varð hagnaður af rekstri Landsnets árið 2014 alls 3.762 mkr. á móti 2.183 mkr. hagnaði árið 2013. Rekstrarhagnaður fyrir skatta, fjármagnsliði og afskriftir (EBITDA) nam 9.142 mkr. en nam 9.166 mkr. árið 2013. Betri afkoma árið 2014 stafar aðallega af lágri verðbólgu sem mældist aðeins um 1% á ársgrundvelli. Þar sem stærsti hluti lánasafns félagsins er í íslenskum krónum hefur verðbólguþróun veruleg áhrif á rekstrarniðurstöðu félagsins.

Rekstrartekjur námu 14.350 mkr, þar af voru tekjur af orkuflutningi 14.277 mkr. og hækkuðu þær um 509 mkr. á milli ára sem skýrist að mestu af hækkun á tekjum vegna sölu á kerfisþjónustu orku vegna flutningstapa en sá liður hækkaði nokkuð á milli ára vegna hærra raforkuverðs á markaði.

Rekstrargjöld án afskrifta námu 5.209 mkr. og hækkuðu um 500 mkr. á milli ára, eða um 11%. Innkaup á kerfisþjónustu og orku vegna flutningstapa hækka nokkuð á milli ára og skýrir það að hluta hækkun sem varð á þessum lið á milli ára. Hrein fjármagnsgjöld ársins 2014 voru 1.519 mkr. á móti 3.870 mkr. árið 2013 og lækkuðu þau á milli ára um 61%. Verðbætur ársins námu 511 mkr. á móti 1.752 mkr. árið 2013 og lækkuðu þær um 1.240 mkr. Þá voru einnig jákvæðar gengishreyfingar og var hagnaður ársins 982 mkr. á móti 328 mkr. gengistapi árið 2013. Á móti komu lægri eignfærðir vextir, eða sem nam 92 mkr. á árinu 2014 á móti 272 mkr. árið áður.

Verðmæti eigna 82 milljarðar króna

Eignir Landsnets námu alls 81.859 mkr. í árslok 2014 samkvæmt efnahagsreikningi en þær námu 77.608 mkr. í lok fyrra árs. Eignir skiptust þannig að fastafjármunir námu 66.780 mkr. í árslok en 66.370 mkr. í árslok 2013. Þar af námu fastafjármunir í rekstri 63.771 mkr. í árslok en 63.198 mkr. í árslok 2013. Nýjar eignir voru teknar í rekstur á árinu og má þar nefna tengivirki á Ísafirði og varaaflsstöð og tengivirki í Bolungarvík.

Langtímaskuldir og skuldbindingar Landsnets námu 58.496 mkr. en skammtímaskuldir námu 4.155 mkr. í árslok 2014. Til samanburðar námu langtímaskuldir 58.564 mkr. og skammtímaskuldir 3.598 mkr. í árslok 2013. Engin ný lán voru tekin á árinu og afborganir aðeins greiddar af litlum hluta lánasafnsins en lán frá móðurfélaginu Landsvirkjun í íslenskum krónum er afborgunarlaust til ársins 2020. Afborganir ársins 2014 eru áætlaðar 919 mkr. sem er nánast sama fjárhæð og greidd var í afborganir á árinu 2013.

Eigið fé í árslok 2014 nam 19.208 mkr. að meðtöldu hlutafé að fjárhæð 5.903 mkr. Eigið fé í lok árs 2013 nam 15.446 mkr. Hlutfall eigin fjár af heildareignum nam 23,5% í árslok 2014 en nam 19,9% í lok árs 2014.

Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri árið 2014 nam 6.231 mkr. en nam 7.733 mkr. árið 2013. Fjárfestingahreyfingar ársins námu 3.851 mkr. og fjármögnunarhreyfingar 907 mkr. Handbært fé í árslok 2014 nam 12.235 mkr. og hækkaði það um 2.317 mkr. á árinu.


Þróun flutningsgjaldskrár til stórnotenda
í samanburði við vísitölu neysluverðs í USA,CPI
%
0,3
0,25
0,2
0,15
0,1
0,05
0
1/1/05
6/1/05
11/1/05
4/1/06
9/1/06
2/1/07
7/1/07
12/1/07
5/1/08
10/1/08
3/1/09
8/1/09
1/1/10
6/1/10
11/1/10
4/1/11
9/1/11
2/1/12
7/1/12
12/1/12
5/1/13
10/1/13
3/1/14
8/1/14
Flutningsgjaldskrá til stórnotenda
CPI vísitala í USA


Þróun flutningsgjaldskrár til dreifiveitna í samanburði við vísitölu neysluverðs
%
1
0,8
0,6
0,4
0,2
0
1/1/05
6/1/05
11/1/05
4/1/06
9/1/06
2/1/07
7/1/07
12/1/07
5/1/08
10/1/08
3/1/09
8/1/09
1/1/10
6/1/10
11/1/10
4/1/11
9/1/11
2/1/12
7/1/12
12/1/12
5/1/13
10/1/13
3/1/14
8/1/14
Flutningsgjaldskrá til dreifiveitna
Vísitala neysluverðs


Þróun gjaldskrár fyrir flutningstap og kerfisþjónustu í kr/MWst
kr/MWst
100.00
80.00
60.00
40.00
20,00
0.00
1/1/05
6/1/05
11/1/05
4/1/06
9/1/06
2/1/07
7/1/07
12/1/07
5/1/08
10/1/08
3/1/09
8/1/09
1/1/10
6/1/10
11/1/10
4/1/11
9/1/11
2/1/12
7/1/12
12/1/12
5/1/13
10/1/13
3/1/14
8/1/14
Flutningstöp
Kerfisþjónusta

Langtímaskuldir Landsnets námu 93% af heildarskuldum félagsins í árslok. Af vaxtaberandi skuldum námu skuldir í íslenskum krónum (ISK) 90% og í svissneskum frönkum (CHF) 10%. Ekki var þörf á endurfjármögnun lána á árinu 2014 og voru afborganir lána og fjárfestingar greiddar með handbæru fé.

Tekjumörk og gjaldskrá

Landsnet starfar á grundvelli raforkulaga nr. 65/2003. Samkvæmt 12 gr. laganna skal Orkustofnun setja félaginu tekjumörk og skal félagið ákveða gjaldskrá vegna þjónustu sinnar í samræmi við þau. Tekjumörkin taka mið af sögulegum rekstrarkostnaði, afskriftum fastafjármuna og leyfðri arðsemi sem Orkustofnun ákveður í upphafi tekjumarkatímabils og endurskoðar síðan árlega.

Orkustofnun sendi frá sér þrjár ákvarðanir um drög að arðsemiskröfu Landsnets árið 2014, þann 4. júlí um endurskoðun á arðsemi fyrir árið 2015 og þann 4. september og 6. nóvember um arðsemi fyrir árin 2011-2015. Þá lagði atvinnuvegaráðuneytið fram þann 4. nóvember breytingu á reglugerð 550/2012 um veginn fjármagnskostnað. Sú breyting hefur verið dregin til baka. Orkustofnun lagði einnig fram þrjár ákvarðanir á árinu um uppgjör tekjumarka fyrir árin 2011, 2012 og 2013, með fyrirvara um endanlega ákvörðun arðsemisviðmiða fyrir umrædd ár.

Stöðugleiki í ákvörðun tekjumarka og arðsemi er félaginu og viðskiptavinum þess mjög mikilvægur, sérstaklega í ljósi þeirra langtímaákvarðana sem rekstur á flutningskerfi raforku krefst.

Ný gjaldskrá fyrir flutningstöp og kerfisþjónustu

Gjaldskrá fyrir kerfisþjónustu hækkaði um 16,2% 1. janúar 2014 og um 69,1% fyrir flutningstöp. Ástæðan var fyrst og fremst hækkun markaðsverðs raforku og hélt sú þróun áfram á árinu.

Áhættustýring og áhættumat

Markmið áhættustýringar Landsnets er að tryggja samfelldan rekstur við hverjar þær aðstæður, sem upp kunna að koma, og stefna að ásættanlegri afkomu fyrirtækisins á hverjum tíma með tilliti til undirliggjandi áhættu í rekstrinum.

Á árinu var unnið að endurmati á heildaráhættumati fyrir starfsemi Landsnets. Markmiðið með gerð áhættumatsins er að skilgreina og kortleggja á skipulegan hátt þá áhættuþætti sem geta skapast í stafsemi fyrirtækisins, kanna möguleg áhrif þeirra á starfsemi þess og skipuleggja með hvaða hætti hægt sé að lágmarka áhrif þeirra. Undir áhættumatið fellur meðal annars mat á rekstraráhættu, mótaðilaáhættu og fjárhagslegri áhættu.

Rekstraráhætta er skilgreind sem hætta á neikvæðum áhrifum á afkomu fyrirtækisins. Hún lýtur meðal annars að atriðum er varða framleiðslu inn á kerfið, flutningskerfinu í heild, upplýsinga- og eftirlitskerfum, stjórnun, lagaumhverfi og samningum.

Mótaðilaáhætta er áhætta sem felst í því að gagnaðili fjármálasamnings eða annarra samninga, sem fyrirtækið gerir, uppfylli ekki ákvæði hans.

Fjárhagsleg áhætta lýtur fyrst og fremst að fjárhagslegum málefnum í starfsemi fyrirtækisins, það er áhættu á fjárhagslegu tapi á liðum innan og utan efnahagsreiknings, meðal annars vegna breytinga á markaðsvirði þessara liða. Þar falla undir breytingar á vöxtum, gengi gjaldmiðla og verðbólga. Skilgreind fjárhagsleg áhætta félagsins er markaðs-, lausafjár-, gengis- og verðtryggingaráhætta.

Markaðsmál

Unnið var að breytingum skilmála um flutningstakmarkanir (C6) og um stórnotendur á lægri spennu en 132 kV (B9). Skilmálarnir voru sendir fulltrúum í viðskiptamannaráði Landsnets í nóvember 2014 og teknir til kynningar og umræðu á viðskiptamannaráðsfundi í desember. Breytingar á skilmála B9 fela í sér mikilvæga aðlögun fyrir stórnotendur á lægri spennu sem við gildistöku geta valið að tengjast raforkukerfinu um dreifiveitu, að vissum skilyrðum uppfylltum. Breytingar á skilmála C6 voru uppfærðar til samræmis við fyrri ákvörðun Orkustofnunar um heimildir Landsnets til viðhaldsaðgerða í flutningskerfinu. Báðir skilmálarnir taka gildi á fyrri hluta árs 2015.

Lögum samkvæmt ber Landsneti að tryggja nægilegt reiðuafl[1] á hverjum tíma, stýra tíðni og spennu og tryggja lágmarksframboð reglunarafls[2] á reglunaraflsmarkaði. Með langtímasamningum við framleiðendur var tryggt að 100 MW reiðuafl væri fyrir hendi árið 2014.

Landsnet leggur áherslu á að auka fjölbreytni tilboða á reglunaraflsmarkaði.[3] Haldið var áfram tilraunum með símatilboð og aðrar sérlausnir á reglunaraflsmarkaði með það að markmiði að auka samkeppni og fjölga birgjum. Á árinu voru í gildi samningar um reglunaraflstryggingu[4] frá hausti 2013. Þrír aðilar tóku þátt í útboðinu og í kjölfarið komu á reglunaraflsmarkað nokkrar nýjar vinnslueiningar. Meðalverðið á tryggða MWst fyrir tímabilið var 336 krónur.

Kostnaður Landsnets vegna flutningstapa hélt áfram að hækka milli ára, eða um 65% frá árinu 2013. Skýringarnar eru annars vegar aukning flutningstapa og hins vegar hækkanir á meðalverði á grundvelli útboðs. Meðalverð raforku, sem Landsnet keypti vegna flutningstapa, hækkaði um 47% milli ára á grundvelli útboðs haustið 2013. Efnt var til útboðs haustið 2014 vegna innkaupa á rafmagni vegna flutningstapa fyrir árið 2015 en það leiddi til frekari hækkana (fór úr 3.047 kr/MWst í 3.762 kr/MWst) sem er 23% meðaltalshækkun milli ára á innkaupsverði raforku vegna flutningstapa.

Á undanförnum árum hefur Landsnet unnið að opnun íslensks raforkumarkaðar, ISBAS. Opnun uppboðsmarkaðar fyrir raforku er stórt skref og því er mikilvægt að markaðsaðilar sjái sér hag í að vera virkir þátttakendur í slíkum markaði frá upphafi.

Upprunaábyrgðir raforku

Landsnet hefur gefið út upprunaábyrgðir raforku (græn skírteini) frá árinu 2012 en með slíkri ábyrgð er staðfest að orkan sé framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum, þ.e. vatnsorku eða jarðvarma. Útgáfan jókst talsvert milli áranna 2012 og 2013 en var stöðugri á árinu 2014. Heildarútgáfa upprunaábyrgða Landsnets var um 10 milljónir skírteina árið 2014 en var 13 milljónir skírteina árið áður.

Landsnet hefur tvisvar lækkað gjaldskrá sína frá því að útgáfan hófst. Upphaflega nam gjald fyrir hvert útgefið skírteini 7 krónum sem var lækkað í 4,30 krónur í október 2013. Þann 1. maí 2014 var gjaldskráin lækkuð í 3,60 krónur og telst hún mjög sambærileg við það sem gengur og gerist hjá öðrum útgefendum í Evrópu.

Á árinu héldu Landsnet og finnska fyrirtækið Grexel, sem er þjónustuaðili Landsnets á sviði upprunaábyrgða, vel heppnaðan kynningarfund fyrir söluaðila upprunaábyrgða á Íslandi. Landsnet hefur einnig kynnt grænu skírteinin og það regluverk, sem um þau gildir, fyrir áhugasömum kaupendum innan orkugeirans og tekið virkan þátt í starfi Evrópusamtaka útgefenda upprunaábyrgða (AIB) allt frá því að útgáfa þeirra hófst á vegum Landsnets.

1) Varaafl sem er tengt raforkukerfinu og er tiltækt án fyrirvara.
2) Það afl sem Landsnet útvegar til að jafna frávik milli áætlaðrar aflnotkunar og raunverulegrar aflnotkunar í raforkukerfinu í heild.
3) Innkaupsmarkaður Landsnets fyrir reglunarafl.
4) Reglunaraflstrygging tryggir lágmarksframboð á reglunaraflsmarkaði.





Innkaup og birgðahald

Áhersla var lögð á að endurskoða innkaupaumhverfi Landsnets árið 2014 og voru útboðsgögn og innkaupaferlar tekin til endurskoðunar og aukin áhersla lögð á samningskaup og notkun á FIDIC samningsstaðlinum. Fjöldi útboða á árinu 2014 var mun minni en árið áður, eða 3 á móti 15, sem kom fyrst og fremst til vegna frestunar á verkefnum.

Í birgðahaldi var unnið að breytingum á lagerkerfi og innleiddar handtölvur við tiltekt á lager félagsins á Gylfaflöt. Eldsumbrotin norðan Vatnajökuls settu svip sinn á starf birgðahalds þar sem unnið var bæði innan Landsnets og með birgjum að því að tryggja skjótt aðgengi að varaefni kæmi til tjóns á raforkukerfinu vegna afleiðinga eldsumbrota.

Krefjandi ár og erilsamt

Árið 2014 var bæði krefjandi og erilsamt fyrir starfsfólk Landsnets og einkenndist allt frá fyrsta degi til þess síðasta af bráðaverkefnum til að tryggja afhendingu raforku til viðskiptavina.



Mikið var um truflanir og skemmdir á Austurlandi vegna þrálátrar norðaustanáttar, með mikilli ísingu og vindi, allt frá ársbyrjun og fram í marsmánuð. Voru aðstæður til viðgerða mjög erfiðar og má með sanni segja að línumenn Landsnets og aðrir hafi unnið þrekvirki við að koma flutningsmannvirkjum þar aftur í rekstur. Síðla vetrar þurfti að bregðast við endurteknum rekstrartruflunum á Vestfjörðum vegna illviðris. Þá hefur starfsfólk Landsnets verið í viðbragðsstöðu vegna hættu sem gæti skapast fyrir rekstur raforkukerfisins frá því að fréttir bárust í ágústmánuði um jarðhræringar í norðanverðum Vatnajökli.

Einnig var unnið að hefðbundnum viðhaldsverkefnum, verkefnum tengdum þróun flutningskerfisins, nýframkvæmdum og endurbótum á kerfisvörnum Landsnets. Stórt skref í þeim efnum var stigið undir árslok þegar varaaflsstöð Landsnets í Bolungarvík var tekin í notkun ásamt snjallnetsstýringum sem hafa gjörbreytt rekstraröryggi svæðiskerfisins á Vestfjörðum. Annar merkur áfangi á árinu var gerð umhverfisáætlunar kerfisáætlunar og var það í fyrsta sinn sem Landsnet fór með kerfisáætlun sína í gegnum feril umhverfismats áætlana. Í framhaldinu var m.a. hafist handa við mat á umhverfisáhrifum Sprengisandslínu en vísbendingar eru um það í umhverfisskýrslu kerfisáætlunar að tenging yfir hálendið, með styrkingu til vesturs og austurs, gæti verið álitleg leið til að ná fram styrkingu meginflutningskerfisins sem er nauðsynleg að mati Landsnets.

Þróun flutningskerfisins

Líkt og fyrri ár var mikil áhersla lögð á undirbúning styrkingar meginflutningskerfisins. Aukin óvissa og langur undirbúningstími einkennir þau verkefni og því er kapp lagt á að hefja undirbúning þeirra fyrr en tíðkast hefur, einkum vinnu við kerfisgreiningu, sértækar rannsóknir á veðurfari, kostagreiningu, leiðarval fyrir lagnaleiðir og skipulagsmál. Áhersla er lögð á að fylgja lögbundum verkferlum með það að markmiði að stytta undirbúningstíma viðkomandi verkefna þegar endanleg ákvörðun hefur verið tekin um framkvæmdir.

Kerfisáætlun í umhverfismat áætlana – meiri áhersla á samráð

Kerfisáætlun er ætlað að spá fyrir um nauðsynlega uppbyggingu flutningskerfisins og tryggja þannig að Landsnet og stjórnvöld hafi fulla yfirsýn yfir uppbygg-

Tillaga að mati á umhverfisáhrifum Sprengisandslínu var kynnt í opnu húsi, bæði norðanlands og sunnan.



Öflugt flutningskerfi raforku er mikilvægt fyrir atvinnulífið.

ingarþörf kerfisins svo tryggt sé að það geti annað þeim raforkuflutningum sem óskað er eftir.

Landsnet fór í fyrsta sinn með kerfisáætlun félagsins í gegnum umhverfismat áætlana árið 2014. Áhersla var lögð á að skapa umræðu og að fá athugasemdir sem fyrst í ferlinu við uppbyggingaráætlanir félagsins. Ákveðið var að nýta ferlið til að kynna fyrirliggjandi valkosti, án þess að velja á því stigi einn umfram annan, og afla þannig bæði mikilvægra upplýsinga og hafa rýmri tíma til að undirbúa mikilvægar ákvarðanir um þróun flutningskerfisins. Matslýsing kerfisáætlunarinnar var kynnt fyrir öllum sveitarfélögum, lögbundnum umsagnaraðilum og helstu hagsmunaaðilum. Öllum var heimilt að koma með ábendingar því mikilvægt var talið að fá sem flestar ábendingar um þetta fyrsta matsferli kerfisáætlunar þótt ekki væri í lögum um umhverfismat áætlana gerð krafa um kynningu og samráð um matslýsinguna. Á sambærilegan hátt kynnti Landsnet drög að umhverfisskýrslu ásamt tillögu að kerfisáætlun. Margvíslegar ábendingar og athugasemdir bárust sem brugðist var við en öðrum, sem ekki var hægt að bregðast við þar sem einn kostur var ekki valinn umfram annan, var vísað til næstu kerfisáætlunar sem nú er í vinnslu ásamt umhverfismati.

Það er mat Landsnets að umhverfismat kerfisáætlunarinnar uppfylli allar kvaðir sem koma fram í lögum, Evróputilskipunum og leiðbeiningum um umhverfismat áætlana. Fjallað er um helstu umhverfisáhrif valkosta í umhverfisskýrslunni; um loftlínu og jarðstreng, leiðarval og spennustig. Í skýrslunni er að finna þær upplýsingar sem þurfa að liggja fyrir til að unnt sé að taka upplýsta ákvörðun um hina ýmsu þætti kerfisáætlunarinnar. Vonast Landsnet til þess að með þessu nýja vinnulagi geti samráðsferli vegna nýframkvæmda hafist fyrr, snúist um meginvalkosti frekar en einstök verkefni þannig að meiri sátt skapist um nauðsynlega framtíðaruppbyggingu raforkuflutningskerfisins.

Kerfisgreining og hönnun

Að venju var á árinu unnið að mörgum og fjölbreyttum verkefnum er lúta að kerfisgreiningu og kerfishönnun,

auk athugana sem tengjast fyrirspurnum viðskiptavina og hagsmunaaðila. Þar má m.a. nefna greiningar vegna styrkingar landshlutakerfanna, leit að lausnum á flutningstakmörkunum í meginflutningskerfinu og greiningu á tengimöguleikum virkjunarkosta.

Undirbúningi nokkurra framkvæmda lauk á árinu og tengjast mörg þeirra verkefna aukinni strengvæðingu Landsnets á lægri spennu og endurnýjun eldri mannvirkja. Jafnframt var undirbúin tenging nýrra viðskiptavina í Helguvík og undirritað var samkomulag um raforkuflutninga við PCC BakkiSilicon hf. sem hyggst byggja kísilver á Bakka við Húsavík. Er það fyrsti samningur sem Landsnet gerir vegna fyrirhugaðrar iðnaðaruppbyggingar á Bakka og miðast samkomulagið við að starfsemin hefjist árið 2017.

Þá tók Landsnet þátt í nokkrum samfélagslegum verkefnum á vegum stjórnvalda, s.s. samráði vegna breytinga á raforkulögum, nefndarvinnu vegna raforkuöryggis á Vestfjörðum og raforkumála á Norðausturlandi.

Nýframkvæmdir

Fjárfestingar í flutningskerfinu námu tæplega 3,9 milljörðum króna árið 2014 sem er nokkuð lægri upphæð en árið á undan. Flest verkefnanna, sem unnið var að, eiga það sameiginlegt að vera fyrst og fremst til styrkingar. Ekki var mikið um stækkanir á flutningskerfinu en það gæti breyst á næstunni vegna tenginga viðskiptavina, bæði notenda og framleiðenda.

Framkvæmdum við byggingu nýs sameiginlegs tengivirkis Landsnets og Orkubús Vestfjarða í Bolungarvík og varaaflsstöð Landsnets lauk á haustmánuðum 2014. Lokahnykkur framkvæmdarinnar fólst í einhverjum umfangsmestu prófunum sem Landsnet hefur ráðist í, á bæði stöðinni sjálfri og nýju snjallnetskerfi. Varaaflsstöðin tryggir raforku til notenda þegar flutningur inn til Vestfjarða er skertur en snjallnetið styttir tíma straumleysis með aukinni sjálfvirkni og notkun á innbyggðri greind varnarbúnaðar. Stöðin og snjallnetið voru tekin í rekstur í lok nóvember og hafa þegar sannað gildi sitt í truflanarekstri. Opið hús var í stöðinni 15. desember og mættu hátt í 100 gestir, jafnt ungir sem aldnir, til að kynna sér af eigin raun þennan merka áfanga í uppbyggingu raforkukerfisins vestra.

Varaaflsstöð Landsnets í Bolungarvík.

Framkvæmdum við nýtt tengivirki Landsnets og Orkubús Vestfjarða á Ísafirði lauk sumarið 2014. Virkið er einnig mikilvægur hlekkur í snjallnetsvæðingu Vestfjarða og var það tekið formlega í notkun 3. september að viðstöddum iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Um árabil hefur Landsnet unnið að því að byggja Suðurnesjalínu 2 sem mun liggja frá Hafnarfirði út á Reykjanes og auka afhendingaröryggi raforku á Suðurnesjum. Sótt var um framkvæmdaleyfi hjá sveitarfélögunum fjórum, sem línan liggur um, í maí 2014 og var búist við að framkvæmdir gætu hafist síðsumars. Í árslok 2014 hafði eingöngu Reykjanesbær gefið út framkvæmdaleyfi. Nú er áformað að hefja vinnu við slóðagerð og undirstöður fyrir Suðurnesjalínu 2 sumarið 2015 og að reisa línuna á árinu 2016.

Vorið 2014 gerði Landsnet samning við United Silicon (USi) um flutning raforku til kísilvers sem byggja á í Helguvík. Kveður samningurinn á um að tengingin verði komin á 1. febrúar 2016. Verkefnið felur í sér nýjan rofa á Fitjum, 9 km langan 132 kV jarðstreng milli Fitja og Helguvíkur og nýtt tengivirki við Helguvík sem nefnt hefur verið Stakkur. Þrír 132 kV rofar verða í nýja tengivirkinu og tveir spennar, annar tengist kísilverinu og hinn í eigu HS Veitna. Gengið var frá samningum um kaup á jarðstreng og spenni vegna kísilversins árið 2014. Samið var við þýska fyrirtækið Nexans um jarðstrengskaupin og verður hann lagður sumarið 2015. Unnið er að að hönnun og undirbúningi streng-lagningarinnar í nánu samráði við þýska fyrirtækið og mun það jafnframt sjá um allar tengingar.

Framkvæmdir við nýtt tengivirki Landsnets á Akranesi hófust á árinu en tengivirki, sem er þar fyrir, er bæði gamalt og staðsett á svæði sem hefur verið skipulagt sem íbúðasvæði. Gamla tengivirkishúsið er eign Orkuveitu Reykjavíkur og samkvæmt samningi OR við Akraneskaupstað frá 2007 skal nýtt tengivirki rísa í

iðnaðarhverfinu vestar í bænum. Áætlað er að byggingarframkvæmdum verði lokið seinni hluta árs 2015 og að virkið verði spennusett í ársbyrjun 2016.

Selfosslína 3, ný 25 km löng 66 kV jarðstrengstenging, er fyrirhuguð milli Selfoss og Þorlákshafnar til að auka afhendingaröryggi raforku í Hveragerði, Þorlákshöfn og á Selfossi. Unnið var að hönnun jarðstrengsleiðar og nauðsynlegra breytinga í tengivirkjum á Selfossi og í Þorlákshöfn á árinu, ásamt skipulags- og leyfismálum. Þá var í lok ársins samið um innkaup á jarðstreng við sænska kapalframleiðandann NKT Cables AB og er lagning hans fyrirhuguð árið 2015.

Hellulína 2 frá árinu 1948, milli Hellu og Hvolsvallar, er með elstu línum í flutningskerfinu og þarfnast hún endurnýjunar. Unnið var að undirbúningi nýrrar 13 km langrar 66 kV jarðstrengstengingar á árinu sem mun leysa núverandi loftlínu af hólmi. Einnig var samið við sænska NKT Cables AB um innkaup á jarðstreng fyrir þetta verkefni og er lagning strengsins fyrirhuguð árið 2015.

Óskað var eftir færslu á Laxárlínu 1, sem er 66 kV loftlína í Fnjóskadal, á árinu þar sem hún væri fyrir væntanlegum vegi að gangamunna Vaðlaheiðarganga. Um 500 m kafli línunnar var lagður í jörð í haust. Í október var strengurinn svo spennusettur og línan rifin.

Nýr 220/132 kV, 100 MVA spennir fyrir tengivirkið í Fljótsdal kom til landsins vorið 2014 frá fyrirtækinu Tamini á Ítalíu. Spennirinn var kominn í rekstur um sumarið og í kjölfarið var annar spennanna, sem voru í stöðinni, sendur í viðgerð til Englands.

Framkvæmdum við stækkun tengivirkisins á Vatnshömrum lauk snemma á árinu 2014. Þar var komið fyrir 132/66kV aflspenni og tveimur nýjum rofareitum til að bæta afhendingaröryggið á Vesturlandi. Framkvæmdum var að mestu lokið fyrir árslok 2013 en frágangi og viðtökuprófunum Landsnets lauk í mars 2014.

Í ársbyrjun 2014 var spennu hleypt á flutningsmannvirki fyrir nýjan afhendingarstað raforku á Höfn í

Ný kynslóð háspennumastra hefur verið í þróun hjá Landsneti og Statnett í Noregi og er nú verið að smíða frumgerð tveggja nýrra mastra.

Hornafirði. Ýmis frágangsvinna var þá eftir, m.a. á skurðstæði strengs og lauk þeirri vinnu haustið 2014. Vorið 2015 verður efnt til umhverfisúttektar á verkinu í samræmi við stefnu Landsnets.

Frumgerðir tveggja nýrra háspennumastra í smíðum

Landsnet leggur áherslu á nýsköpun og þróun og ver árlega umtalsverðu fjármagni til slíkra verkefna. Þar á meðal er þróun nýrrar kynslóðar háspennumastra sem Landsnet hefur unnið að með Statnett í Noregi og innlendum og erlendum sérfræðingum en þar urðu kaflaskil árið 2014 þegar ákveðið var að hefjast handa við að smíða frumgerð tveggja þeirra mastursgerða sem hafa verið til skoðunar. Þar er annars vegar um að ræða mastur, sem nefnt hefur verið Fuglinn, þar sem brú/þverslá þess líkist fuglsvæng, og hins vegar mastur sem á að nota í þröngri línugötu. Báðar gerðirnar eru röramöstur þar sem notaðar eru lausnir sem ekki hafa áður verið notaðar í háspennumöstrum. Áætlað er að frumgerðirnar verði reistar á völdum stöðum í flutningskerfinu vorið 2015 en jafnframt er unnið áfram að þróun fleiri nýrra mastursgerða fyrir Landsnet.

Viðgerðar- og viðhaldsverkefni

Hefðbundin viðhaldsverkefni með reglubundinni ástandsskoðun á háspennulínum og viðhaldsverkefnum í tengivirkjum hófust í upphafi sumars jafnframt því sem undirbúa þurfti og ljúka fullnaðarviðgerðum á háspennulínum sem skemmdust fyrr um veturinn. Af einstökum verkefnum má t.d. nefna endurbætur á Vesturlínu, lokahnykk styrkingar Tálknafjarðarlínu, fullnaðarviðgerðir á háspennulínum sem skemmdust fyrr á árinu á Austurlandi og færslu Prestbakkalínu 1 vegna ágangs sjávar við Breiðamerkurlón. Nokkur stór viðhaldsverkefni frestuðust af ýmsum ástæðum fram á haustið svo sinna þurfti viðhaldsverkum við línur og tengivirki allt til loka ársins.

Árni Jón Elíasson, sérfræðingur hjá Landsneti, kynnir rannsóknarverkefni um ísingarspár á alþjóðaþingi Artic Circle í nóvember.

Áfram var unnið á árinu að þróun spálíkana um hleðslu ísingar á raflínur en væntingar eru til þess að ísingarspálíkanið nýtist við ákvarðanir um álagsforsendur sem og vöktun flutningskerfisins í daglegum rekstri í framtíðinni. Var staða verkefnisins m.a. kynnt á alþjóðaþingi Artic Circle sem fram fór í Hörpu í nóvemberbyrjun en rúmlega 1.300 þátttakendur frá 34 löndum sóttu þingið. Þá stendur yfir hjá Landsneti greining á áhrifum sæstrengs til Evrópu á raforkukerfið, þ.á m. kostnaði við strenginn, áhrifum hans á flutning og orkuvinnslu á Íslandi og á orkumarkað og verðlag.

Landsnet hefur staðið fyrir grunnrannsóknum á umhverfisþáttum sem hafa áhrif á uppbyggingu og rekstur raforkuflutningskerfisins. Fyrir vikið býr Landsnet yfir einstöku gagnasafni fyrir ákvarðanatöku um framtíðaruppbyggingu flutningskerfisins. Grunnrannsóknir verða stundaðar áfram af Landsneti enda mikilvægt að samfella haldist í slíkri vinnu.

Stigvaxandi rekstraráhætta

Afltoppur ársins mældist 4. desember og var hann 2.253 MW sem er 0,8% hærra gildi en árið áður. Heildarúttekt úr flutningskerfinu nam 17.481 GWst árið 2014 sem er 0,03% lækkun milli ára. Flutningstöp í kerfinu námu 2,06 % af innmötun, eða samtals 361 GWst, og lækkuðu því hlutfallslega um 3,38% milli ára.

Áraun á flutningskerfið jókst enn frekar á árinu 2014 og kom fram í vaxandi rekstraráhættu. Fjölga þurfti skilgreindum flutningssniðum í kerfinu sem eru undir stöðugri vöktun og eru þau nú orðin níu talsins (mynd 1). Vegna lónstöðu vatnsaflsvirkjananna þurfti að flytja orku í miklum mæli milli landshluta. Þá komu skýrt í ljós þær flutningstakmarkanir, sem kerfið býr við í dag, með tilheyrandi orkuskerðingum til notenda og stöðuleikavandamálum.

Aukin hætta er á straumleysi við truflanir ef flutningur um snið er nálægt eða yfir öryggismörkum eins og sést á mynd 2. Þar er sýndur orkuflutningur sex sniða fyrir



Mynd 1. Skilgreind flutningssnið ásamt öryggismörkum þeirra.



Mynd 2. Dagsmeðalgildi fyrir sex flutningssnið í raforkukerfinu yfir allt árið 2014. Rauða línan er viðmiðunarlína sem stjórnstöð Landsnets notar til að gera ráðstafanir ef orkuflutningur fer yfir hana.

allt árið 2014 þar sem flutningskerfið er rekið yfir öryggismörkum stóran hluta tímans. Við slíkar aðstæður þarf stjórnstöð Landsnets að fara fram á breytingar á vinnsluáætlunum framleiðenda, þ.e. hvar rafmagn er framleitt á landinu og þá eru einnig viðvarandi skerðingar á tilteknum landsvæðum. Áhættusamur rekstur af þessu tagi hefur því í för með sér óhagræði fyrir alla sem tengjast flutningskerfinu.

„Evrópumeistarar í kerfisvörnum"

Árið 2014 var aflflutningur eftir byggðalínunni yfir öryggismörkum 28% tímans, eða í um 2.456 klukkustundir. Orkan, sem flutt var yfir mörkum, var í heildina 294 GWst og er stöðugleika kerfisins ógnað þegar svo mikill flutningur fer yfir mörk sniðanna. Vegna fyrirvaralausra truflana skiptu kerfisvarnir Landsnets flutningskerfinu upp í tvær eyjur 11 sinnum árið 2014 og urðu notendur undantekningarlaust fyrir einhverjum óþægindum af þeim sökum. Samstarfsaðilar Landsnets í Evrópu eiga vart orð til að lýsa þeim stöðugleikavanda sem íslenska flutningskerfið býr við og tala um Íslendinga sem „Evrópumeistara í kerfisvörnum" en mikil vinna hefur verið lögð í að bæta kerfisvarnir Landsnets og koma sérfræðingar félagsins í varnarbúnaði víða að í rekstri flutningskerfisins.

Fjölgun fyrirvaralausra rekstrartruflana

Fyrirvaralausum rekstrartruflunum í flutningskerfinu fjölgaði nokkuð milli ára, eða úr 52 árið 2013 í 69 árið 2014. Bilunum fjölgaði einnig milli ára, eða úr 54 árið 2013 í 83 árið 2014 sem þýðir að fleiri en ein bilun kom fram í nokkrum tilvikum. Skráðum rekstrartruflunum fjölgaði verulega í tengivirkjum milli ára en truflunum í háspennulínum fjölgaði minna en í tengivirkjum. Skerðing[1] vegna fyrirvaralausra truflana í flutningskerfinu nam samtals 748 MWst sem samsvarar um 23 straumleysismínútum.

Helstu rekstrartruflanir, sem ollu skerðingu á afhendingu rafmagns til viðskiptavina, voru þessar:

Janúar 2014 einkenndist af mikilli ofankomu, ísingu og vindálagi á Austurlandi með tilheyrandi rafmagnstrufl-unum. Fljótsdalslína 2 leysti út[2] sex sinnum í mánuðinum vegna ísingar en þær orsökuðu ekki skerðingu, Vopnafjarðarlína 1 leysti út fjórum sinnum í mánuðinum og Eskifjarðarlína 1 og Fáskrúðsfjarðarlína 1 leystu út einu sinni hvor lína. Erfitt var að sinna bilanaleit og lagfæringum sökum ófærðar og vonskuveðurs og var því mikið notast við varaafl á Austurlandi umræddan mánuð. Heildarskerðing vegna þessara truflana var um 27 MWst.

- 13. janúar leysti Fitjalína 1 (MF1) út þegar verið var að vinna í stöðinni á Fitjum. Straumlaust varð í Grindavík og allar vélar í Svartsengi og á Reykjanesi leystu út. Skerðingin var metin um 20MWst.
- 15. janúar leysti Kópaskerslína 1 (KS1) út vegna framleiðslugalla í jarðstreng frá Þeistareykjum. Aftengja þurfti strenginn til að hægt væri að hleypa straum aftur á línuna og var skerðingin um 22 MWst.
- 8. febrúar varð umfangsmikil truflun á Austurlandi. Hún byrjaði með útleysingu á 132 kV spenni í Sigöldu vegna raka í tengiboxi og við það skiptist raforkukerfið upp í tvær eyjur,[3] undirtíðni skapaðist í kerfinu og þá fór út álag hjá tveimur notendum vestureyjunnar. Þá leysti út vél á Austurlandi sem olli mikilli undirtíðni í austureyjunni – og þar með útleysingu stóriðjuálags. Illa gekk að koma kerfinu aftur saman og varð skerðingin nokkuð mikil, eða um 218 MWst, þar sem stóriðjuálag var lengi úti.
- 12. febrúar gekk ísingarveður yfir Vestfirði sem olli því að Mjólkárlína 1 (MJ1) leysti út. Innsetningar báru ekki árangur og var því varaafl ræst. Stuttu eftir að viðgerð lauk um kvöldið á MJ1 leysti

1) Skert raforka er raforka sem ekki er unnt að afhenda einum eða fleiri notendum vegna bilunar í raforkukerfinu, breytinga á því, viðhaldsvinnu eða takmarkana í flutningsgetu.
2) Hætti að flytja rafmagn.
3) Tímabundinn rekstur tveggja eða fleiri hluta flutningskerfisins sem hafa verið rofnir frá hvor öðrum og eru þar með ekki samfasa.


Straumleysismínútur vegna fyrirvaralausra rekstrartruflana
2014
22.9
11
2013
17.9
4.8
2012
179.9
2.4
2011
27.2
0.3
2010
10.3
17.4
2009
31.8
28.3
2008
66.9
9
2007
103.7
18.2
2006
58.8
0.2
2005
73.6
0.9
0
50
100
150
200
Straumleysis-mínútur
Vegna truflana í flutningskerfi LN
Vegna truflana hjá öðrum veitum


Fjöldi fyrirvaralausra bilana í flutningskerfi Landsnets
2014
83
2013
56
2012
100
2011
61
2010
50
2009
58
2008
111
2007
57
2006
54
2005
31
0
20
40
60
80
100
120


Dægursveifla á afli
MW
2.300
2.200
2.100
2.000
1.900
1.800
1.700
1.600
1.500
00:00
01:00
02:00
03:00
04:00
05:00
06:00
07:00
08:00
09:00
10:00
11:00
12:00
13:00
14:00
15:00
16:00
17:00
18:00
19:00
20:00
21:00
22:00
23:00
Klst.
Innmötun á degi mesta orkuflutnings 12. des. 2014
Útmötun á degi mesta orkuflutnings 12. des. 2014
Innmötun á degi minnsta orkuflutnings 13. apríl 2014
Útmötun á degi minnsta orkuflutnings 13. apríl 2014

Breiðadalslína 1 (BD1) út vegna vindálags og ísingar. Bilunin fannst um nóttina en slæm færð og vont veður gerðu viðgerðarmönnum erfitt um vik og lauk viðgerð ekki fyrr en fjórum dögum seinna. Skerðing vegna þessarar truflunar var um 35 MWst.

- 21. mars varð bilun í 66kV spenni á Vatnshömrum. Ekki tókst að ræsa varaafl og því varð straumlaust í svæðiskerfinu á Vesturlandi. Skerðingin var metin um 22 MWst.
- 5.-9. maí urðu nokkrar útleysingar á stóriðjuálagi og skiptu kerfisvarnir Landsnets flutningskerfinu þá upp í tvær eyjar. Einnig leystu undirtíðnivarnir út álag til að koma tíðninni aftur í 50Hz. Heildarskerðing vegna þessara tilfella var metin um 92 MWst.
- 24. maí leystu undirtíðnivarnir Landsnets út álag í kjölfar þess að 105 MW af vélarafli leystu út á Suðvesturlandi. Var skerðing metin um 56 MWst.
- 18. júní varð truflun í raforkukerfinu sem tengdist uppfærslu Orkustjórnkerfisins (OSK). Sjálfvirk AGC tíðnistýring (Automatic Generation Control) sendi röng gildi með þeim afleiðingum að mikil undirtíðni varð í kerfinu með tilheyrandi útleysingu á álagi. Skerðingin var metin um 320 MWst.
- 3. ágúst leysti stóriðjuálag út fyrirvaralaust og virkjaði undirtíðniútleysingar í kerfi Landsnets. Skerðingin var metin um 98 MWst.
- 3. október gekk eldingaveður yfir Suðurland og sló eldingu niður í Sigöldulínu 4 (SI4) og Prestbakkalínu 1 (PB1). Til að fyrirbyggja aflsveiflur á milli svæða skiptu kerfisvarnir Landsnets raforkukerfinu upp í tvær eyjar. Undirtíðnivarnir leystu líka út álag til að koma tíðninni aftur í eðlilegt horf. Skerðingin var metin um 48 MWst.

Upplýsingatækni æ mikilvægari

Landsnet treystir á hröð og örugg fjarskipti, skilvirk upplýsingakerfi og vel menntaða sérfræðinga í upplýsingatækni. Félagið leggur metnað í að nýta tæknilausnir til að bæta rekstraröryggi flutningskerfisins og skapa skilvirkt starfsumhverfi. Áfram var unnið að snjallnetsvæðingu fyrirtækisins og m.a. útfært kerfi sem greinir þegar álag leysir fyrirvaralaust

Landsnet leggur metnað í að nýta upplýsingatækni sem best til að bæta rekstraröryggi flutningskerfisins og skapa skilvirkt starfsumhverfi.

Með Landsnets snjallsímaforritinu er alltaf hægt að vera með puttann á púlsi flutningskerfisins og fylgjast með fréttum og tilkynningum.

út og bregst samstundis við með því að stilla vélar kerfisins þannig að líkur á útleysingum minnki. Einnig var unnið að lausn til að gera kerfinu kleift að leysa út skerðanlegt álag með notkun Tetra fjarskipta á svæðum þar sem ekki eru til staðar fullkomlega áreiðanlegar samskiptaleiðir.

Upplýsingakerfi og fjarskipti standa frammi fyrir ógn úr mismunandi áttum. Yfirvofandi náttúruvá vegna umbrota í Bárðarbungu hefur kallað á undirbúning og endurskoðun fjarskiptaleiða. Innbrot og árásir er önnur tegund ógna sem taka þarf tillit til og fer reglulega fram öryggisúttekt á upplýsingainnviðum félagsins. Þá á Landsnet ágætis samstarf á sviði upplýsingatækni við önnur raforkuflutningsfyrirtæki í Evrópu og var m.a. farið í nýtt samstarfsverkefni á árinu þar sem mæld var frammistaða og kostnaður átta raforkuflutningsfyrirtækja vegna upplýsingatæknimála.

Landsnets-appið

Umtalsverðar breytingar voru gerðar á árinu á rafrænni þjónustu við viðskiptavini Landsnets. Þjónustuvefur félagsins (Amper) var endurnýjaður og einnig áætlunarkerfi um rof og vinnu. Þá var á árinu lokið innleiðingu nýs skjala- og hópvinnukerfis sem m.a. er nýtt í samvinnuverkefnum með utanaðkomandi aðilum. Þá var gefið út snjallsímaforrit (app) fyrir Android og iOS þar sem hægt er að skoða raforkuflutning eftir flutningslínum kerfisins, lykiltölur úr rekstrinum og sjá nýjustu fréttir og tilkynningar úr rekstri Landsnets.

Í sátt við umhverfi og samfélag



Landsneti ber að tryggja öryggi raforkuafhendingar og hagsmuni neytenda, stuðla að eflingu byggðar, verðmætasköpun og nýtingu endurnýjanlegrar orku í landinu. Flutningskerfið gegnir einnig mikilvægu hlutverki við að ná markmiðum Íslands í umhverfis- og loftslagsmálum. Þar skiptir umhverfisvæn raforkuframleiðsla gríðarlega miklu máli en fjárfestingar í flutningskerfinu gera samfélaginu kleift að tengja raforkuframleiðendur við markaðinn.

Engin alvarleg umhverfisóhöpp urðu í starfsemi Landsnets árið 2014. Hefur félagið einsett sér að vinna að stöðugum umbótum í þeim efnum, enda vottað samkvæmt kröfum alþjóðlega umhverfisstjórnunarstaðalsins ISO 14001, og vinna að umhverfismálum samofnum daglegum störfum.

Mat á umhverfisáhrifum og umhverfisúttektir

Umhverfisáhrif kerfisáætlunar Landsnets voru metin í fyrsta sinn á árinu samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana. Þá var unnið að mati á umhverfisáhrifum tveggja nýframkvæmda, auk þess sem nokkrar fyrirspurnir um matsskyldu voru sendar opinberum aðilum.

Landsnet tekur virkan þátt í skipulagsgerð sveitarfélaga sem lögbundinn umsagnaraðili. Með því er reynt að stuðla að því að skipulag taki tillit til helgunarsvæða flutningsmannvirkja og áformaðra framkvæmda í flutningskerfinu.

Framkvæmdir hafa ýmis umhverfisáhrif í för með sér, t.d. vegna framleiðslu íhluta kerfisins og þeim fylgir ýmiss konar jarðrask, s.s. við slóðagerð, lagningu jarðstrengja og uppsetningu háspennumastra. Önnur umhverfisáhrif eru huglægari, t.d. sýnileiki mannvirkja, og þannig háð samþykki samfélagsins. Rétt er að minna á að sýnileiki loftlína er að mestu leyti afturkræfur og að einfaldasta og skilvirkasta aðferðin til þess að minnka sýnileika loftlína er að velja línuleiðir þannig að sjónræn áhrif verði sem minnst.

Strangar kröfur varðandi umhverfismál eru hluti af útboðsgögnum allra fjárfestingarverkefna Landsnets og hafa verkefnastjórar félagsins góða þekkingu á



Bein og óbein losun gróðurhúsalofttegunda vegna raforkuflutnings árið 2014. Myndin sýnir hvernig losunin gróðurhúsalofttegunda skiptist á milli mismunandi uppsprettna.

Starfsemi	tonn CO_2 ígilda
Losun gróðurhúsalofttegunda frá eigin starfsemi:	
Varaaflskeyrslur	16058
SF_6	1997
Eigin bílar, tæki og vélar:	
Bensín	36
Dísil	273
SAMTALS:	**18364**
Óbein losun gróðurhúsalofttegunda:	
Töp í raforkuflutningskerfinu	3685
Flugferðir innanlands	50
SAMTALS:	**3735**

Tafla 1. Losun gróðurhúsalofttegunda frá eigin starfsemi Landsnets.

þeim. Á verktíma er eftirlit með þessum þætti framkvæmdar sem öðrum og við verklok stendur Landsnet fyrir sérstakri úttekt á frágangi og viðskilnaði verksins m.t.t. umhverfismála. Taka helstu hagsmunaaðilar þátt í þeim, svo sem fulltrúar eftirlitsstofnana, landeigenda og sveitarfélaga.

Umhverfisáhrif frá daglegri starfsemi

Losun mengandi efna frá daglegri starfsemi raforkuflutningskerfisins er lítil. Hún tengist helst gróðurhúsalofttegundum en einungis allra nauðsynlegustu efnavörur eru meðhöndlaðar og geymdar í tengivirkjum félagsins. Þar er um að ræða einangrunarefni fyrir rafbúnað og sýrurafgeyma sem tryggja vararafmagn fyrir tengivirkin. Einangrunarefnin eru annars vegar mjög hrein olía sem kælir líka rafbúnaðinn (ekki merkingarskyld samkvæmt efnalögum) og hins vegar brennisteinshexaflúoríð (SF_6) en það er jafnframt mjög öflug gróðurhúsalofttegund.

Kolefnisspor Landsnets og loftslagsbreytingar

Kolefnisspor Landsnets árið 2014 (bein losun gróðurhúsaáhrifa án tillits til kolefnisbindingar vegna landgræðslu) var ígildi 18.364 tonna af koldíoxíði (CO_2). Helstu áskoranir vegna losunar gróðurhúsalofttegunda

í starfsemi Landsnets eru vegna innkaupa af varaafli og leka á einangrunargasinu brennisteinshexaflúoríði (SF_6) af rafbúnaði. Nemur hluti þessara þátta ríflega 98% af kolefnisspori starfseminnar. Óbein losun gróðurhúsalofttegunda er að mestu leyti vegna raforkutapa í flutningskerfinu (tafla 1).

Losun gróðurhúsalofttegunda vegna innkaupa á varaafli stafar af raforkuframleiðslu í dísilknúnum rafstöðvum (varaaflsstöðum) sem eru gangsettar ef afhending raforku bregst vegna truflana eða viðhalds í flutningskerfinu. Bætt afhendingaröryggi á stöðum, sem þurfa að reiða sig á varaafl, er því eina leiðin til þess að lækka kolefnisspor vegna varaafls. Þá hefur Landsnet unnið ötullega að því á undanförnum árum að lágmarka losun brennisteinshexaflúoríðs (SF_6). Stór áfangi náðist á árinu með byggingu nýs tengivirkis á Ísafirði og niðurrifi gamla virkisins þar sem menn höfðu lengi glímt við illviðráðanlegan leka en á móti kom nýr lekastaður í ljós í tengivirki í Hrauneyjum. Þrátt fyrir það var þróunin í þessum málaflokki jákvæð á árinu því leki ársins var 0,34% af heildarmagni gass í kerfinu en var 0,51% árið 2013. Þessi árangur er töluvert undir kröfum sem gerðar eru til þéttleika á nýjum búnaði (0,5%) og verður áfram unnið að því að lágmarka allan leka í gasfylltum rafbúnaði, með vöktun, viðhaldi og vönduðum vinnubrögðum.

Kolefnisspor vegna raforkutapa er tilkomið vegna framleiðslu á þeirri raforku sem tapast í flutningskerfinu. Þar vegur aukið hlutfall jarðvarma í raforkuframleiðslu á Íslandi langþyngst þar sem jarðvarmavirkjanir hafa stærra kolefnisspor en vatnsaflsvirkjanir. Það er tæknilega erfitt fyrir Landsnet að minnka töpin svo nokkru nemi við núverandi aðstæður þar sem flutningskerfið er að stórum hluta mjög lestað. Með því að hækka spennuna á kerfinu væri aftur á móti hægt að flytja sama magn af orku með lægri straum og þannig væri hægt að minnka töpin því þau eru háð straumnum. Ef minnka á kolefnisspor vegna raforkutapa þyrfti því að endurbyggja byggðalínuna og hækka flutningsspennu.

Við útreikning á losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi Landsnets eru notuð raungögn um leka á SF_6 og innkaup á jarðefnaeldsneyti fyrir bifreiðar og tæki. Tölur um kolefnisspor vegna varaafls byggja á gögnum um fjölda framleiddra megavattsstunda og eldsneytisnotkun dísiltúrbína. Niðurstöðurnar eru umreiknaðar í koldíoxíðígildi (CO_2) með því að nota stuðla frá Umhverfisstofnun, þá sömu og notaðir eru við vinnslu bókhalds vegna loftlagssamnings Sameinuðu þjóðanna. Fjöldi flugferða starfsfólks innanlands er notaður til að áætla losun gróðurhúsalofttegunda, m.a. út frá upplýsingum frá flugfélögum og Orkuspánefnd, en millilandaflug og kolefnisspor innviða flutningskerfisins eru ekki með í þessum niðurstöðum (t.d. stál, ál og steypa).

Viðraði vel fyrir landgræðsluverkefni

Samstarf Landsnets og Landgræðslunnar um uppgræðslu örfoka lands sunnan Langjökuls og í Víðidal á Fjöllum var með hefðbundnu sniði sumarið 2014. Unnið var að landgræðslu á tæplega 160 hekturum lands með dreifingu á áburði og fræi og gekk vel enda tíðarfar hagstætt til landgræðslu, hlýtt og vætusamt.

Öryggið í öndvegi



Öryggismál, bæði persónuöryggi og rekstraröryggi flutningskerfisins, hafa alltaf verið í öndvegi hjá Landsneti enda samþáttuð í þeim öryggisbrag sem mótast hefur hjá félaginu þann áratug sem það hefur starfað.



Eitt slys er einu slysi of mikið hjá Landneti og endurspeglast sú áhersla í svokallaðri „núll-slysastefnu“ félagsins þar sem meginmarkmiðið er að allir starfsmenn og þeir sem starfa á vegum Landsnets snúi heim heilir á húfi að vinnudegi loknum. Eitt fjarveruslys[1] varð hjá Landsneti árið 2014 en þar fór betur en á horfðist og telst óhappið minniháttar.

Slysatíðni lækkar milli ára

Þrátt fyrir umrætt óhapp lækkaði slysatíðnin hjá Landsneti (svokallaður H-stuðull[2]) og var hún 0,68 í árslok 2014 miðað við 200 þúsund vinnustundir á móti 2,07 árið áður. Lækkunin skýrist bæði af fækkun slysa og fjölgun heildarvinnustunda hjá Landsneti ásamt markvissri þjálfunarstefnu í öryggismálum.

Á starfsfólk Landsnets hrós skilið fyrir frammistöðuna því samanburður við önnur fyrirtæki með svipað starfsumhverfi er Landsneti mjög í hag. Þrátt fyrir þetta þarf að gera betur ef markmið Landsnets um „núll-slys“ á að nást en kappkostað er að skrá öll atvik, hversu léttvæg sem þau eru, svo bregðast megi við þeim með forvörnum. Hefur skráning á öryggisatvikum aukist ár frá ári sem er jákvætt því meiri og betri upplýsingar auðvelda Landsneti að fyrirbyggja óhöpp.

Útgáfa og öryggisstaðlar

Öryggishandbók Landsnets er hornsteinninn í öryggisstjórnun félagsins og er hún í stöðugri þróun. Önnur fyrirtæki hafa sýnt því áhuga að fá að nýta efni bókarinnar fyrir eigin öryggishandbók og hefur Landsnet brugðist vel við slíkum erindum enda gott fyrir alla að samræma vinnubrögð.

Landsnet gaf út leiðbeiningarritið Svona gerum við árið 2014 þar sem fjallað var um fyrirkomulag og öryggismál í starfsstöðvum Landsnets. Ritið setur hönnuðum og rekstraraðilum ákveðin viðmið, m.a. við hönnun nýrra mannvirkja og samræmingu öryggismála í starfsstöðvum Landsnets og er þegar komin góð reynsla af útgáfu þess.

Rúmt ár er frá því að öryggisstaðallinn OHSAS 18001 var tekinn upp hjá Landsneti. Góð reynsla er af þessu

Fjarveruslysatíðni hjá Landsneti miðað við 200.000 vinnustundir



1) Slys sem valda fjarveru frá vinnu í meira en einn dag frá slysadegi.
2) H stendur fyrir hyppighet, eða tíðni.

fyrsta ári og ljóst að staðallinn skerpir á öryggisvitund starfsfólks og skilar betri árangri í öryggismálum. Mjög góð reynsla er einnig af notkun vottaðs rafmagnsöryggisstjórnunarkerfis (RÖSK) sem unnið hefur verið eftir um nokkurn tíma hjá Landsneti.

Neyðarstjórn Landsnets

Neyðarstjórn Landsnets fylgist grannt með öllum hættum sem geta haft áhrif á rekstur raforkuflutningskerfisins og þar eru fjölmörg málefni tekin til úrlausnar, möguleg vátilfelli rædd og leitað lausna. Framan af ári var starfsemi neyðarstjórnarinnar hefðbundin en síðari hluti ársins var hins vegar mjög annasamur vegna jarðhræringanna í norðanverðum Vatnajökli sem óttast var að gætu skapað mikla hættu fyrir resktur raforkukerfisins. Forvarnarvinnan var í reynd ein stór neyðarstjórnaræfing sem reyndi mjög á alla stjórnendur og starfsfólk Landsnets. Fátt kom þó á óvart í þeirri vinnu enda hafði neyðarstjórn Landsnets æft nánast sömu atburðarárs tíu mánuðum fyrr þegar æft var hvernig bergðast skyldi við vá sem steðjaði að raforkuflutningskerfinu vegna jarðhræringa í Vatnajökli.

Aukin þátttaka í neyðarsamstarfi raforkukerfisins

Neyðarsamstarf raforkukerfisins (NSR) er samvinnuvettvangur Landsnets, vinnslufyrirtækja, dreifiveitna, stórnotenda og opinberra aðila vegna vár sem gæti steðjað að vinnslu, flutningi eða dreifingu raforku á Íslandi. Markmiðið er að veita aðstoð og samræma aðgerðir í vá og hefur þátttaka aukist með hverju árinu sem líður. Þrír NSR fundir voru haldnir árið 2014 þar sem fjölmargir sérfræðingar fluttu erindi tengd raforkukerfinu og rekstri þess. Var einn fundanna haldinn að ósk atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins þar sem farið var yfir stöðu náttúruhamfaranna í Vatnajökli og undirbúning viðbragða hjá NSR þátttakendum vegna þeirrar alvarlegu stöðu sem komið gæti upp.

Norrænn vettvangur fyrir samstarf og aðstoð

Nordisk Berednings Forum *(NordBER)* er vettvangur raforkuflutningsfyrirtækja og orkustofnana á Norðurlöndunum um rekstraröryggismál. Þátttökulöndin deila þekkingu og veita aðstoð yfir landamæri, auk þess sem haldnar eru sameiginlegar æfingar vegna ýmissa vátilfella. Töluverð gróska er í starfsemi NordBER en Landsnet og Orkustofnun eru þátttakendur fyrir hönd Íslands. Fer starfsemin að mestu fram á þremur árlegum samráðsfundum, auk þess sem sérstakar vinnunefndir fást við afmörkuð verkefni. Samstarf Norðurlandanna á sér nokkra sögu. Það hófst fyrir um 18 árum þegar orkustofnanir fjögurra Norðurlanda hófu samstarf um rekstraröryggi raforkukerfa undir nafninu NMK *(Nordisk Myndighetsgrupp för kraftförsörjningsberedskap)*. Nokkrum árum seinna varð til samráðsnefnd raforkuflutningsfélaganna, NEF *(Nordisk Elberedskabs Forum)*, en 2006 var þessum tveimur samstarfshópum slegið saman undir nafni NordBER.

Markviss uppbygging mannauðsmála

Markvisst hefur verið unnið að uppbyggingu mannauðsmála hjá Landsneti til að tryggja öfluga liðsheild sem tekist getur á við framtíðaráskoranir fyrirtækisins. Áhersla er lögð á þjálfun og þekkingu, endurskipulagningu mannauðsferla og markvissari og betri upplýsingar fyrir stjórnendur.

Starfsfólk Landsnets er vel menntað og býr yfir sérhæfðri þekkingu. Fjölmennustu hóparnir eru með rafiðnmenntun og háskólanám á sviði verk- og tæknifræði. Einnig má nefna viðskiptafræði, tölvunarfræði, hagfræði, félagsvísindi og lögfræði, svo dæmi séu tekin.

Í árslok 2014 voru starfsmenn Landsnets samtals 120, þar af voru 80% starfsmanna karlar en 20% konur. Karlar voru 67% stjórnenda og konur 33%. Níu starfsmenn voru ráðnir til starfa hjá félaginu á árinu og gert er ráð fyrir aukinni starfsmannaveltu á næstu árum sökum aldurstengdra starfsloka.

Mikilvægt að viðhalda sérþekkingu

Um fimmtungur starfsmanna Landsnets er 60 ára og eldri og standa sumar deildir frammi fyrir því að stór hluti starfsmannanna er kominn á seinni hluta starfsævinnar. Ráðningar eru hafnar á yngra fólki en nokkurn tíma tekur að þjálfa sérhæft starfsfólk.

Vegna viðhalds og viðgerða á flutningskerfinu er áfram horft hjá Landsneti til samstarfs við önnur orkufyrirtæki og verktaka. Jafnframt er þó ljóst, samfara minnkandi þekkingu umræddra aðila á flutningskerfinu og sérhæfðum störfum því tengdu, að Landsnet þarf í auknum mæli að viðhalda og byggja upp kunnáttu og hæfni til að sinna sínum málum án utanaðkomandi aðstoðar.

Ötult þjálfunar- og fræðslustarf

Mikil áhersla er lögð á þjálfun og fræðslu starfsfólks og var Landsnet í hópi átta fyrirtækja sem tilnefnd voru til menntaverðlauna atvinnulífsins árið 2014.

Markmið Landsnets er að stuðla að stöðugum umbótum í rekstrinum með því að tryggja sem best að starfsfólkið hafi til að bera þá hæfni og þekkingu sem þarf til að takast á við verkefni dagsins og framtíðaráskoranir fyrirtækisins. Stuðst er við þarfagreiningar við gerð þjálfunaráætlana fyrir bæði einstaklinga, hópa og







Árið var krefjandi og erilsamt hjá starfsfólki Landsnets, þar á meðal hjá þessum vaska hópi sem mannar starfsstöð Landsnets á Egilsstöðum.

deildir áður en gefin er út þjálfunaráætlun „Landsnet-sakademíunnar" sem endurspeglar sérhæfða starfsemi fyrirtækisins. Almenn ánægja hefur verið meðal starfsfólks með þá fjölbreyttu fræðslu, sem er í boði, til að auka bæði starfstengda og persónulega hæfni.

Hvað ungur nemur

Sumarið 2014 fengu 43 framhaldsskólanemar og 22 háskólanemar sumarvinnu hjá Landsneti. Áhersla er lögð á að háskólanemar fái tækifæri til að takast á við raunverkefni á sínu námssviði og vill Landsnet með þessu leggja sitt af mörkum til samfélagsins.

Lakara heilsufar

Heilsa starfsfólks Landsnets var verri árið 2014 en undanfarin ár því hlutfall veikindadaga hækkaði úr 1,73% árið 2013 í 2,49 %. Markmið Landsnets að vera undir 2% náðist því ekki í árið 2014 þrátt fyrir að fyrirtækið stuðli að forvörnum, meðal annars með læknisþjónustu fyrir starfsfólk.

Raforkukerfið er lífæð Íslands

Án raforku stöðvast samfélagið því allt er háð rafmagni á einn eða annan hátt. Öflugt flutningskerfi er forsenda þess að hægt sé að tryggja öllum landsmönnum raforku og verða við óskum um örugga orkuafhendingu hvar sem er á landinu.

Með iðnaðaruppbyggingu á suðvesturhorni landsins á sjöunda áratug síðustu aldar hófst markviss uppbygging flutningskerfis raforku á Íslandi. Fyrir þann tíma skiptist landið í nokkur einangruð kerfi – eða eyjar með óviðunandi rekstraröryggi og meiri þjóðhagslegum kostnaði.

Uppbygging innviða

Eins og hringvegurinn á sínum tíma skipti lagning byggðalínuhringsins á árunum 1972 til 1984 sköpum fyrir búsetu og atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni. Lagning hennar er eitt mesta umhverfisátak sem ráðist hefur verið í hér á landi. Verulega dró úr gróðurhúsaáhrifum þegar umhverfisvæn innlend orka, framleidd með vatnsafli eða gufu, leysti af hólmi dísilrafstöðvar knúnar með innfluttri olíu. Nú, 30 árum eftir að síðasti áfangi byggðalínuhringsins var tekinn í notkun þann 10. nóvember 1984, einkenna flutningstakmarkanir og óstöðugleiki rekstur byggðalínunnar og hamla uppbyggingu víðs vegar um landið.

Óviðunandi staða

Landsnet hefur m.a. mætt þessari erfiðu stöðu með alls kyns hátæknilausnum en miklu lengra verður ekki komist á þeirri braut. Mjög erfitt er því orðið að takast á við stór áföll og æ algengara að skipta þurfi rekstrinum upp í eyjar til að verja kerfið áföllum og lágmarka áhættu. Tjónum, t.d. á rafbúnaði, hefur fjölgað umtalsvert síðustu misserin, samkeyrsla vatnsmiðlana er erfið og oft þarf að keyra atvinnustarfsemi á olíu með tilheyrandi mengun og kostnaði. Verði ekkert að gert mun þjóðhagslegur kostnaður vegna flöskuhálsa í flutningskerfinu hlaupa á milljörðum króna árlega.

Tenging til framtíðar

Til að efla meginflutningskerfið – þessa lífæð Íslands – og bæta afhendingaröryggi verður að líta til lengri framtíðar – horfa á heildarmyndina. Í kerfisáætlun Landsnets 2014-2023 eru settar fram þrjár hugsanlegar leiðir til að tengja betur raforkukjarnann á Suðurlandi við norðurhluta landsins.

- Kostur A er svokölluð T-lausn með tengingu yfir Sprengisand og styrkingu til vesturs og austurs.
- Kostur B gerir ráð fyrir að ný byggðalína verði reist hringinn í kringum landið.
- Kostur C gerir ráð fyrir hálendistengingu og styrkingu til austurs og á vesturhluta landsins.

Kostur A



Kostur B



Kostur C



▲ Tengivirki — Meginflutningskerfi

Flutningskerfið á Suðvesturlandi er öflugt og sterkt en annars staðar á landinu er úrbóta þörf. Til að stór sem smá byggðarlög geti dafnað á landsbyggðinni þarf að vera hægt að flytja meiri orku um kerfið en sú uppbygging hefur ekki komist á skrið.

Flutningskerfið

Á Íslandi er aðeins eitt skilgreint flutningskerfi raforku en mörg svæðisbundin dreifikerfi. Landsnet á og rekur allar meginflutningslínur rafmagns á Íslandi. Lengd línukerfis félagsins er um 3.200 km og til þess teljast línur sem eru með 66 kV spennu og hærri auk nokkurra 33 kV lína. Til flutningskerfisins teljast einnig öll helstu tengivirki á Íslandi. Hæsta spenna í rekstri flutningskerfisins hér á landi er 220 kV. Stór hluti kerfisins er á 132 kV spennu en hluti á 66 kV og 33 kV. Þá eru línur á Suðvesturlandi og Austurlandi byggðar sem 420 kV línur þó rekstrarspenna þeirra sé 220 kV.

Flutningskerfi Landsnets tekur við raforku beint frá aflstöðvum og flytur hana til stórnotenda og dreifiveitna. Allar virkjanir, sem eru 10 MW og stærri, eiga að tengjast flutningskerfinu og eru innmötunarstaðir 20 talsins. Flutningskerfið skilar orkunni til dreifiveitna á 59 stöðum á landinu og til stórnotenda á 6 stöðum. Dreifiveiturnar flytja rafmagnið áfram um sitt dreifikerfi til notenda.

Lagning jarðstrengja á hærri spennu

Landsnet stóð að umfangsmiklu rannsóknarverkefni árið 2014 um lagningu 132 kV og 220 kV háspennustrengja á Íslandi. Markmið þess var að greina hagkvæmustu kosti við val á jarðstrengjum, lagningu þeirra og frágang með tilliti til flutningsgetu, kerfisaðstæðna, áreiðanleika, umhverfis og kostnaðar. Rannsóknir hópsins voru settar fram í ítarlegri skýrslu á ensku og einnig í styttri útgáfa á íslensku. Helstu niðurstöðurnar eru:

- Jarðstrengur um Sprengisand getur að hámarki orðið 50 km langur vegna tæknilegra takmarkana í núverandi raforkukerfi.
- Verð á jarðstrengjum með mikla flutningsgetu hefur lækkað umtalsvert, um allt að helming fyrir 220 kV strengi, en verð á strengjum fyrir lægri spennu hefur lækkað mun minna. Meginástæða verðlækkunar er tækniþróun í framleiðslu og stóraukið framboð.
- Innkaupsverð á jarðstreng er um 30-50% af heildarstofnkostnaði við 220 kV jarðstrengslögn en erfitt er að setja fram almennt viðmiðunarverð. Skoða þarf hvert tilvik út frá kerfislegum aðstæðum, jarð- og landfræðilegum þáttum, aðgengi að lagnaleið og fleiri þáttum.

Meðal þess sem hefur áhrif á mögulega lengd jarðstrengja í íslenska raforkukerfinu er lágt skammhlaupsafl eða styrkur kerfisins. Mismunandi styrkur kerfisins eftir landshlutum takmarkar mögulegar strengtengingar milli landshluta. Þannig er raforkukerfið á Norður- og Austurlandi mun veikara en á Suður- og Suðvesturlandi. Það takmarkar lengd jarðstrengs yfir Sprengisand.

Varmaleiðni jarðvegs á Íslandi er almennt minni en jarðvegs í nágrannalöndum. Eiginleikar jarðefna, sem umlykja jarðstreng í skurði og leiða varma frá strengjum, hafa mikil áhrif á flutningsgetu jarðstrengja. Varmaleiðni fylliefna á Íslandi er almennt metin um helmingi minni en í jarðvegi í Danmörku. Flutningsgeta í sambærilegum jarðstreng er þ.a.l. um 30% meiri í Danmörku en á Íslandi, að öðrum þáttum óbreyttum.

Aðferðir og leiðarval

Aðferðir nágrannaþjóða, sem eru framarlega í jarðstrengslögnum, voru kannaðar og metið hvort bæta mætti aðferðafræði hérlendis en í langflestum tilfellum er hefðbundin lagning strengs í opinn skurð metin ódýrasta lagningaraðferðin. Lágmörkun umhverfisáhrifa við leiðarval er mikilvæg en að jafnaði raskast 8-14 metra breitt svæði við lagningu á einu 220 kV strengsetti. Auðvelt er að endurheimta fyrra yfirborð eftir lagningu strengs í sanda, vel gróið mólendi eða ræktarland en í skóg- eða kjarrlendi verður að skilja eftir skóglaust svæði yfir strengnum. Í hrauni eða þar sem klöpp liggur í yfirborði er ekki hægt að að koma yfirborði lands í fyrra horf. Nútímahraun njóta verndar laga um náttúruvernd, auk þess sem aðstæður í hrauni henta illa fyrir strenglagnir. Ástæða er til að forðast strenglagnir í hrauni eins og kostur er.

Greining á jarðstrengsframkvæmdum

Tveir áætlaðir raflínukostir á Sprengisandi og í Eyjafirði voru skoðaðar sérstaklega og kostnaður þeirra metinn, ásamt til samanburðar áætluðum stofnkostnaði við loftlínu.

Heildarlengd línu yfir Sprengisand er 200 km og áætlaður stofnkostnaður 50 km jarðstrengs með 400 megavoltamper (MVA) flutningsgetu er metinn ríflega 6,6 milljarðar króna. Hann tvöfaldast ef strengirnir eru tveir, með samtals 800 MVA flutningsgetu, en áætlaður stofnkostnaður 50 km langrar 800 MVA loftlínu er metinn um 4,1 milljarður króna.

Jarðstrengsverkefnið var unnið með sérfræðingum á sviði jarðstrengja og jarðstrengslagna frá Energinet.dk í Danmörku, sem er rekstraraðili danska raforkuflutningskerfisins og leiðandi í jarðstrengjamálum á heimsvísu, StellaCable, einkareknu ráðgjafafyrirtæki á sviði háspennustrengja í Danmörku, Háskólanum í Reykjavík og þremur stærstu verkfræðistofum landsins, Mannviti, Verkís og EFLU.

Sérfræðingar Energinet.dk, StellaCable, Háskólans í Reykjavík, Mannvits, Verkís og EFLU á vinnufundi með starfsfólki Landsnets.



Fjárhæðir í mkr.

Stofnkostnaður tveggja jarðstrengja með samtals 600 MVA flutningsgetu á fyrstu 12 km leiðarinnar milli Akureyrar og Kröflu er um 2,6 milljarðar króna. Stofnkostnaður loftlínu með 600 MVA flutningsgetu er til samanburðar metinn ríflega 1,2 milljarðar en leiðin er um 40% lengri en strengleiðin. Stofnkostnaður eins 300 MVA strengs er sambærilegur stofnkostnaði við lagningu loftlínunnar. Hagkvæmt gæti því verið að áfangaskipta jarðstrengsframkvæmdum, leggja annan strenginn fyrst og bíða með þann síðari á meðan forsendur um flutningsþörf leyfa.

Jarðstrengsframkvæmdum mun fjölga

Gert er ráð fyrir að jarðstrengsframkvæmdum í flutningskerfinu fjölgi á komandi árum. Þar kemur sér vel reynsla úr þessu verkefni og framkvæmdum sem fram undan eru, auk þess sem rannsóknum verður haldið áfram. Þegar hefur t.d. verið hrundið af stað vinnu við mælingar á rakastigi í jörðu á nokkrum völdum stöðum þar sem líklegt er að strengir verði lagðir í framtíðinni.

Leiðandi í snjallnetslausnum

Landsnet er í hópi raforkuflutningsfyrirtækja sem eru leiðandi á þessu sviði í heiminum og í samstarfi við bæði innlenda og erlenda aðila hefur verið unnið að þróun snjallnetslausna sem gera félaginu kleift að meta ástand raforkuflutningskerfisins í rauntíma og bregðast strax við fyrirvaralausum rekstrartruflunum.

Snjallnetið á Vestfjörðum

Með nýjum tengivirkjum á Ísafirði og í Bolungarvík og stórbættum fjarskiptum gafst tækifæri til að nýta þessar tækninýjungar vestra og koma á snjallnetskerfi fyrir norðanverða Vestfirði. Snjallnetið er innbyggt í varnarbúnaðinn í stöðvunum og var mikil vinna lögð í



Stóraukið rekstraröryggi

Nýjasti snjallnetsáfangi Landsnets er uppsetning kerfis á norðanverðum Vestfjörðum. Það hefur stóraukið raforkuöryggi á svæðinu og sannaði það gildi sitt strax í fyrstu rafmagnstrufluninni eftir að það var tekið í notkun í desemberbyrjun 2014.

Snjallnet (e. SmartGrid) er samheiti yfir tækninýjungar á sviði framleiðslu, flutnings og dreifingar raforku sem nýta fjarskipta-, stýri- og upplýsingatækni og á að tryggja sem öruggasta afhendingu rafmagns og hámarka jafnframt hagkvæmni.

hönnun þess og prófanir, auk hefðbundinna prófana samfara því að taka nýju stöðvarnar í rekstur.

Ef rafmagn fer af Vestfjörðum vegna bilana eða straumleysis ræsir snjallnetið strax nýju varaaflsstöðina í Bolungarvík og stuttu seinna er rafmagn komið á að nýju hjá almennum raforkunotendum á Ísafirði, í Bolungarvík og nágrenni. Snjallnetið hefur stytt straumleysistímann í rúmlega hálfa til eina og hálfa mínútu en fyrir tíma snjallnetsins var viðbragðstíminn vart undir hálfri klukkustund.

Áframhaldandi snjallnetsvæðing vestra er í undirbúningi hjá Landsneti til að bæta enn frekar afhendingaröryggi raforku því enn skortir töluvert upp á að Vestfirðingar sitji við sama borð og aðrir landsmenn í þeim efnum.

Betri tök á stýringu truflana

Landsnet vinnur jafnframt að innleiðingu snjallnetslausna víðar á landinu. Þær miða helst að því að bregðast við flutningstakmörkunum í raforkukerfinu, koma í veg fyrir víðtækt straumleysi eða kerfishrun á stórum landsvæðum.

Á undanförum árum hefur Landsnet staðið fyrir uppbyggingu á háhraðamælaneti í rauntíma, *Phasor Measurement Units*, á lykilstöðum í flutningskerfinu en með þessum mælingum er hægt að greina atburði í kerfinu áður en þeir valda útleysingum og draga úr áhrifum þeirra.

Tilraunir eru hafnar með stýringu flutningskerfisins með þessum upplýsingum sem lofa góðu því Landsneti hefur tekist að ná betri tökum á rekstrartruflunum og koma í veg fyrir víðtækt straumleysi. Hefur búnaði verið komið upp víða í kerfinu sem leysir út notendur með skerðanlegan flutning ef boð berast frá mælakerfinu við uppskiptingu kerfisins vegna útleysingar lína eða við miklar breytingar í aflflutningi milli landshluta við útleysingar á álagi eða vinnslueiningum.

Við virkjun búnaðarins eru notendur, sem tengdir eru honum, leystir frá kerfinu til að draga úr álagi en þeim er síðan hleypt aftur inn á kerfið þegar náðst hefur stöðugleiki á ný. Með þessu móti má koma í veg fyrir kerfishrun á stórum landsvæðum sem aftur gerir það að verkum að samtenging, eða uppbygging kerfisins, tekur mun skemmri tíma og almennir notendur verða hennar ekki varir.

Fyrsta skrefið í uppbyggingu háhraðamælanetsins var uppsetning fjarútleysibúnaðar hjá notendum á Norður- og Austurlandi með skerðanlegan flutning. Við útleysingu byggðalínunnar, eða vegna vinnslu á svæðinu, leysir búnaðurinn notendur frá kerfinu. Við það minnkar aflflutningur um byggðalínuna sem og líkurnar á því að kerfið skipti sér alveg upp. Jafnframt eru minni líkur á undirtíðni í eyjunni sem eftir lifir. Hefur búnaðurinn þegar margsannað sig og komið margoft í veg fyrir kerfishrun á Norður- og Austurlandi.

Fleiri verkefni á tilraunastigi

Mörg önnur snjallnetsverkefni eru á tilraunastigi hjá Landsneti. Hefur félagið m.a. á undanförnum árum unnið að því að fá raforkuframleiðendur og notendur til nánara samstarfs vegna flutningskerfisins. Í því felst m.a. að bregðast hratt við atburðum og uppákomum sem tengjast flutningskerfinu og er m.a. verið að nýta snjallar lausnir í þeim efnum. Hefur samstarfið gengið vonum framar að mati Landsnets og einkennst af almennum skilningi.

Í viðbragðsstöðu vegna goshættu í Bárðarbungu

Landsnet hefur yfirfarið allar viðbragðsáætlanir fyrirtækisins ásamt tækja- og fjarskiptabúnaði félagsins og einnig hefur birgðastaða viðgerðar- og varaefnis verið yfirfarin . Náið samstarf hefur einnig verið við Almannavarnir, Vegagerðina og orkufyrirtæki landsins, jafnframt því sem haft var samband við verktaka og fyrirtæki sem gætu aðstoðað ef þörf yrði fyrir meiri mannskap og búnað en Landsnet ræður yfir.

Voru raforkuflutningsfyrirtækin á Norðurlöndum t.d. strax tilbúin að aðstoða systurfélagð á Íslandi, ef á þyrfti að halda, með viðgerðarefni, varahlutum og mannskap.

Fimm sviðsmyndir

Fyrst eftir að gos hófst í Holuhrauni var helst óttast að tjón yrði á raforkukerfinu vegna hamfaraflóða á Norðausturlandi og var því ráðist í að flytja viðgerðarefni og varaaflsstöðvar þangað. Fljótlega beindust þó sjónir manna að fleiri möguleikum ef færi að gjósa í Bárðarbungu. Nú er horft til fimm mismunandi sviðsmynda í viðbragðsáætlun Landsnets. Þær eru:

- Flóð í Jökulsá á Fjöllum
- Flóð í Skjálfandafljóti
- Flóð undan Vatnajökli til suðurs á Skeiðarársand
- Flóð í Sveðju, Köldukvísl, Tungnaá og Þjórsá
- Öskugos

Allt frá því að tilkynnt var síðsumars 2014 að eldsumbrota væri að vænta í norðanverðum Vatnajökli hefur starfsfólk Landsnets verið í viðbragðsstöðu vegna hugsanlegra skemmda á raforkukerfinu af völdum flóða eða öskufalls .

Átætlanir Landsnets vegna hamfaraflóða á Norðausturlandi og Suðurlandi (sviðsmynd 1-3) gera ráð fyrir því að tengja aftur byggðalínuna og önnur línumannvirki á þessum svæðum á eins stuttum tíma og kostur er, á svipaðan hátt og gert var í Skeiðarárhlaupinu árið 1996. Sama á við á Suðvesturlandi (sviðsmynd 4) en flóð þar – í þungamiðju íslenska raforkukerfisins – gæti hins vegar orðið þjóðarbúinu mun dýrkeyptara vegna allrar þeirrar raforku- og þeirra virkjanamannvirkja sem þar eru.

Fyrirbyggjandi aðgerðir á Suðvesturlandi

Meginþungi viðbragðsvinnunnar beindist fljótt að því að greina betur hugsanlegar afleiðingar hamfaraflóðs á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu og hvernig mætti sem best tryggja raforkuflutning frá virkjununum þar. Fyrstu flóðaspár, sem unnar voru fyrir Landsnet, gáfu fremur dökka mynd af stöðu flutningsmannvirkjanna en ítarleg áhættugreining (miðað við 6.000 m³/sek.) leiddi síðar í ljós að aðeins einn háspennuturn á svæðinu ofan Búrfells væri í alvarlegri hættu kæmi til hamfaraflóðs af þessari stærðargráðu. Þar var um að ræða turn í Sigöldulínu 3, rétt austan við farveg Þjórsár við Sultartangavirkjun, og var í framhaldinu ráðist í að breyta staðsetningu hans. Jafnframt hefur Landsnet, í samráði við Almannavarnir, gripið til ýmissa annarra fyrirbyggjandi aðgerða til að stytta viðbragðstíma verði hamfaraflóð á svæðinu.

Skýrar reglur nauðsynlegar

Neyðaræfing Landsnets og NSR (Neyðarsamstarfs raforkukerfisins) haustið 2013 leiddi í ljós að í hamfaraflóði á Suðvesturlandi, í kjölfar goss í Vatnajökli, gætu skapast aðstæður þar sem nauðsynlegt væri að lágmarka þjóðhagslegt tjón sem kynni að verða vegna skömmtunar raforku í lengri tíma.

Því leggur Landsnet áherslu á að hlutverk aðila á raforkumarkaði séu skýrt afmörkuð í viðbragðsáætlun – komi til goss í Bárðarbungu eða ámóta náttúruhamfara – og enginn vafi leiki á um forgangsröðunina ef grípa þarf til umfangsmikillar skerðingar á raforku eða skömmtunar vegna slíkra náttúruhamfara.

Viðbúnaður vegna öskugoss

Viðbúnaður Landsnets snýr einnig að mögulegu öskugosi í Bárðarbungu (sviðsmynd 5). Hér býr fyrirtækið að reynslu úr eldgosinu í Eyjafjallajökli árið 2010 og Grímsvatnagosinu 2011 en við slíkar aðstæður er brýnt að hreinsa ösku af raf- og einangrunarbúnaði. Er þá horft til þess að nota bæði kröftugar vatns- eða loftdælur og hefur félagið ákveðið að kanna með kaup á slíkum búnaði.

Línukerfi Landsnets í árslok 2014

Spenna [kV]	Heiti háspennulínu	KKS. nr.	Tekin í notkun	Tengivirki	Lengd (km)	Þar af strengur
220	**Brennimelslína 1**	BR1	1977	Geithals - Brennimelur	59	
	Búðarhálslína 1	BH1	2014	Búðarháls - HR1 (Langalda)	6	
	Búrfellslína 1	BU1	1969	Búrfell - Írafoss	61	
	Búrfellslína 2	BU2	1973	Búrfell - Kolviðarhóll	86	
	Búrfellslína 3 (byggð að hluta fyrir 400 kV)	BU3	1992/1998	Búrfell - Hamranes	119	
	Fljótsdalslína 3 (byggð fyrir 400 kV)	FL3	2007	Fljótsdalur - Reyðarfjörður	49	
	Fljótsdalslína 4 (byggð fyrir 400 kV)	FL4	2007	Fljótsdalur - Reyðarfjörður	53	
	Hamraneslína 1	HN1	1969	Geithals - Hamranes	15	
	Hamraneslína 2	HN2	1969	Geithals - Hamranes	15	
	Hrauneyjafosslína 1	HR1	1982	Hrauneyjafoss - Sultartangi	20	
	Ísallína 1	IS1	1969	Hamranes - ÍSAL	2	
	Ísallína 2	IS2	1969	Hamranes - ÍSAL	2	
	Járnblendilína 1	JA1	1978	Brennimelur - Járnblendiv.	5	
	Kolviðarhólslína 1	KH1	1973	Kolviðarhóll - Geithals	17	
	Norðurálslína 1	NA1	1998	Brennimelur - Norðurál	4	
	Norðurálslína 2	NA2	1998	Brennimelur - Norðurál	4	
	Sigöldulína 2	SI2	1982	Sigalda - Hrauneyjafoss	9	
	Sigöldulína 3	SI3	1975	Sigalda - Búrfell	37	
	Sogslína 3	SO3	1969	Írafoss - Geithals	36	
	Sultartangalína 1	SU1	1982	Sultartangi - Brennimelur	122	
	Sultartangalína 2	SU2	1999	Sultartangi - Búrfell	13	
	Sultartangalína 3 (byggð fyrir 400 kV)	SU3	2006	Sultartangi - Brennimelur	119	
	Vatnsfellslína 1	VF1	2001	Vatnsfell - Sigalda	6	
				Samtals 220 kV	**859**	**0**
132	**Blöndulína 1**	BL1	1977/1991	Blanda - Laxárvatn	33	
	Blöndulína 2	BL2	1977/1991	Blanda - Varmahlíð	32	
	Eyvindarárlína 1	EY1	1977	Hryggstekkur - Eyvindará	28	
	Fitjalína 1	MF1	1991	Rauðimelur - Fitjar	7	
	Fljótsdalslína 2 (lína/jarðstrengur)	FL2	1978	Fljótsdalur - Hryggstekkur	25	7
	Geiradalslína 1	GE1	1980	Glerárskógar - Geiradalur	47	
	Glerárskógalína 1	GL1	1983	Hrútatunga - Glerárskógar	34	
	Hafnarfjörður 1 (jarðstrengur)	HF1	1989	Hamranes - Öldugata	4	4
	Hafnarlína 1 (lína/jarðstrengur)	HA1	1987/2014	Hólar - Höfn	5	1,5
	Hnoðraholtslína 1 (lína/jarðstrengur)	AD7	1990	Hamranes - Hnoðraholt	7,5	2,2
	Hólalína 1	HO1	1981	Teigarhorn - Hólar	75	
	Hrútatungulína 1	HT1	1976	Vatnshamrar - Hrútatunga	77	
	Korpulína 1	KO1	1974	Geithals - Korpa	6	
	Kröflulína 1	KR1	1977	Krafla - Rangárvellir	82	
	Kröflulína 2	KR2	1978	Krafla - Fljótsdalur	123	
	Laxárvatnslína 1	LV1	1976	Hrútatunga - Laxárvatn	73	
	Mjólkárlína 1	MJ1	1981	Geiradalur - Mjólká	81	
	Nesjavallalína 1 (lína/jarðstrengur)	NE1	1998	Nesjavellir - Korpa	32	16
	Nesjavallalína 2 (jarðstrengur)	NE2	2010	Nesjavellir - Geithals	25	25
	Prestbakkalína 1	PB1	1984	Hólar- Prestbakki	171	
	Rangárvallalína 1	RA1	1974	Rangárvellir - Varmahlíð	88	
	Rangárvallalína 2 (jarðstrengur)	RA2	2009	Rangárvellir – Krossanes	5	5
	Rauðamelslína 1	RM1	2006	Reykjanes - Rauðimelur	15	
	Rauðavatnslína 1 (lína/strengur)	RV1	1953	Geithals - A12	3	1
	Sigöldulína 4	SI4	1984	Sigalda - Prestbakki	78	

Spenna [kV]	Heiti háspennulínu	KKS. nr.	Tekin í notkun	Tengivirki	Lengd (km)	Þar af strengur
	Sogslína 2	SO2	1953	Írafoss - Geithály	44	
	Stuðlalína 1 (jarðstrengur)	SR1	2005	Hryggstekkur - Stuðlar	16	16
	Suðurnesjalína 1	SN1	1991	Hamranes - Fitjar	31	
	Svartsengislína 1	SM1	1991	Svartsengi - Rauðimelur	5	
	Teigarhornslína 1	TE1	1981	Hryggstekkur - Teigarhorn	50	
	Vatnshamralína 1	VA1	1977	Vatnshamrar - Brennimelur	20	
				Samtals 132 kV	**1322,5**	**77,7**
66	**Akraneslína 1 (jarðstrengur)**	AK1	1996	Brennimelur - Akranes	17	17
	Andakílslína 1	AN1	1966	Andakílsvirkjun - Akranes	35	
	Bolungarvíkurlína 1 (lína/jarðstrengur)	BV1	1979/2014	Breiðidalur - Bolungarvík	17	0,7
	Bolungarvíkurlína 2 (jarðstrengur)	BV2	2010/2014	Ísafjörður - Bolungarvík	15	15
	Breiðadalslína 1	BD1	1975	Mjólká - Breiðidalur	36	
	Dalvíkurlína 1	DA1	1982	Rangárvellir - Dalvík	39	
	Eskifjarðarlína 1	ES1	2001	Eyvindará - Eskifjörður	29	
	Fáskrúðsfjarðarlína 1	FA1	1989	Stuðlar - Fáskrúðsfjörður	17	
	Flúðalína 1	FU1	1978	Búrfell - Flúðir	27	
	Grundarfjarðarlína 1	GF1	1985	Vogaskeið - Grundarfjörður	35	
	Hellulína 1 (lína/jarðstrengur)	HE1	1995	Flúðir - Hella	34	1
	Hellulína 2	HE2	1948	Hella - Hvolsvöllur	13	
	Hveragerðislína 1	HG1	1982	Ljósifoss - Hveragerði	15	
	Hvolsvallarlína 1	HV1	1972	Búrfell - Hvolsvöllur	45	
	Ísafjarðarlína 1 (lína/jarðstrengur)	IF1	1959/2014	Breiðidalur - Ísafjörður	13	1,1
	Kópaskerslína 1	KS1	1983	Laxá - Kópasker	83	
	Lagarfosslína 1 (lína/jarðstrengur)	LF1	1971	Lagarfoss - Eyvindará	23	6
	Laxárlína 1	LA1	1953	Laxá - Rangárvellir	58	
	Ljósafosslína 1 (jarðstrengur)	LJ1	2002	Ljósifoss - Írafoss	1	1
	Neskaupstaðarlína 1 (lína/jarðstrengur)	NK1	1985	Eskifjörður - Neskaupstaður	18	1
	Ólafsvíkurlína 1	OL1	1978	Vegamót - Ólafsvík	49	
	Rimakotslína 1	RI1	1988	Hvolsvöllur - Rimakot	22	
	Sauðárkrókslína 1	SA1	1974	Varmahlíð - Sauðárkrókur	22	
	Selfosslína 1 (lína/jarðstrengur)	SE1	1981	Ljósifoss - Selfoss	20	2
	Selfosslína 2	SE2	1947	Selfoss - Hella	32	
	Seyðisfjarðarlína 1	SF1	1996	Eyvindará - Seyðisfjörður	20	
	Steingrímsstöðvarlína 1 (lína/jarðstrengur)	ST1	2003	Steingrímsstöð - Ljósafoss	3	1
	Stuðlalína 2 (lína/jarðstrengur)	SR2	1983	Stuðlar - Eskifjörður	18	1
	Tálknafjarðarlína 1	TA1	1985	Mjólká - Keldeyri	45	
	Vatnshamralína 2	VA2	1974	Andakílsvirkjun - Vatnshamrar	2	
	Vegamótalína 1	VE1	1974	Vatnshamrar - Vegamót	64	
	Vogaskeiðslína 1	VS1	1974	Vegamót - Vogaskeið	25	
	Vopnafjarðarlína 1	VP1	1980	Lagarfoss - Vopnafjörður	58	
	Þeistareykjalína 2 (jarðstrengur)	TR2	2013	Þeistareykir - KS1 (Höfuðreiðarmúli)	11	11
	Þorlákshafnarlína 1	TO1	1991	Hveragerði - Þorlákshöfn	19	
				Samtals 66 kV	**980**	**57,8**
33	**Húsavíkurlína 1**	HU1	1964	Laxá - Húsavík	26	
	Vestmannaeyjalína 1 (sæstrengur)	VM1	1962	Vestmannaeyjar - Rimakot	16	16
	Vestmannaeyjalína 2 (sæstrengur)	VM2	1978	Vestmannaeyjar - Rimakot	15	15
	Vestmannaeyjalína 3 (sæstrengur)	VM3	2013	Vestmannaeyjar - Rimakot	16	16
				Samtals 33 kV	**73**	**47**
				Samtals	**3234,5**	**182,5**

Tengivirki Landsnets í árslok 2014

Heiti stöðvar	KKs. nr.	Meðeigandi*	Spenna (kV)	Tekin í notkun	Fjöldi rofa útganga	Fjöldi spenna
Aðveitustöð 12	A12	OR	132	2006	1	1
Akranes	AKR	OR	66	1987	4	2
Andakíll	AND	OR	66	1974	3	1
Ásbrú	ASB		33	2011	6	2
Blanda	BLA	LV	132	1991	6	3
Bolungarvík	BOL	OV	66/11	2014	3/13	1
Breiðidalur	BRD	OV	66/33/19/11	1959	4/2/2/1	1
Brennimelur	BRE	RA	220/132/66/11	1978	9/4/2/10	3
Búðarháls	BUD		220	2013	2	0
Búrfell	BUR		220/66	1999	10/4	3
Dalvík	DAL	RA	66/33/11	1981	2/3/8	1
Eskifjörður	ESK	RA	66/33/11	1993	5/-/7	2
Eyvindará	EYV	RA	132/66/33/11	1975	1/6/1/8	3
Fáskrúðsfjörður	FAS	RA	66/33/11	1998	3/1/5	2
Fitjar	FIT	HS	132	1990	4	2
Fljótsdalur	FLJ		220/132	2007	4/10	2
Flúðir	FLU	RA	66/11	1981	3/7	1
Geiradalur	GED	OV	132/33/19	1983	3/1/4	1
Geithæls	GEH		220/132	1969	8/9/2	2
Glerárskógar	GLE	RA	132/19	1980	3/4	1
Grundarfjörður	GRU	RA	66/19	1987	1/6	1
Hamranes	HAM		220/132/11	1989	8/8/10	3
Hella	HLA	RA	66/11	1982	4/6	1
Hnoðraholt	HNO	OR	132	1990	4	2
Hólar	HOL	RA	132/19/11	1984	4/1/9	2
Hrauneyjafoss	HRA	LV	220	1981	6	3
Hrútatunga	HRU	RA	132/19	1980	4/5	1
Hryggstekkur	HRY	RA	132/66/11	1978	5/1/4	1
Húsavík	HUS	RA	33/11/6	1978	2/1/4	2
Hveragerði	HVE	RA	66/11	1980	3/6	1
Hvolsvöllur	HVO	RA	66/11	1957	5/7	1
Höfn	HOF	RA	132/11	2014	-/9	1
Írafoss	IRA	LV	220/132/66/11	1953	2/7/-/7	5
Ísafjörður	ISA	OV	66/11	2014	4/-	2
Keldeyri	KEL	OV	66/33/11	1959	2/2/3	1
Klafastaðir	KLA		220/16	2013	1/4	1
Kolviðarhóll	KOL		220	2006	6	0
Korpa	KOR	OR	132/33/11	1976	7/6/-	3
Kópasker	KOP	RA	66/33/11	1980	1/3/5	3
Krafla	KRA	LV	132/11	1977	4/-	2
Lagarfoss	LAG	RA	66	2007	5	0
Laxá	LAX		66/33/11	1937	10/1/4	6

Heiti stöðvar	KKs. nr.	Meðeigandi*	Spenna (kV)	Tekin í notkun	Fjöldi rofa útganga	Fjöldi spenna
Laxárvatn	LAV	RA	132/33/11	1977	3/4/8	1
Lindarbrekka	LIN	RA	66/11	1985	1/4	1
Ljósafoss	LJO	LV	66/11	1937	6/7	2
Mjólká (neðra virki)	MJO	OV	66/33/11	1980	2/1/-	1
Mjólká (efra virki)	MJO	OV	132/66	1980	2/2	1
Nesjavellir	NES	OR	132	1998	7	4
Neskaupstaður	NKS	RA	66/11	1994	2/7	2
Ólafsvík	OLA	RA	66/19	1980	1/5	1
Prestbakki	PRB	RA	132/19	1984	3/1	1
Rangárvellir	RAN	RA	132/66/11	1974	9/8/8	3
Rauðimelur	RAU		132	2006	3	0
Reykjanes	REY	HS	132	2006	1	0
Rimakot	RIM	RA	66/33/11	1980	1/5/2	2
Sauðárkrókur	SAU	RA	66/33/11	1977	3/1/8	2
Selfoss	SEL	RA	66/11	2005	5/15	3
Seyðisfjörður	SEY	RA	66/11	1957	1/9	1
Sigalda	SIG	LV	220/132	1977	4/1	1
Silfurstjarnan	SIL	RA	66/11	1992	1/3	1
Steingrímsstöð	STE	LV	66/11	1959	1/1	1
Stuðlar	STU	RA	132/66/11	1980	3/4/6	3
Sultartangi	SUL		220/11	1999	6/-	2
Svartsengi	SVA	HS	132	1997	4	2
Teigarhorn	TEH	RA	132/33/11	2005	3/2/-	1
Varmahlíð	VAR	RA	132/66/11	1977	3/1/5	1
Vatnsfell	VAF		220/11	2001	2	2
Vatnshamrar	VAT	RA	132/66/19	1976	3/5/6	3
Vegamót	VEG	RA	66/19	1975	4/4	1
Vestmannaeyjar	VEM	RA	33	2002	2	2
Vogaskeið	VOG	RA	66/19	1975	3/6	1
Vopnafjörður	VOP	RA	66/11	1982	1/6	1
Þeistareykir	THR		66	2013	1	1
Þorlákshöfn	TOR	RA	66/11	1989	1/6	1
Öldugata Hafnarfirði	OLD		132	1989	5	2

* RA=RARIK
OV=Orkubú Vestfjarða
HS=Hitaveita Suðurnesja
LV=Landsvirkjun
OR=Orkuveita Reykjavíkur

Orkuhugtök/skammstafanir

kV=kílóvolt
kW=kílówatt
MW=megawatt = 1000 kW
kWst=kílówattstund
MWst=megawattstund = 1000 kWst
GWst=gigawattstund = 1000 MWst



Ársreikningur 2014



Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra 64
Áritun óháðs endurskoðanda 65
Rekstrarreikningur 66
Yfirlit um heildarafkomu 67
Efnahagsreikningur 68
Eiginfjáryfirlit 69
Sjóðstreymisyfirlit 70
Skýringar 71
Viðauki: Stjórnarháttayfirlýsing 93

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Landsnet hf. var stofnað árið 2004 á grundvelli raforkulaga sem Alþingi samþykkti árið 2003. Hlutverk Landsnets hf. er að annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga nr. 65/2003.

Rekstur ársins 2014

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður ársins og heildarafkoma 3,8 milljörðum kr. Eigið fé félagsins í árslok var 19,2 milljarðar kr. samkvæmt efnahagsreikningi, þar af var hlutafé 5,9 milljarðar kr. Fjöldi ársverka hjá félaginu var 125.

Hlutafé í árslok 2014 skiptist á fjóra hluthafa líkt og í ársbyrjun, en þeir eru:

	Eignarhlutur
Landsvirkjun	64,73%
Rarik ohf.	22,51%
Orkuveita Reykjavíkur	6,78%
Orkubú Vestfjarða ohf.	5,98%

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa á árinu 2015 vegna rekstrarársins 2014 og vísar til ársreiknings varðandi breytingar á eigin fé.

Þó ákvæði raforkulaga frá 2011 kveði skýrt á um að arðsemi og þar með tekjumörk fyrirtækisins séu ákveðin fyrir fram til fimm ára þá liggja tekjumörk tímabilsins 2011 – 2015 ekki fyrir nú í ársbyrjun 2015. Síðasti úrskurður Orkustofnunar um arðsemi fyrirtækisins frá 2. október 2012 var felldur úr gildi með ákvörðun kærunefndar raforkumála 2. desember 2013. Gjaldskrá Landsnets og þar með tekjur þess byggja á gjaldskrá sem samþykkt var á grundvelli framangreinds úrskurðar Orkustofnunar um arðsemi. Verði endanlegur úrskurður Orkustofnunar um arðsemi og þar með tekjumörk verulega frábrugðinn framangreindum úrskurði er ljóst að það getur haft umtalsverð áhrif á afkomu og efnahag fyrirtækisins á árinu 2015 og jafnvel til lengri tíma. Vísað er til skýringar 31 um frekari upplýsingar.

Stjórnunarhættir

Stjórn Landsnets hf. leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnunarháttum. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart forstjóra. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, reglur um hæfi stjórnarmanna, reglur um þagnarskyldu, upplýsingargjöf forstjóra gagnvart stjórn og fleira. Til frekari upplýsinga er vísað í stjórnarháttayfirlýsingu sem er viðauki við ársreikning félagsins.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2014 og rekstrarafkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2014.

Jafnframt er það álit okkar að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við (sjá skýringar 29 og 31).

Stjórn og forstjóri Landsnets hf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2014 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 19. febrúar 2015

Stjórn:

Forstjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Landsnets hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Landsnets hf. fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum
Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2014, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar
Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 19. febrúar 2015

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur ársins 2014

	Skýr.	2014	2013
Tekjur af raforkuflutningi	5,6	14.227.404	13.717.748
Aðrar tekjur	7	123.002	156.534
		14.350.406	13.874.282
Rekstrargjöld			
Orkukaup og kerfisþjónusta	8	1.763.886	1.499.804
Rekstur flutningskerfis	9,10	4.235.226	3.793.580
Kerfisstjórn	9,10	1.111.813	1.087.733
Annar rekstrarkostnaður	9,10	1.065.329	925.417
		8.176.254	7.306.534
Rekstrarhagnaður		6.174.152	6.567.748
Fjármunatekjur		1.125.451	141.041
Fjármagnsgjöld		(2.644.510)	(4.010.935)
Hrein fjármagnsgjöld	11	(1.519.059)	(3.869.894)
Áhrif hlutdeildarfélags	16	38.303	25.055
Hagnaður fyrir tekjuskatt		4.693.396	2.722.909
Tekjuskattur	12,24	(931.155)	(539.511)
Hagnaður		3.762.241	2.183.398
Hagnaður á hlut:			
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hverja krónu hlutafjár	22	0,64	0,37

Skýringar nr. 1 til 35 eru óaðskiljanlegur hluti þessa ársreiknings.

Yfirlit um heildarafkomu ársins 2014

	Skýr.	2014	2013
Hagnaður		3.762.241	2.183.398
Liðir í heildarafkomu færðir á eigið fé		0	0
Heildarhagnaður ársins		3.762.241	2.183.398

Skýringar nr. 1 til 35 eru óaðskiljanlegur hluti þessa ársreiknings.

Efnahagsreikningur 31. desember 2014

	Skýr.	2014	2013
Eignir			
Rekstrarfjármunir	13	63.771.382	63.197.621
Flutningsvirki í byggingu	13	809.211	1.086.550
Óefnislegar eignir	14	1.479.695	1.392.994
Eignarhlutur í dótturfélagi	15	500	500
Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi	16	707.209	668.906
Langtímakröfur		11.643	23.286
Fastafjármunir		66.779.640	66.369.857
Birgðir	17	549.804	519.313
Viðskiptakröfur á móðurfélag	32	702.735	0
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	18	1.121.663	567.397
Markaðsverðbréf	19	470.971	234.344
Handbært fé	20	12.234.663	9.917.204
Veltufjármunir		15.079.836	11.238.258
Eignir samtals		81.859.476	77.608.115
Eigið fé			
Hlutafé		5.902.733	5.902.733
Lögbundinn varasjóður		227.774	0
Endurmatsreikningur		10.460.730	11.027.997
Óráðstafað eigið fé (ójafnað tap)		2.617.237	(1.484.497)
Eigið fé	21	19.208.474	15.446.233
Skuldir			
Vaxtaberandi skuld við móðurfélag	23	44.692.176	44.235.700
Aðrar vaxtaberandi langtímaskuldir	23	9.955.162	10.852.410
Tekjuskattsskuldbinding	24	2.674.787	2.331.443
Fyrirframinnheimtar tekjur	25	354.109	369.222
Niðurrifsskuldbinding	26	819.766	775.163
Langtímaskuldir		58.496.000	58.563.938
Skuldir við móðurfélag	23	1.463.420	1.936.526
Næsta árs afborganir vaxtaberandi langtímaskulda	23	919.008	914.607
Tekjuskattur til greiðslu	24	587.811	0
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	28	1.184.763	746.811
Skammtímaskuldir		4.155.002	3.597.944
Skuldir samtals		62.651.002	62.161.882
Eigið fé og skuldir samtals		81.859.476	77.608.115

Skýringar nr. 1 til 35 eru óaðskiljanlegur hluti þessa ársreiknings.

Eiginfjáryfirlit ársins 2014

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Endurmats-reikningur	(Ójafnað tap) óráðstafað eigið fé	Samtals
Árið 2013:					
Eigið fé 1. janúar 2013	5.902.733	0	11.593.238	(4.233.136)	13.262.835
Heildarhagnaður ársins				2.183.398	2.183.398
Upplausn á endurmati rekstrarfjármuna			(565.241)	565.241	0
Eigið fé 31. desember 2013	5.902.733	0	11.027.997	(1.484.497)	15.446.233
Árið 2014:					
Eigið fé 1. janúar 2014	5.902.733	0	11.027.997	(1.484.497)	15.446.233
Heildarhagnaður ársins				3.762.241	3.762.241
Lagt í lögbundinn varasjóð		227.774		(227.774)	0
Upplausn á endurmati rekstrarfjármuna			(567.267)	567.267	0
Eigið fé 31. desember 2014	5.902.733	227.774	10.460.730	2.617.237	19.208.474

Skýringar nr. 1 til 35 eru óaðskiljanlegur hluti þessa ársreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2014

	Skýr.	2014	2013
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		6.174.152	6.567.748
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Söluhagnaður rekstrarfjármuna		0	(865)
Afskriftir	10	2.967.730	2.597.921
Veltufé frá rekstri án fjármagnsliða		9.141.882	9.164.804
Rekstrartengdar eignir, (hækkun) lækkun		(1.269.593)	791.449
Rekstrartengdar skuldir, hækkun (lækkun)		194.992	(459.392)
Handbært fé frá rekstri án fjármagnsliða		8.067.281	9.496.861
Innborgaðar vaxtatekjur		143.891	141.041
Greidd vaxtagjöld og gengismunur		(1.980.531)	(1.904.633)
Handbært fé frá rekstri		6.230.641	7.733.269
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í flutningsvirkjum	13	(2.672.056)	(5.949.468)
Aðrar fjárfestingar	13	(936.078)	(461.312)
Söluverð fastafjármuna		0	2.697
Afborganir langtímakrafna		11.643	0
Markaðsverðbréf, breyting		(254.526)	0
Fjárfestingarhreyfingar		(3.851.017)	(6.408.083)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímalána		(907.061)	(913.374)
Fyrirframinnheimtar tekjur, breyting		0	88.500
Fjármögnunarhreyfingar		(907.061)	(824.874)
Hækkun á handbæru fé		1.472.563	500.312
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		844.896	(892.880)
Handbært fé í ársbyrjun		9.917.204	10.309.772
Handbært fé í árslok	20	12.234.663	9.917.204

Skýringar nr. 1 til 35 eru óaðskiljanlegur hluti þessa ársreiknings.

Skýringar

1. Félagið

Landsnet hf. er með lögheimili að Gylfaflöt 9, Reykjavík. Félagið er dótturfélag Landsvirkjunar og er ársreikningur Landsnets hf. hluti af samstæðureikningi Landsvirkjunar. Félagið var stofnað á árinu 2004 á grundvelli raforkulaga sem Alþingi samþykkti árið 2003. Hlutverk þess er að annast flutning raforku og kerfisstjórnun á Íslandi samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga nr. 65/2003, og er því óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt raforkulögum.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur félagins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn félagsins staðfesti ársreikninginn 19. febrúar 2015.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir félagsins eru í skýringu 35.

3. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

4. Mat og áætlanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þessar eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana um reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í eftirfarandi skýringum:

- Skýringar nr. 13 og 35c - rekstrarfjármunir
- Skýringar nr. 14 og 35d - óefnislegar eignir
- Skýringar nr. 26 og 35j - niðurrifsskuldbinding
- Skýring nr. 24 og 35n - tekjuskattsskuldbinding

Ákvörðun gangvirðis

Nokkrar reikningsskilaaðferðir og skýringar í ársreikningi félagsins krefjast þess að gangvirði sé ákvarðað, bæði á fjáreignum og fjárskuldum og öðrum eignum og skuldum. Gangvirði hefur verið ákvarðað vegna mats og/eða skýringa samkvæmt eftirfarandi aðferðum. Þar sem við á eru frekari upplýsingar um forsendur gangvirðis eigna eða skulda í skýringum um viðkomandi eignir eða skuldir. Landsnet hf. endurmetur hluta fastafjármuna til gangvirðis sbr. skýringu 13, sem og markaðsverðbréf sbr. skýringu 19. Aðrar eignir og skuldir félagsins eru ekki færðar á gangvirði.

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Gangvirði viðskiptakrafna og annarra krafna, sem einungis er ákvarðað vegna skýringa, er metið á núvirði vænts framtíðargreiðsluflæðis, sem afvaxtað er á markaðsvöxtum uppgjörsdags.

Fjárskuldir sem ekki teljast afleiður

Gangvirði, sem einungis er ákvarðað vegna skýringa, er reiknað núvirði framtíðarsjóðflæðis höfuðstóls og vaxta, afvaxtað með markaðsvöxtum á uppgjörsdegi.

5. Tekjur af raforkuflutningi

Sjá mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 35k

Tekjur af flutningi raforku greinast þannig:

	2014	2013
Orkuflutningur	12.184.594	12.277.156
Flutningstap og kerfisþjónusta	1.906.911	1.320.226
Þjónustutekjur	41.777	30.950
Innmötunargjald	94.122	89.416
Tekjur af raforkuflutningi samtals	14.227.404	13.717.748

Stærstu viðskiptamenn félagsins eru einnig hluthafar í félaginu. Frekari upplýsingar um tekjur frá hluthöfum má finna í skýringu nr. 32 um tengda aðila.

6. Orkuflutningur

Orkuflutningur greinist þannig:

	2014	2013
Orkuflutningur til stórnotenda	8.459.538	8.785.696
Orkuflutningur til dreifiveitna	3.725.056	3.491.460
Orkuflutningur samtals	12.184.594	12.277.156

7. Aðrar tekjur

Aðrar tekjur greinast þannig:

Verk- og efnissölutekjur	53.057	74.501
Húsaleigutekjur	26.385	8.828
Tekjur vegna upprunaábyrgða og vottana	38.961	70.823
Söluhagnaður rekstrarfjármuna	0	865
Aðrar tekjur	4.599	1.517
Aðrar tekjur samtals	123.002	156.534

8. Orkukaup og kerfisþjónusta

Orkukaup og kerfisþjónusta greinast þannig:

Orkukaup vegna flutningstapa	1.091.576	854.946
Kerfisþjónustukaup	672.310	644.858
Orkukaup og kerfisþjónusta samtals	1.763.886	1.499.804

9. Laun og launatengd gjöld

Sjá mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 35i

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	1.248.163	1.182.882
Iðgjaldatengdar lífeyrisgreiðslur	159.491	143.152
Réttindatengdar lífeyrisgreiðslur	7.281	8.178
Önnur launatengd gjöld	126.856	126.828
Eignfærð laun	(185.366)	(210.047)
Gjaldfærð laun og launatengd gjöld samtals	1.356.425	1.250.993

Gjaldfærð laun og launatengd gjöld skiptast þannig:

Rekstur flutningskerfis	457.159	415.458
Kerfisstjórn	509.957	480.889
Annar rekstrarkostnaður	389.309	354.646
Laun og launatengd gjöld samtals	1.356.425	1.250.993

Stöðugildi að meðaltali	125	122
Stöðugildi í árslok umreiknuð í heilsársstörf	113	114

Laun stjórnar, forstjóra og tveggja framkvæmdastjóra voru sem hér segir:

Laun stjórnar	6.611	6.486
Laun og hlunnindi forstjóra	17.015	15.440
Laun og hlunnindi tveggja framkvæmdastjóra	45.966	41.621

Í lok ársins 2014 urðu breytingar á yfirstjórn félagsins og er uppgjör launa vegna þeirra breytinga fært á árinu 2014.

Skýringar, frh.:

10. Afskriftir

Sjá mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 35c og 35d

Afskriftir greinast þannig:

	2014	2013
Afskriftir rekstrarfjármuna, sbr. skýringu 13	2.737.096	2.509.721
Afskriftir og virðisrýrnun óefnislegra eigna, sbr. skýringu 14	230.634	88.200
Afskriftir færðar í rekstrarreikning	2.967.730	2.597.921

Afskriftir skiptast þannig í rekstrarreikningi:

Rekstur flutningskerfis	2.792.187	2.436.690
Kerfisstjórn	69.013	66.277
Annar rekstrarkostnaður	106.530	94.954
Afskriftir færðar í rekstrarreikning	2.967.730	2.597.921

11. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Sjá mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 35m

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtatekjur af bankareikningum	116.685	129.748
Tekjur af verðbréfaeign	27.206	11.293
Gengismunur	981.560	0
Fjármunatekjur samtals	1.125.451	141.041
Vaxtagjöld	(2.181.395)	(2.161.747)
Verðbætur	(511.459)	(1.751.913)
Gengismunur	0	(328.397)
Áhrif núvirðingar niðurrifsskuldbindingar	(43.698)	(40.856)
Eignfærðir vextir vegna flutningsvirkja í byggingu	92.042	271.978
Fjármagnsgjöld samtals	(2.644.510)	(4.010.935)
Hrein fjármagnsgjöld	(1.519.059)	(3.869.894)

Fjármagnskostnaður vegna bygginga á flutningsvirkjum að fjárhæð 92 millj. kr. (2013: 272 millj. kr.), er eignfærður og hefur verið færður til lækkunar á fjármagnsgjöldum í rekstrarreikningi.

Eignfærður fjármagnskostnaður nam 4,8% af bundnu fé í flutningsvirkjum í byggingu á árinu (2013: 7,0%). Um er að ræða meðaltals fjármagnskostnað félagsins á árinu.

12. Tekjuskattur

Sjá mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 35n

Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:

Frestaður tekjuskattur ársins	(343.344)	(539.511)
Tekjuskattur til greiðslu	(587.811)	0
Gjaldfærður tekjuskattur í rekstrarreikningi	(931.155)	(539.511)

Breyting tekjuskattsskuldbindingar greinist þannig:

Breyting á tímabundnum mismun	(152.137)	120.199
Nýting á yfirfæranlegu skattalegu tapi	(191.207)	(659.710)
Breyting tekjuskattsskuldbindingar	(343.344)	(539.511)

12. Tekjuskattur, frh.:

		2014		2013
Afstemming á virku skatthlutfalli				
Hagnaður fyrir tekjuskatt		4.693.396		2.722.909
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	20,0%	(938.679)	20,0%	(544.582)
Áhrif hlutdeildarfélaga	(0,2%)	7.661	(0,2%)	5.011
Annað	0,0%	(137)	0,0%	60
Virkur tekjuskattur	19,8%	(931.155)	19,8%	(539.511)

13. Rekstrarfjármunir

Sjá mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 35c

Forsendur endurmats rekstrarfjármuna

Í samræmi við heimild í alþjóðlegum reikningsskilastaðli voru línur og tengivirki félagsins endurmetnar á árinu 2008. Við endurmatið var beitt tvenns konar aðferðum. Annars vegar var litið til áætlaðs endurbyggingarkostnaðar flutningskerfisins, sem var metinn af óháðum sérfræðingum í ársbyrjun 2008 og framreiknaður til ársloka 2008. Hins vegar var lagt mat á rekstrarvirði með sjóðstreymisgreiningu. Matstímabilið var frá 2009 til 2013 og eftir það reiknað framtíðarvirði rekstrar. Endurmat ársins 2008 byggðist á rekstrarvirði og voru helstu forsendur þess rekstraráætlanir félagsins fyrir árin 2009-2013, 30% eiginfjárhlutfall, að gjaldskrá félagsins fyrir flutning til dreifiveita fylgdi verðlagsþróun á Íslandi, gjaldskrá félagsins fyrir flutning til stórnotenda fylgdi verðlagsbreytingum í Bandaríkjunum og við mat á vegnum meðalfjármagnskostnaði (WACC) var tekið mið af sambærilegum fyrirtækjum erlendis. Það er mat stjórnenda að ekki séu forsendur til endurmats rekstrarfjármuna á árinu 2014. Endurmatið fellur undir stig 3 í stigveldi gangvirðis.

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Tengivirki	Háspennu-línur	Aðrir fasta-fjármunir	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða 1.1.2013	23.084.752	47.408.117	3.489.244	73.982.113
Viðbætur á árinu	500.107	175.437	311.121	986.665
Flutt af flutningsvirkjum í byggingu	3.564.171	2.532.923	0	6.097.094
Selt og aflagt	0	0	(5.672)	(5.672)
Staða 31.12.2013	27.149.030	50.116.477	3.794.693	81.060.200
Viðbætur á árinu	587.873	173.209	392.789	1.153.871
Flutt af flutningsvirkjum í byggingu	2.051.466	105.521	0	2.156.987
Staða 31.12.2014	29.788.369	50.395.207	4.187.482	84.371.058
Afskriftir og virðisrýrnun				
Staða 1.1.2013	4.774.360	9.699.091	883.247	15.356.698
Afskriftir ársins	797.613	1.533.159	178.949	2.509.721
Selt og aflagt	0	0	(3.840)	(3.840)
Staða 31.12.2013	5.571.973	11.232.250	1.058.356	17.862.579
Afskriftir ársins	926.411	1.613.287	197.398	2.737.096
Staða 31.12.2014	6.498.384	12.845.537	1.255.754	20.599.675
Bókfært verð				
1.1.2013	18.310.392	37.709.026	2.605.997	58.625.415
31.12.2013	21.577.057	38.884.227	2.736.337	63.197.621
31.12.2014	23.289.985	37.549.670	2.931.728	63.771.382

13. Rekstrarfjármunir, frh.:

	Tengivirki	Háspennu-línur	Aðrir fasta-fjármunir	Samtals
Bókfært verð án endurmats				
1.1.2013	15.794.313	25.733.557	2.605.997	44.133.867
31.12.2013	19.182.702	27.493.585	2.736.337	49.412.624
31.12.2014	21.021.349	26.742.393	2.931.728	50.695.470

Fasteignamat og vátryggingarverð

Fasteignamat þeirra eigna fyrirtækisins sem metnar eru í fasteignamati nemur um 3,2 milljörðum kr. (2013: 2,8 milljarðar kr.). Brunabótamat sömu eigna nemur um 5,5 milljörðum kr. (2013: 5,2 milljarðar kr.) og bókfært verð 4,0 milljörðum kr. (2013: 3,6 milljarðar kr.). Vátryggingafjárhæð eigna fyrirtækisins, annarra en háspennulína og strengja sem tryggð eru með viðlagatryggingu, nemur 53,5 milljörðum kr. (2013: 47,5 milljarðar kr.). Félagið er með viðlagatryggingu að fjárhæð 113,1 milljarðar kr. (2013: 109,9 milljarðar kr.).

Flutningsvirki í byggingu	2014	2013
Staða 1.1.	1.086.550	1.769.671
Viðbætur á árinu	1.765.113	5.364.675
Flutt á rekstrarfjármuni	(2.156.987)	(6.097.094)
Flutt af undirbúningskostnaði	114.535	49.298
Staða 31.12.	809.211	1.086.550

14. Óefnislegar eignir:

Sjá mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 35d

	Undirbúnings-kostnaður	Hugbúnaður	Samtals
Kostnaðarverð			
Staða 1.1.2013	1.482.113	391.844	1.873.957
Viðbætur á árinu	118.607	35.655	154.262
Flutt á flutningsvirki í byggingu	(49.298)	0	(49.298)
Staða 31.12.2013	1.551.422	427.499	1.978.921
Viðbætur á árinu	349.717	82.153	431.870
Flutt á flutningsvirki í byggingu	(114.535)	0	(114.535)
Staða 31.12.2014	1.786.604	509.652	2.296.256
Afskriftir og virðisrýrnun			
Staða 1.1.2013	220.489	277.238	497.727
Afskriftir og virðisrýrnun ársins	75.307	12.893	88.200
Staða 31.12.2013	295.796	290.131	585.927
Afskriftir og virðisrýrnun ársins	211.376	19.258	230.634
Staða 31.12.2014	507.172	309.389	816.561
Bókfært verð			
1.1.2013	1.261.624	114.606	1.376.230
31.12.2013	1.255.626	137.368	1.392.994
31.12.2014	1.279.432	200.263	1.479.695

14. Óefnislegar eignir, frh.:
Undirbúningskostnaður er á hverju ári yfirfarinn af stjórnendum Landsnets hf. og athugað er hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun. Ef stjórnendur telja að virðisrýrnun hafi orðið er sá undirbúningskostnaður færður til gjalda sem virðisrýrnun.

15. Eignarhlutur í dótturfélagi

Sjá mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 35e

Eignarhlutur í dótturfélagi:

	2014		2013	
	Eignarhlutur	Bókfært verð	Eignarhlutur	Bókfært verð
Landsnet ehf.	100,00%	500	100,00%	500

Eignarhlutur félagsins í Landsneti ehf. er færður á kostnaðarverði. Enginn rekstur hefur verið í félaginu frá stofnun.

16. Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi

Sjá mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 35f

Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi:

	2014	2013	2014	2013
	Afkomu-hlutdeild	Afkomu-hlutdeild	Bókfært verð	Bókfært verð
Orkufjarskipti hf. 50%	38.303	25.055	707.209	668.906

17. Birgðir

Sjá mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 35g

Birgðir félagsins eru varahlutir og efnisbirgðir. Ekki var færð niðurfærsla á birgðum félagsins á árunum 2014 og 2013.

18. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Sjá mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 35b

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur:	2014	2013
Viðskiptakröfur	838.817	405.808
Aðrar skammtímakröfur	282.846	161.589
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals	1.121.663	567.397

19. Markaðsverðbréf

Sjá mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 35b

Markaðsverðbréf í eigu félagsins eru skráð í kauphöll. Þau eru auðseljanleg, en flokkast ekki sem handbært fé þar sem líftími þeirra er lengri en þrír mánuðir. Mat markaðsverðbréfa fellur undir stig 1 í stigveldi gangvirðis.

20. Handbært fé

Sjá mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 35b

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

21. Eigið fé

Sjá mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 35b

Hlutafé

Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 5.903 millj. kr. í árslok. Félagið á engin eigin bréf. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Allt hlutafé félagsins hefur verið greitt.

Endurmatsreikningur

Endurmatsreikningur félagsins samanstendur af endurmatshækkun rekstrarfjármuna að frádregnum tekjuskattsáhrifum. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning og millifærðar á sama tíma af endurmatsreikningi á óráðstafað eigið fé (ójafnað tap).

Lögbundinn varasjóður

Samkvæmt lögum um hlutafélög skal félagið binda 25% af nafnverði hlutafjár í varasjóði, sem ekki má nota til að greiða hluthöfum arð. Í varasjóðinn skal leggja 10% af hagnaði hvers árs þar til sjóðurinn nemur 10% af nafnverði hlutafjár, en 5% eftir það.

Arður

Félagið greiddi hvorki arð á árinu 2014 vegna rekstrarárins 2013, né á árinu 2013 vegna rekstrarársins 2012.

22. Hagnaður á hlut

Sjá mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 35o

	2014	2013
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut:		
Hagnaður til hluthafa	3.762.241	2.183.398
Vegið meðaltal útistandandi hluta í árslok	5.902.733	5.902.733
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut	0,64	0,37

23. Vaxtaberandi skuldir

Sjá mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 35b

Hér eru upplýsingar um samningsbundin lánskjör af lántökum félagsins, sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði.

Langtímaskuldir	2014	2013
Verðtryggt skuldabréfalán frá móðurfélagi í íslenskum krónum, fastir vextir	44.692.176	44.235.700
Lánasamningur í svissneskum frönkum (CHF), Libor vextir + álag	5.639.308	6.436.052
Verðtryggð skuldabréfalán í íslenskum krónum, fastir vextir	5.234.862	5.330.965
	55.566.346	56.002.717
Næsta árs afborgun langtímaskulda	(919.008)	(914.607)
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals	54.647.338	55.088.110

Skammtímaskuldir		
Skammtímaskuldir við móðurfélag greinast þannig:		
Áfallnir vextir langtímalána	1.463.420	1.448.473
Skammtímaskuldir við móðurfélag samtals	1.463.420	1.448.473

Skuldabréfalán frá móðurfélagi er verðtryggt kúlulán með gjalddaga höfuðstóls árið 2020 og árlegan vaxtagjalddaga. Verðtryggð skuldabréfalán frá þriðja aðila eru jafngreiðslubréf til 25 ára, en lokagjalddagi er árið 2034. Lánasamningur í svissneskum frönkum (CHF) er skuldabréf með jöfnum afborgunum og lokagjalda árið 2022.

23. Vaxtaberandi skuldir, frh.:

Skilmálar vaxtaberandi skulda

	Lokagjalddagi	2014 Vegnir meðalvextir	2014 Bókfært verð	2013 Vegnir meðalvextir	2013 Bókfært verð
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:					
Skuldir í CHF	2022	0,30%	5.639.308	0,31%	6.436.052
Skuldir í íslenskum krónum:					
Verðtryggðar	2020 og 2034	4,30%	49.927.038	4,30%	49.566.665
Vaxtaberandi skuldir samtals			55.566.346		56.002.717

Afborganir greinast þannig á næstu ár:	2014	2013
Árið 2015/2014	919.008	914.607
Árið 2016/2015	927.468	922.577
Árið 2017/2016	936.356	930.950
Árið 2018/2017	945.693	939.747
Árið 2019/2018	955.504	948.989
Síðar	50.882.317	51.345.847
	55.566.346	56.002.717

24. Tekjuskattskuldbinding

Sjá mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 35n

Tekjuskattsskuldbinding félagsins greinist þannig:

Tekjuskattsskuldbinding 1. janúar	2.331.443	1.791.932
Tekjuskattur ársins færður í rekstrarreikning	931.155	539.511
Tekjuskattur til greiðslu	(587.811)	0
Tekjuskattsskuldbinding 31. desember	2.674.787	2.331.443

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig í árslok:

Rekstrarfjármunir	2.604.009	2.609.784
Óefnislegar eignir	189.042	208.035
Aðrar eignir	20.913	0
Niðurrifsskuldbinding	(163.953)	(155.033)
Aðrar skuldbindingar	(84.206)	(86.162)
Óinnleystur gengismunur	108.982	(53.974)
Yfirfæranlegt skattalegt tap	0	(191.207)
Tekjuskattsskuldbinding 31. desember	2.674.787	2.331.443

25. Fyrirframinnheimtar tekjur

Fyrirframinnheimtar tekjur eru vegna tengigjalda sem raforkukaupendur hafa greitt félaginu. Þær námu í árslok 369 millj. kr. (2013: 384 millj. kr.). Sá hluti fyrirframinnheimtra tekna sem tekjufærður verður á næsta ári er færður meðal skammtímaskulda. Tekjufærð tengigjöld á árinu 2014 námu 15 millj. kr. (2013: 12 millj. kr.).

26. Niðurrifsskuldbinding

Sjá mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 35j

Breyting skuldbindingar vegna niðurrifs greinist þannig:	2014	2013
Staða 1.1.	775.163	734.307
Bakfærsla núvirðingar á árinu	43.699	40.856
Hækkun skuldbindingar	904	0
Staða í árslok	819.766	775.163

26. Niðurrifsskuldbinding, frh.:

Stofnverð rekstrarfjármuna innifelur áætlaðan kostnað við niðurrif þeirra að lokinni notkun. Áætlaður niðurrifskostnaður lína hefur verið metinn og núvirtur miðað við forsendur um nýtingartíma. Á móti hefur verið færð skuldbinding meðal langtímaskulda. Í rekstrarreikning er breyting á skuldbindingunni vegna núvirðingar, sem miðuð er við 6,9% vexti (2013: 6,9%), færð meðal fjármagnsgjalda, auk afskrifta meðal rekstrarkostnaðar.

27. Lífeyrisskuldbinding

Sjá mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 35i

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins reiknar í lok hvers árs áfallna lífeyrisskuldbindingu sem myndast hefur á því ári. Tryggingafræðilegt mat miðast við að áfallin skuldbinding vegna ársins sé reiknuð til núvirðis í árslok með þeim ársvöxtum, sem almennt eru notaðir við mat á skuldbindingum lífeyrissjóða, nú 3,5%. Á árinu 2014 eru gjaldfærðar 7 millj. kr. vegna þessa (2013: 8 millj. kr.), en áfallin lífeyrisskuldbinding er gerð upp árlega.

28. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Sjá mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 35b

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	2014	2013
Viðskiptaskuldir	847.191	419.108
Aðrar skammtímaskuldir	337.572	327.703
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	1.184.763	746.811

29. Fjármálagerningar

Stýring fjárhagslegrar áhættu

Eftirfarandi áhætta fylgir fjármálagerningum félagsins:

- Mótaðilaáhætta
- Lausafjáráhætta
- Markaðsáhætta

Hér eru veittar upplýsingar um framangreindar áhættur, markmið, stefnu og aðferðir félagsins við að meta og draga úr áhættum, auk upplýsinga um eiginfjárstýringu þess. Að auki eru veittar tölulegar upplýsingar víðar í ársreikningnum.

Stjórn félagsins ber að innleiða og hafa eftirlit með fjármálalegri áhættu þess. Stjórnin sækir ráðgjöf vegna fjármálalegrar áhættu bæði til starfsmanna félagsins og utanaðkomandi ráðgjafa og ræðir reglulega á stjórnarfundum.

Markmið félagsins með virku eftirliti með fjármálalegri áhættu er að uppgötva og greina áhættuþætti tímanlega, greina þær áhættur sem félagið býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Áhættustefna félagsins og aðferðir eru yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi félagsins.

Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Mótaðilaáhætta félagsins er aðallega vegna viðskiptakrafna og ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna.

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Helstu viðskiptavinir félagsins eru raforkuframleiðendur, dreifingaraðilar raforku og stórnotendur. Stærstu viðskiptamenn félagsins eru einnig hluthafar í félaginu. Um 86% (2013: 87%) af flutningstekjum félagsins eru vegna viðskipta við hluthafa félagsins.

29. Fjármálagerningar, frh.:

Mesta mögulega tap vegna lánsáhættu

Mesta mögulega tap félagsins vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem var eftirfarandi í árslok:

	2014	2013
Langtímakröfur	23.286	34.929
Viðskiptakröfur á móðurfélag	702.735	0
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	1.110.020	555.754
Markaðsverðbréf	470.971	234.344
Handbært fé	12.234.663	9.917.204
Mesta mögulega tap vegna lánsáhættu	14.541.675	10.742.231

Niðurfærsla

Hvorki var færð niðurfærsla vegna viðskiptakrafna í árslok né gjaldfærðar tapaðar kröfur á árinu og byggir það á mati og reynslu stjórnenda. Reglulega er fylgst með innheimtumálum félagsins.

Lausafjáráhætta

Lausafjáráhætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið félagsins er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor félagsins.

Samningsbundnar greiðslur vegna fjárskulda, þar með taldar væntanlegar vaxtagreiðslur greinast þannig:

2014	Bókfært	Samnings-bundið sjóðstreymi	Innan árs	Eftir 1-2 ár	Eftir 2-5 ár	Meira en 5 ár
Fjárskuldir sem ekki eru afleiður:						
Skuldir við móðurfélag	46.155.596	55.981.420	1.881.541	1.881.541	5.644.622	46.573.716
Langtímask.	10.874.170	13.942.350	1.205.789	1.202.673	3.374.244	8.159.644
Viðskiptask. og aðrar skammt.sk.	1.184.763	1.184.763	1.184.763	0	0	0
	58.214.529	71.108.533	4.272.093	3.084.214	9.018.866	54.733.360
2013						
Fjárskuldir sem ekki eru afleiður:						
Skuldir við móðurfélag	45.684.173	57.271.961	1.862.323	1.862.323	5.586.969	47.960.346
Langtímask.	11.767.017	15.144.891	1.239.031	1.225.321	3.698.011	8.982.528
Viðskiptask. og aðrar skammt.sk.	1.234.864	1.234.864	1.234.864	0	0	0
	58.686.054	73.651.716	4.336.218	3.087.644	9.284.980	56.942.874

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði fjármálagerninga þess. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

29. Fjármálagerningar, frh.:

Gjaldmiðlagengisáhætta

Gengisáhætta er sú áhætta að fé tapist vegna óhagstæðra breytinga á gengi gjaldmiðla. Félagið býr við gengisáhættu vegna tekna, innkaupa og lántöku í öðrum gjaldmiðlum en starfrækslugjaldmiðli félagsins. Starfrækslugjaldmiðill félagsins er íslenskar krónur og myndast því gengisáhætta af nettó sjóðstreymi og opinni stöðu efnahagsreiknings í öðrum myntum en íslenskum krónum. Meiri hluti tekna félagsins er í bandarískum dollurum (USD) og á árinu 2014 voru 58,8% heildartekna félagsins í bandarískum dollurum (2013: 62,7%). Innkaup eru aðallega í íslenskum krónum, en þó er hluti innkaupa í öðrum myntum, aðallega í evru (EUR) og svissneskum frönkum (CHF). Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhættu eru bandarískir dollarar (USD) og svissneskur franki (CHF). Á árinu 2015 er áætlað að 64,4% heildartekna félagsins verði í bandarískum dollurum (USD).

Félagið ver sig að jafnaði ekki fyrir gjaldmiðlagengisáhættu, en metur reglulega myntsamsetningu skulda félagsins á móti myntsamsetningu tekna og eigna.

Lántaka félagsins í svissneskum frönkum (CHF), myndar gengisáhættu en vextir af þessu láni eru lægri en af lánum sem félagið tekur í íslenskum krónum.

Áhætta félagsins vegna helstu erlendra gjaldmiðla er sem hér segir:

	EUR	CHF	USD
2014			
Handbært fé	7.177	8.476	10.509.162
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	526	0	277.192
Vaxtaberandi langtímaskuldir	0	(5.639.308)	0
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	(80.814)	(5.569)	(3.788)
Áhætta í efnahagsreikningi	(73.111)	(5.636.401)	10.782.566
2013			
Handbært fé	10.991	25.987	8.541.356
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	424	0	294.025
Vaxtaberandi langtímaskuldir	0	(6.436.052)	0
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	(61.263)	(6.506)	(15.680)
Áhætta í efnahagsreikningi	(49.848)	(6.416.571)	8.819.701

	Meðalgengi		Árslokagengi	
	2014	2013	2014	2013
Gjaldmiðlar				
EUR	154,86	162,38	154,27	158,50
CHF	127,50	131,91	128,29	129,19
USD	116,75	122,23	126,90	115,03

Næmigreining

Styrking íslensku krónunnar um 10% gagnvart eftirtöldum gjaldmiðlum þann 31. desember hefði hækkað (lækkað) afkomu félagsins eftir tekjuskatt um eftirfarandi fjárhæðir. Áhrif annarra erlendra gjaldmiðla eru óveruleg. Greiningin byggist á að allar aðrar breytur, sérstaklega vextir, haldist óbreyttar. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árið 2013.

	2014	2013
EUR	5.849	3.988
CHF	450.912	513.326
USD	(862.605)	(705.576)

Veiking íslensku krónunnar um 10% gagnvart gjaldmiðlunum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt, að því gefnu að allar aðrar breytur hefðu haldist óbreyttar.

29. Fjármálagerningar, frh.:

Vaxtaáhætta

Félagið býr við vaxtaáhættu vegna vaxtaberandi eigna og skulda. Lántökur félagsins eru bæði með breytilegum vöxtum og föstum vöxtum með verðbótum, en stærstur hluti lána félagsins ber fasta innlenda vextir ofaná verðtryggingu samanber skýringu nr. 23. Hlutfall vaxtaberandi skulda með breytilega vexti er 10% samanborið við 11% í árslok 2013.

Vaxtaberandi fjármálagerningar félagsins í árslok greinast þannig:

	Bókfært verð	
	2014	**2013**
Fjármálagerningar með breytilega vexti		
Fjáreignir	12.728.920	10.186.477
Fjárskuldir	(5.639.308)	(6.436.052)
	7.089.612	3.750.425
Fjármálagerningar með fasta vexti		
Fjárskuldir	(49.927.038)	(49.566.665)

Næmigreining sjóðstreymis vegna fjármálagerninga með fasta vexti

Skuldir félagsins sem eru með fasta vextir eru annars vegar kúlulán með einni afborgun árið 2020 við móðurfélag félagsins og hins vegar jafngreiðslu skuldabréfalán til 25 ára. Þessar skuldir eru ekki færðar á gangvirði. Því eiga breytingar á markaðsvöxtum á uppgjörsdegi ekki að hafa áhrif á rekstrareikning félagsins.

Næmigreining sjóðstreymis vegna fjármálagerninga með breytilega vexti

Breyting á vöxtum um 100 punkta myndi hækka (lækka) afkomu um eftirfarandi fjárhæðir eftir tekjuskatt. Greiningin byggir á þeirri forsendu að allar aðrar breytur, sérstaklega gengi erlendra gjaldmiðla, haldist óbreyttar. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árið 2013.

	Afkoma	
	100 punkta hækkun	**100 punkta lækkun**
31. desember 2014		
Fjármálagerningar með breytilega vexti	43.360	(77.010)
Næmni sjóðstreymis (nettó)	43.360	(77.010)
31. desember 2013		
Fjármálagerningar með breytilega vexti	26.061	(65.027)
Næmni sjóðstreymis (nettó)	26.061	(65.027)

Gangvirði

Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði

Mismunur á gangvirði og bókfærðu verði fjáreigna og fjárskulda í efnahagsreikningi greinist þannig:

	31.12.2014		31.12.2013	
	Bókfært verð	**Gangvirði**	**Bókfært verð**	**Gangvirði**
Vaxtaberandi skuldir við móðurfélag, langtíma	(44.692.176)	(47.580.197)	(44.235.700)	(49.842.048)
Aðrar vaxtaberandi langtímaskuldir	(10.874.170)	(11.907.963)	(11.767.017)	(13.115.500)
	(55.566.346)	(59.488.160)	(56.002.717)	(62.957.548)

Gangvirði annarra fjármálagerninga er jafnt bókfærðu verði þeirra.

Vextir við mat á gangvirði

Við núvirðingu vænts sjóðstreymis eru notaðir vextir af ríkisskuldabréfum auk 0,4 prósentustiga álags á uppgjörsdegi. Sama álag var notað við núvirðingu vænts sjóðstreymis árið 2013.

29. Fjármálagerningar, frh.:

Flokkun fjármálagerninga

Fjáreignir og fjárskuldir greinast í eftirfarandi flokka fjármálagerninga:

	Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur	Lán og kröfur	Fjárskuldir færðar á afskrifuðu kostnaðar-verði	Bókfært virði
2014				
Langtímakröfur		11.643		11.643
Kröfur á móðurfélag		702.735		702.735
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		1.121.663		1.121.663
Markaðsverðbréf	470.971			470.971
Handbært fé		12.234.663		12.234.663
	470.971	14.070.704	0	14.541.675
Skuldir við móðurfélag			46.155.596	46.155.596
Aðrar langtímaskuldir			10.874.170	10.874.170
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		1.184.763		1.184.763
	0	1.184.763	57.029.766	58.214.529
2013				
Langtímakröfur		23.286		23.286
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		567.397		567.397
Markaðsverðbréf	234.344			234.344
Handbært fé		9.917.204		9.917.204
	234.344	10.507.887	0	10.742.231
Skuldir við móðurfélag		488.053	45.684.173	46.172.226
Aðrar langtímaskuldir			11.767.017	11.767.017
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		746.811		746.811
	0	1.234.864	57.451.190	58.686.054

Verðtryggingaráhætta

Verðtryggingaráhætta er hættan á að sveiflur í vísitölu neysluverðs hafa áhrif á fjárhagsstöðu og sjóðstreymi verðtryggðra fjármálagerninga. Meirihluti vaxtaberandi skulda félagsins er verðtryggður en meirihluti tekna er í óverðtryggðum bandarískum dollurum (USD).

Næmigreining sjóðstreymis vegna fjármálagerninga með verðtryggingu

Breyting á vísitölu neysluverðs um 1 prósentustig (100 punkta) myndi (lækka) hækka afkomu um eftirfarandi fjárhæðir eftir tekjuskatt. Greiningin byggir á þeirri forsendu að allar aðrar breytur haldist óbreyttar. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árið 2013.

	Afkoma	
	100 punkta hækkun	100 punkta lækkun
31. desember 2014		
Fjármálagerningar með verðtryggingu	(416.024)	416.024
Næmni sjóðstreymis (nettó)	(416.024)	416.024
31. desember 2013		
Fjármálagerningar með verðtryggingu	(407.848)	407.848
Næmni sjóðstreymis (nettó)	(407.848)	407.848

29. Fjármálagerningar, frh.:

Önnur markaðsáhætta

Önnur markaðsáhætta er takmörkuð, þar sem fjárfestingar í skuldabréfum og eignarhlutum eru óverulegur hluti af starfsemi félagsins.

Eiginfjárstýring

Félaginu ber ekki að fylgja ytri reglum um lágmarkseiginfjárstöðu.

30. Rekstrarleiga

Félagið sem leigutaki

Félagið er með á leigu hluta af flutningsvirkjum innlendra orkufyrirtækja. Leigusamningarnir eru ótímasettir og er útreikningur leiguverðs undir eftirliti Orkustofnunar. Á árinu 2014 námu leigugreiðslur 143 millj. kr. (2013: 166 millj. kr.)

31. Óvissa

Raforkulög

Samkvæmt raforkulögum nr. 65/2003 skal Orkustofnun setja Landsneti hf. tekjumörk og skulu þau sett fyrirfram og fyrir tiltekið tímabil. Fyrst í stað voru þau einungis sett fyrir einstök ár. Á árinu 2006 voru félaginu í fyrsta sinn sett tekjumörk samkvæmt þágildandi lögum fyrir þriggja ára tímabil, árin 2007 – 2009. Tekjumörk fyrir árið 2010 voru ekki sett af Orkustofnun fyrr en í ágúst 2012 og einungis fyrir eitt ár vegna breytinga á raforkulögunum, sem tóku gildi í ársbyrjun 2011.

Með lögum nr. 19/2011 voru gerðar nokkrar breytingar á raforkulögunum er snéru að tekjumörkum og gilda þær um setningu tekjumarka frá og með árinu 2011. Helstu breytingarnar voru að tekjumarkatímabilið var lengt úr þremur árum í fimm, arðsemi skyldi miðuð við veginn fjármagnskostnað í stað ávöxtunarkröfu fimm ára óverðtryggðra ríkisskuldabréfa, eignagrunni stórnotenda var breytt úr krónum í bandaríska dollara (USD), auk þess sem tekið var tillit til fjárbindingar vegna veltufjármuna. Samkvæmt gildandi raforkulögum skulu arðsemismörk ákvörðuð sérstaklega fyrir stórnotendur annars vegar og dreifiveitur hins vegar. Tekjumörk skulu sett eigi síðar en 15. september árið áður en ný tekjumörk taka gildi og eigi síðar en 1. ágúst ár hvert skulu liggja fyrir uppfærð tekjumörk og uppgjör Orkustofnunar fyrir fyrra ár, sem og rökstuðningur fyrir breytingum ef einhverjar eru. Ein af meginforsendum þess að markmiði raforkulaga um hagkvæmni í rekstri Landsnets, sem stefnt er að með tekjumarkalíkaninu, verði náð er að arðsemin sé ákvörðuð fimm ár fram í tímann.

Ágreiningur hefur verið á milli Orkustofnunar og Landsnets um uppgjör áranna 2006 – 2009 vegna túlkunar ákvæða um arðsemisviðmið tekjumarka dreifiveitna. Landsnet hefur í þrígang kært ákvörðun Orkustofnunar um uppgjör fyrir það tímabil til úrskurðanefndar raforkumála, sem ógilti með úrskurði 6. júní 2014 í þriðja skipti ákvarðanirnar og sendi Orkustofnun málið aftur til endurákvörðunar.

Orkustofnun birti 1. október 2012 ákvörðun um veginn fjármagnskostnað sem gilda skyldi frá 1. janúar 2011. Tekjumörk fyrir árin 2011 – 2015 byggð á þeirri ákvörðun voru sett af Orkustofnun þann 28. júlí 2013. Hagsmunaaðilar kærðu ákvörðun Orkustofnunar og ógilti úrskurðanefnd raforkumála hana með úrskurði 2. desember 2013. Ógildingin byggði á því að frekari rök þyrfti við ákvörðun áhættu- og vaxtaálags. Samkvæmt úrskurðinum skal Orkumálastjóri birta nýja ákvörðun um arðsemisviðmið byggða á nýju áliti sérfræðinganefndar. Sú ákvörðun liggur ekki fyrir og er því óvissa um tekjumörkin fyrir tímabilið.

Það veldur verulegri óvissu í rekstri félagsins að ákvarðanir Orkustofnunar um leyfða arðsemi og tekjumörk skuli ítrekað ekki liggja fyrir á settum tímamörkum í samræmi við ákvæði laga. Félaginu er því ekki kleift að bregðast við ákvörðunum Orkustofnunar með breytingum á gjaldskrá fyrir upphaf hvers tekjumarkaárs.

Ekki er ágreiningur um uppgjör fyrir árið 2010, en óvissa er um tekjumörk áranna 2011 – 2014 þar til ákvörðun um veginn fjármagnskostnað liggur endanlega fyrir og veldur það óvissu um stöðu félagsins.

Stórnotendur

Frá árinu 2005 og fram í ágúst 2007 voru tekjur og tekjumörk Landsnets fyrir stórnotendur í íslenskum krónum. Í ágúst 2007 var gjaldskrá stórnotenda færð yfir í bandaríkjadali (USD) að fengnu samþykki Orkustofnunar, án þess að tekjumörkum væri breytt til samræmis.

31. Óvissa, frh.:

Í kjölfar gengisfalls íslensku krónunnar á árinu 2008 jukust tekjur Landsnets vegna stórnotenda verulega í íslenskum krónum. Stjórnvöld sýndu vilja til að breyta lögum þannig að tekjumörk fyrir stórnotendur yrðu sett í sama gjaldmiðli og gjaldskráin. Með lögum nr. 19/2011, um breytingu á raforkulögum, var eignagrunni sem grundvallar arðsemi og afskriftir í tekjumörkum stórnotenda breytt yfir í bandaríkjadali miðað við 31. júlí 2007 og þannig myndað jafnvægi á milli tekjumarka og gjaldskrár. Félagið hefur frá árinu 2011 talið sig hafa safnað inneign vegna stórnotenda og gerðu áætlanir þess ráð fyrir að skuldbindingar vegna oftekinna tekna fyrri ára hefðu verið jafnaðar í samræmi við ákvæði laga.

Væntanleg ákvörðun Orkustofnunar um veginn fjármagnskostnað og þar með á tekjumörkum áranna 2011 til 2014 gæti breytt þeirri niðurstöðu eins og fram er komið.

Dreifiveitur

Í árslok 2014 er óleystur ágreiningur á milli Landsnets og Orkustofnunar um arðsemi sem nota skal við ákvörðun tekjumarka fyrir dreifiveitur á árunum 2006 – 2009 og hvernig túlka skuli bráðabirgðaákvæði raforkulaga þar um. Niðurstaða liggur ekki fyrir og því er ekki ljóst hver staða tekjumarka dreifiveitna er vegna þessa tímabils, en ágreiningur er um 1,5 milljarð kr. Vegna ákvarðana Orkustofnunar hafði Landsnet höfðað mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur til að fá úr því skorið hvernig skýra ber umrætt bráðabirgðaákvæði raforkulaga sem gildir fyrir árin 2006 – 2009, en það mál er enn þá í bið meðan beðið er nýrrar ákvörðunar Orkustofnunar. Meðan málið er óútkljáð hefur Landsnet tekið mið af ákvörðun Orkustofnunar við setningu gjaldskrár, þannig að áætluð endurgreiðsla er nú talin 0,3 milljarðar kr.

Væntanleg ákvörðun Orkustofnunar um veginn fjármagnskostnað og þar með á tekjumörkum áranna 2011 til 2014 gæti breytt þeirri niðurstöðu eins og fram er komið.

Ákvæði laga um endurgreiðslu

Samkvæmt raforkulögum skal félagið setja gjaldskrá sína þannig að ofteknar tekjur nemi ekki meira en 10% af uppfærðum tekjumörkum í lok hvers uppgjörsárs. Komi í ljós við uppgjör tekjumarka að uppsafnaðar ofteknar tekjur eru umfram þessi mörk skal ná hlutfallinu niður fyrir tilskilin mörk eigi síðar en fyrir lok næsta árs á eftir. Ekki er gert ráð fyrir að ofteknar tekjur séu vaxtareiknaðar eða verðbættar.

Ákvæði laganna gera hvorki kröfu til Landsnets um að afhenda reiðufé eða aðrar eignir vegna oftekinna tekna né kröfu um að félagið afhendi viðbótarþjónustu án endurgjalds. Landsnet byggir gjaldskrárákvarðanir sínar á tekjumörkum með tilliti til endurgreiðsluákvæðisins.

Á grundvelli ákvæða laga og alþjóðlegra reikningsskilastaðla er ekki færð í ársreikninginn skuldbinding vegna hugsanlegra oftekinna tekna áranna 2006 – 2014.

32. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Móðurfélag, aðrir hluthafar, dótturfélag, hlutdeildarfélög, stjórnarmenn, stjórnendur og félög í þeirra í eigu teljast vera tengdir aðilar félagsins.

Lykilstjórnendur

Auk launa njóta forstjóri og framkvæmdastjórar félagsins framlags í réttindatengda lífeyrissjóði. Auk þess eru bifreiðahlunnindi greidd. Upplýsingar um laun stjórnenda eru í skýringu 9.

Viðskipti við tengda aðila

	2014	2013
Sala á vörum og þjónustu:		
Móðurfélag Landsnets og dótturfélög þess	7.428.440	6.656.405
Aðrir hluthafar	4.900.660	4.765.500
Sala á vörum og þjónustu til tengdra aðila samtals	12.329.100	11.421.905
Kaup á vörum og þjónustu:		
Móðurfélag Landsnets og dótturfélög þess	1.680.357	1.418.704
Aðrir hluthafar	475.008	509.992
Kaup á vörum og þjónustu frá tengdum aðilum samtals	2.155.365	1.928.696

32. Tengdir aðilar, frh.:

Auk kaupa á vörum og þjónustu greiddi félagið móðurfélagi sínu vaxtagjöld af lántökum að fjárhæð 1.859 millj. kr. (2013: 1.802 millj. kr.).

Staða í árslok

Viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir við tengda aðila greinast þannig:

	2014		2013	
	Kröfur	Skuldir	Kröfur	Skuldir
Móðurfélag Landsnets og dótturfélög þess	702.735	0	0	(488.053)
Aðrir hluthafar	543.582	0	398.764	(14.252)
Samtals	1.246.317	0	398.764	(502.305)

Aðrar kröfur og skuldir við tengda aðila greinast þannig:

	2014	2013
Vaxtaberandi skuld við móðurfélag, sbr. skýringu 23	44.692.176	44.235.700
Áfallnir vextir við móðurfélag	1.463.420	1.448.473
Samtals	46.155.596	45.684.173

33. Kennitölur

Helstu kennitölur félagsins:

Rekstur:	2014	2013
Rekstrarhagnaður (EBIT)	6.174.152	6.567.748
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	9.141.882	9.165.669
Efnahagur:		
Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir	3,63	3,12
Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn	23,5%	19,9%
Arðsemi eigin fjár	24,4%	16,5%

Tekjur félagsins eru ákvarðaðar samkvæmt 12 gr. raforkulaga og byggjast meðal annars á ákvörðun um arðsemi. Arðsemisviðmið samkvæmt lögunum er ákvarðað miðað við fjármagnskostnað á markaði og tiltekna fjármagnsskipan. Ávöxtun reiknaðs eigin fjár samkvæmt settum tekjumörkum fyrir árið 2014 var 13,6% (2013: 9%). Eiginfjárhlutfall félagsins er nokkru lægra en gert er ráð fyrir í arðsemisviðmiðum, en arðsemi eiginfjár félagsins miðað við forsendur tekjumarka er í takt við markmið sem ákvörðuð arðsemi byggir á.

34. Grundvöllur matsaðferða

Reikningsskil félagsins byggjast á kostnaðarverði, að eftirfarandi liðum undanskildum:

- Flutningsnet félagsins er fært á endurmetnu verði, sem var gangvirði þess á endurmatsdegi í árslok 2008.
- Fjármálagerningar á gangvirði gegnum rekstrareikning eru færðir á gangvirði.

35. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

Eftirfarandi efnisyfirlit sýnir á hvaða blaðsíðu má finna mismunandi mikilvægar reikningsskilareglur.

a. Erlendir gjaldmiðlar 87
b. Fjármálagerningar 87
c. Rekstrarfjármunir 88
d. Óefnislegar eignir 89
e. Eignarhlutur í dótturfélagi 89
f. Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi 90
g. Birgðir 90
h. Virðisrýrnun 90
i. Hlunnindi starfsmanna 90
j. Skuldbindingar 91
k. Tekjur 91
l. Leigugreiðslur 91
m. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld 91
n. Tekjuskattur 91
o. Hagnaður á hlut 91
p. Starfsþáttayfirlit 91
q. Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim 92

a. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörsdegi. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað. Gengismunur sem þannig myndast er færður í rekstrarreikning.

b. Fjármálagerningar

(i) Fjáreignir aðrar en afleiðusamningar

Lán, kröfur og handbært fé eru færð á þeim degi sem til þeirra er stofnað. Allar aðrar fjáreignir, þ.m.t. fjáreignir metnar á gangvirði gegnum rekstrarreikning, eru upphaflega færðar á þeim degi sem félagið gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum fjármálagerningsins.

Fjáreignir eru afskráðar ef samningsbundinn réttur félagsins að sjóðstreymi vegna fjáreignanna rennur út eða ef félagið framselur rétt til sjóðstreymis af eigninni til annars aðila án þess að halda eftir yfirráðum eða því sem næst allri þeirri áhættu og ávinningi sem í eignarhaldinu felst. Hluta af framseldum fjáreignum sem stofnað er til eða haldið eftir af félaginu er sérgreint í ársreikningi sem eign eða skuld.

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og hrein fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar og aðeins þegar lagalegur réttur félagsins er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda eða innleysa eignina og gera upp skuldina á sama tíma.

Félagið flokkar fjáreignir aðrar en afleiðusamninga í eftirfarandi flokka: fjáreignir metnar á gangvirði gegnum rekstrarreikning og lán og kröfur.

Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði gegnum rekstrarreikning

Fjáreignir eru flokkaðar á gangvirði gegnum rekstrarreikning séu þær veltufjáreign eða ef þær eru tilgreindar á gangvirði gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu í bókhald. Fjáreignir eru tilgreindar á gangvirði gegnum rekstrarreikning ef ákvarðanir félagsins um kaup og sölu byggjast á gangvirði þeirra í samræmi við skrásetta áhættustýringu félagsins eða fjárfestingastefnu. Við upphaflega skráningu er beinn viðskiptakostnaður færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til. Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru færðar á gangvirði í efnahagsreikning og gangvirðisbreytingar þaðan í frá eru færðar í rekstrarreikning. Markaðsverðbréf eru færð á gangverði gegnum rekstrarreikning.

35. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

Lán og kröfur

Lán og kröfur eru fjáreignir með föstum eða ákvarðanlegum greiðslum og sem ekki eru skráðar á virkum markaði. Slíkar eignir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru lán og kröfur metin á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun þegar við á.

Lán og kröfur samanstanda af viðskiptakröfum og öðrum skammtímakröfum.
Til handbærs fjár telst sjóður og óbundnar bankainnistæður sem eru til ráðstöfunar innan þriggja mánaða.

(ii) Fjárskuldir aðrar en afleiðusamningar

Skuldabréf eru færð á þeim degi sem til þeirra er stofnað. Allar aðrar fjárskuldir, þ.m.t. skuldir metnar á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru upphaflega færðar á þeim viðskiptadegi þegar félagið gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum fjármálagerningsins.

Félagið afskráir fjárskuld þegar samningsbundnum skyldum vegna skuldagerningsins er lokið, þær felldar niður eða falla úr gildi.

Félagið flokkar fjárskuldir aðrar en afleiðusamninga sem aðrar fjárskuldir. Slíkar skuldir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru þessar fjárskuldir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Til fjárskulda félagsins annarra en afleiðusamninga teljast: lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

(iii) Hlutafé

Hlutafé er flokkað sem eigið fé. Þegar hlutir sem flokkaðir eru sem eigið fé eru keyptir er fjárhæð kaupverðsins, að meðtöldum beinum kostnaði, færð til lækkunar á eigin fé.

c. Rekstrarfjármunir

(i) Færsla og mat

Rekstrarfjármunir félagsins eru færðir til eignar á kostnaðarverði eða endurmetnu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Kostnaðarverð rekstrarfjármuna sem félagið byggir sjálft innifelur efniskostnað, launakostnað og annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun og eignfærðan fjármagnskostnað. Aðkeyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur hluti til að starfrækja viðkomandi rekstrarfjármuni er færður til eignar sem hluti af kostnaðarverði þeirra. Jafnframt er við ákvörðun kostnaðarverðs tekið tillit til áætlaðs kostnaðar við niðurlagningu eignanna og kostnaðar sem kann að falla til við lagfæringu á þeim stað þar sem eignirnar voru.

Þegar einstakir hlutir rekstarfjármunar hafa ólíkan nýtingartíma eru þeir aðgreindir í bókhaldi og færðir sérstaklega.

Í samræmi við heimild í alþjóðlegum reikningsskilastaðli eru línur og tengivirki félagsins færð samkvæmt endurmatsaðferð. Þannig eru línur og tengivirki félagsins skráð á endurmetnu verði, sem er gangvirði þeirra á endurmatsdegi að frádregnum endurmetnum afskriftum frá þeim tíma sem eigna var aflað. Endurmat þessara eigna mun verða framkvæmt með reglubundnum hætti, þegar stjórnendur meta það að verulegar breytingar hafi orðið á gangvirði eignanna m.a vegna utanaðkomandi þátta. Allar verðmatshækkanir vegna þessa endurmats eru færðar á endurmatsreikning meðal eigin fjár að frádregnum tekjuskattsáhrifum. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning. Við sölu, afskriftir eða niðurlagningu eignar er sá hluti endurmatsreikningsins sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé.
Línur og tengivirki voru síðast endurmetin í árslok 2008.

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna, sem er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar, er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna, en tap af sölu meðal annars rekstrarkostnaðar.

35. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

(ii) Flutningsvirki í byggingu

Flutningsvirki í byggingu eru færð til eignar á því verði sem svarar til aðkeyptrar þjónustu, efnis, beins launakostnaðar og annars beins kostnaðar. Eignir sem ekki hafa verið teknar í notkun eru ekki afskrifaðar. Fjármagnskostnaður vegna fjármögnunar á kostnaðarverði flutningsvirkja í byggingu er eignfærður á byggingartíma og talinn hluti af kostnaðarverði eignarinnar. Eignfærður fjármagnskostnaður er veginn meðalfjármagnskostnaður félagsins á byggingartímanum.

(iii) Leigðar eignir

Leigusamningar félagsins eru skilgreindir sem rekstrarleigusamningar og eru leigðar eignir ekki færðar í efnahagsreikning félagsins.

(iv) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

(v) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Tengivirki	20 - 40 ár
Háspennulínur	20 - 50 ár
Fasteignir	50 ár
Skrifstofuáhöld, tæki og aðrar eignir	4-10 ár

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi.

d. Óefnislegar eignir

(i) Undirbúningskostnaður

Undirbúningskostnaður er eignfærður meðal fastafjármuna. Hér er aðallega um að ræða kostnað vegna kannana á línustæðum, undirbúnings lagningar flutningsmannvirkja og kostnað tengdan vinnu við umhverfismat vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Félagið hefur samið um að ef ekki verði af framkvæmdum, beri væntanlegir raforkukaupendur útlagðan kostnað vegna þessarar vinnu. Fjármagnskostnaður vegna verkefna sem eru í undirbúningi er eignfærður og er talinn hluti af undirbúningskostnaðinum. Þetta á þó ekki við um verkefni sem eru í bið umfram eðlilegt ferli verkefnisins. Kostnaður er ekki afskrifaður á þessu stigi heldur hefur verið tekið tillit til mögulegrar virðisrýrnunar eins og fram kemur í skýringu 35h.

Þegar ákvörðun um lagningu flutningsmannvirkis hefur verið tekin og öll tilskilin leyfi hafa fengist, er undirbúningskostnaður eignfærður sem flutningsmannvirki í byggingu.

Á hverjum reikningsskiladegi er eignfærður undirbúningskostnaður yfirfarinn af stjórnendum með tilliti til skilyrða reikningsskilareglna um eignfærslu og virðisrýrnun færð ef talið er að forsendur séu ekki lengur til staðar.
Útlagður kostnaður við almennar rannsóknir er gjaldfærður þegar hann fellur til.

(ii) Hugbúnaður og aðrar óefnislegar eignir

Hugbúnaður og aðrar óefnislegar eignir eru metnar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

(iii) Afskriftir

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma. Nýtingartími hugbúnaðar er 4 ár.

e. Eignarhlutur í dótturfélagi

Félagið á dótturfélagið Landsnet ehf. Ekki er gerður samstæðureikningur og er eignarhluturinn færður á upphaflegu kostnaðarverði. Engin starfsemi hefur verið í dótturfélaginu frá stofnun. Hlutafé þess er 500 þús. kr.

35. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

f. Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi

Hlutdeildarfélag er félag þar sem félagið hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Veruleg áhrif eru alla jafna til staðar þegar félagið ræður 20-50% atkvæðisréttar. Hlutdeildarfélag er fært í ársreikninginn með hlutdeildaraðferð og er í upphafi fært á kostnaðarverði. Ársreikningurinn inniheldur hlutdeild í afkomu og eiginfjárhreyfingum hlutdeildarfélags frá upphafi áhrifa til loka þess. Verði hlutdeild félagsins í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélags er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps hætt nema félagið hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það.

g. Birgðir

Rekstrarvöru- og varahlutabirgðir eru færðar á kostnaðarverði. Úreltar og ónýtar birgðir eru gjaldfærðar. Kostnaður við birgðir er byggður á „fyrst inn - fyrst út“ reglunni (FIFO) við birgðamat og tekur til kostnaðar sem stofnað hefur verið til við kaup birgðanna og við að koma þeim á staðinn og í notkunarhæft ástand.

h. Virðisrýrnun

(i) Fjáreignir

Á hverjum uppgjörsdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna. Virði fjáreignar telst hafa rýrnað ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem átt hafa sér stað benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi af viðkomandi eign verði lægra en áður var talið.

Virðisrýrnun fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er mismunurinn á bókfærðu verði þeirra annars vegar og núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi miðað við upphaflega virka vexti hins vegar.

Einstakar mikilvægar fjáreignir eru prófaðar sérstaklega hver fyrir sig með tilliti til virðisrýrnunar. Aðrar fjáreignir eru flokkaðar saman eftir lánsáhættueinkennum.

Virðisrýrnun fjáreigna er færð í rekstrarreikning.

(ii) Aðrar eignir

Bókfært verð annarra eigna, að undanskildum birgðum, er yfirfarið á hverjum uppgjörsdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin.

Virðisrýrnun er gjaldfærð þegar bókfært verð eignar eða fjárskapandi einingar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Fjárskapandi eining er minnsti aðgreinanlegi hópur eigna sem myndar sjóðstreymi sem er að mestu leyti óháð öðrum eignum eða hópum eigna. Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna sem tilheyra einingunni. Virðisrýrnun endurmats eigna er færð til lækkunar á endurmatsreikningi að því marki sem nemur endurmati vegna þeirrar eignar.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar er hreint gangvirði hennar eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið miðað við áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, sem endurspegla mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þeirri áhættu sem fylgir eigninni.

i. Hlunnindi starfsmanna

(i) Iðgjaldatengd lífeyriskerfi

Félagið greiðir iðgjöld vegna starfsmanna sinna til sjálfstæðra iðgjaldatengdra lífeyrissjóða. Félagið ber enga ábyrgð á skuldbindingum sjóðanna. Iðgjöldin eru gjaldfærð í rekstrarreikningi eftir því sem þau falla til.

(ii) Réttindatengd lífeyriskerfi

Samkvæmt samningi félagsins við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (LSR) skulu skuldbindingar vegna starfsmanna félagsins sem eiga aðild að LSR gerðar upp árlega. LSR metur sérstaklega í árslok núvirta áfallna lífeyrisskuldbindingu sem myndast hefur á því ári og dregur frá útreiknaðri fjárhæð iðgjöld sem starfsmenn og félagið hafa greitt sjóðnum vegna áunninna réttinda á árinu. Mismunurinn er gjaldfærður í rekstrarreikningi og greiddur árlega. Tryggingafræðilegt mat skal miðað við að áfallin skuldbinding vegna ársins sé reiknuð til núvirðis í árslok með þeim ársvöxtum, sem almennt eru notaðir við mat á skuldbindingum lífeyrissjóða, nú 3,5%.

35. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

j. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð í efnahagsreikninginn þegar félaginu ber lagaleg skylda eða hefur tekið á sig skuldbindingu vegna fyrri atburðar og líklegt er að kostnaður lendi á því við að gera upp skuldbindinguna. Skuldbindingin er metin út frá væntu framtíðarfjárflæði, sem er núvirt með vöxtum sem endurspegla markaðsvexti og þá áhættu sem fylgir skuldbindingunni.

(i) Niðurrifsskuldbinding

Félagið hefur áætlað kostnað við niðurrif núverandi línustæða. Niðurrifskostnaðurinn hefur verið núvirtur miðað við áætlaðan líftíma háspennulína félagsins og er núvirt fjárhæð færð annars vegar til hækkunar á viðkomandi eign og hins vegar sem skuldbinding í efnahagsreikningi.

k. Tekjur

Tekjur vegna flutnings raforku eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu orkunnar á árinu. Aðrar tekjur eru færðar þegar til þeirra er unnið eða við afhendingu vöru eða þjónustu. Félaginu eru sett tekjumörk á grundvelli 12. gr. raforkulaga nr. 65/2003.

l. Leigugreiðslur

Leigugreiðslur vegna rekstrarleigusamninga eru færðar í rekstarreikning með línulegum hætti á leigutímanum.

Eignaleiga sem svarar til fjármagnskostnaðar og afskrifta á árinu vegna afnota af flutningsmannvirkjum raforkufyrirtækja er gjaldfærð í ársreikningnum. Leigugjaldið er undir eftirliti Orkustofnunar.

m. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum, breytingum á gangvirði fjáreigna þar sem gangvirðisbreyting er færð í rekstrarreikning, söluhagnaði af eignarhlutum í hlutdeildarfélögum og gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum sem er færður í rekstrarreikning. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, bakfærslu núvirðingar niðurrifsskuldbindingar, gengistapi af erlendum gjaldmiðlum, breytingum á gangvirði fjáreigna þar sem gangvirðisbreyting er færð í rekstrarreikning og virðisrýrnun fjáreigna. Lántökukostnaður eru færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Hagnaði og tapi vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla er jafnað saman.

n. Tekjuskattur

Tekjuskattur á afkomu ársins er frestaður tekjuskattur. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann tengist liðum sem eru færðir í yfirlit um heildarafkomu eða beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður með sama hætti.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundins mismunar á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggist á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundinn mismunur kemur til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörsdegi.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign er metin á hverjum uppgjörsdegi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki. Tekjuskattshlutfall félagsins er 20%.

o. Hagnaður á hlut

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er reiknaður sem hlutfall afkomu, sem ráðstafað er til almennra hluthafa í félaginu, og vegins meðalfjölda útistandandi almennra hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hlut er jafn grunnhagnaði þar sem félagið hefur ekki gert kaupréttarsamninga eða gefið út breytanleg skuldabréf.

p. Starfsþáttayfirlit

Samkvæmt raforkulögum er félaginu einungis heimilt að annast flutning á raforku og kerfisstjórnun á Íslandi, auk þess sem því er heimilt að starfrækja raforkumarkað. Félagið hefur ekki hafið starfrækslu raforkumarkaðar og lítur á núverandi starfsemi sem einn starfsþátt og er því ekki birt starfsþáttayfirlit.

35. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

q. Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim

Félagið hefur tekið upp alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, breytingar á þeim og túlkanir sem Evrópusambandið hefur staðfest í árslok 2014 og gilda um árið 2014 og eiga við um starfsemi þess. Félagið hefur ekki tekið upp staðla, breytingar á stöðlum eða túlkanir sem taka gildi eftir árslok 2014, en heimilt er að taka upp fyrr. Áhrif þess á reikningsskil félagsins hafa ekki verið metin að fullu en talið að þau séu óveruleg.

Stjórnarháttayfirlýsing

Stjórn og stjórnarhættir Landsnets hf.

Hlutverk Landsnets samkvæmt raforkulögum nr. 65/2003 er að reka flutningskerfi raforku og annast kerfisstjórnun. Fyrirtækinu ber að tryggja og viðhalda hæfni flutningskerfisins til lengri tíma og tryggja rekstraröryggi raforkukerfisins. Landsnet á einnig að sjá til þess að jafnvægi sé á milli framboðs og eftirspurnar rafmagns á hverjum tíma og annast uppgjör orkuflæðis á landsvísu. Þá á fyrirtækið að stuðla að því að efla virkni raforkumarkaðarins.

Stjórnarhættir

Stjórn Landsnets hf. leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og fylgja „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq OMX Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út í mars 2012. Stjórn setur sér starfsreglur, þar sem valdssvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart forstjóra. Núverandi starfsreglur voru staðfestar á stjórnarfundi Landsnets 27. júní 2013 og eru aðgengilegar á aðalskrifstofu fyrirtækisins.

Innra eftirlit og áhættustýring

Til að tryggja að reikningsskil Landsnets séu í samræmi við góða reikningsskilavenju hefur félagið lagt áherslu á vel skilgreind ábyrgðarsvið, eðlilega aðgreiningu starfa, ásamt reglulegri skýrslugjöf og gegnsæi í starfseminni. Mánaðarleg skýrslugjöf ásamt rýni fyrir einstakar deildir er mikilvægur þáttur í eftirliti með afkomu og öðrum lykilþáttum starfseminnar. Mánaðarleg uppgjör eru unnin og lögð fyrir stjórn félagsins. Stjórn hefur eftirlit með fjármálalegri áhættu félagsins og fær reglubundna skýrslugjöf um hana. Upplýsingar um áhættustýringu má finna í skýringu nr. 29 í ársreikningi félagsins.

Gildi félags og siðareglur

Starfsmönnum ber að hafa gildi Landsnets að leiðarljósi í öllum störfum sínum og athöfnum. Gildin taka mið af hlutverki og framtíðarsýn fyrirtækisins og eru grundvöllur þess fyrirtækjabrags sem sóst er eftir. Gildi Landsnets eru: áreiðanleiki, framsækni, hagsýni og virðing. Megininntak þeirra er sem hér segir:

• Áreiðanleiki. Við sýnum sjálfstæði um leið og við gætum trúnaðar og jafnræðis gagnvart viðskiptavinum. Í allri framgöngu okkar og vinnubrögðum sýnum við heilindi og samviskusemi.
• Framsækni. Við tökum frumkvæði, leitum tækifæra og vinnum að stöðugum umbótum. Við erum skapandi og þróum aðferðir og lausnir sem örva samkeppni. Við leggjum metnað okkar í skjóta og markvissa úrlausn verkefna.
• Hagsýni. Við sýnum ráðdeild, förum vel með aðföng og fjármuni og höfum arðsemismarkmið að leiðarljósi.
• Virðing. Við setjum viðskiptavininn í öndvegi, berum virðingu fyrir umhverfinu og drögum úr óæskilegum áhrifum starfseminnar. Við berum virðingu fyrir samstarfsmönnum og skoðunum þeirra og gerum ekki málamiðlanir þegar öryggi einstaklinga er annars vegar.

Siðareglur Landsnets voru samþykktar á stjórnarfundi 25. júlí 2005 og eiga að stuðla að heiðarleika, réttsýni og sanngirni starfsfólks gagnvart hvert öðru, gagnvart fyrirtækinu og viðskiptavinum þess. Reglunum er einnig ætlað að efla traust og tiltrú viðskiptavina og almennings á Landsneti og að takmarka hættuna á því að álit almennings á Landsneti bíði hnekki. Það er mat stjórnar Landsnets að skýrar siðareglur, sem hafðar eru í heiðri í daglegum störfum, séu grunnur að velgengni og framtíðarvexti fyrirtækisins. Siðareglur Landsnets ná til allra starfsmanna félagsins, einnig til stjórnarmanna og forstjóra. Siðareglur Landsnets hf. eru aðgengilegar á aðalskrifstofu félagsins.

Landsnet leggur áherslur á sterka samfélagsvitund. Í stefnumiðum félagsins segir að við uppbyggingu flutningskerfisins beri að hafa í huga þjóðhagslegan ávinning og að óæskileg áhrif starfseminnar á umhverfið séu lágmörkuð. Að Landsnet standi við skuldbindingar sínar og styðji verkefni sem tengjast starfsemi fyrirtækisins og eru til þess fallin að styrkja samfélagið.

Stjórnskipulag Landsnets

Helstu einingar í stjórnskipulagi Landsnets eru stjórn og framkvæmdastjórn félagsins. Þá gegna tvær nefndir skipaðar af stjórn, endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd, veigamiklum hlutverkum.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar

Í samræmi við ákvæði í lögum um stofnun Landsnets nr. 75/2004 og raforkulögum nr. 65/2003 skulu stjórnarmenn í félaginu vera að öllu leyti óháðir vinnslu-, dreifingar- og sölufyrirtækjum raforku, hvort sem slík fyrirtæki eru eigendur félagsins eður ei. Er þetta gert til að fullnægja lögbundnum kröfum um að flutningsfyrirtækið gæti fyllsta hlutleysis og jafnræðis í starfsemi sinni.
Vegna hinnar sérstöku stöðu félagsins skv. III. kafla raforkulaga og ríkra skyldna til þess að gæta hlutleysis og jafnræðis skal áréttað að hluthöfum er óheimilt að skipta sér af einstökum úrlausnarefnum er varða starfrækslu Landsnets hf.
Afskipti hluthafa skulu að meginstefnu til takmarkast við almennar stefnumarkandi ákvarðanir á reglulegum hluthafafundum, t.a.m. um fjárhagsleg markmið rekstrar félagsins.

Stjórn

Stjórn Landsnets hf. hefur æðsta vald í málefnum félagins á milli aðalfunda. Stjórnin ber ábyrgð á stefnumótun félagsins og stærri ákvörðunum á milli hluthafafunda sem m.a. eru tilgreindar í starfsreglum stjórnar. Hún hefur eftirlit með öllum rekstri félagsins og fylgir því eftir að starfsemin sé að jafnaði í réttu og góðu horfi. Hún tryggir að nægilegt eftirlit sé haft með meðferð fjármuna félagsins og góð regla sé á bókhaldi og uppgjöri. Stjórnin ræður forstjóra félagsins, en kjör hans eru ákvörðuð af Kjararáði.

Í stjórn Landsnets eru kjörnir þrír aðalmenn en þeir eru:

Geir A. Gunnlaugsson, formaður stjórnar
Geir A. Gunnlaugsson er fæddur 30. júlí 1943 og er til heimilis í Reykjavík. Hann stundaði nám í vélaverkfræði við Háskóla Íslands, lauk M. Sc. prófi í vélaverkfræði frá Tækniháskóla Danmerkur og síðan Ph. D. prófi frá Brown University í Bandaríkjunum. Hann var prófessor í vélaverkfræði við Verkfræðideild Háskóla Íslands á árunum 1975 til 1986. Hann var framkvæmdastjóri Kísilmálmvinnslunnar á Reyðarfirði 1983 – 1987, framkvæmdastjóri Marel 1987 – 1999, framkvæmdastjóri Hæfis og stjórnarformaður Reyðaráls 2000 – 2002 og framkvæmdastjóri Sæplasts/Promens 2003 – 2006. Geir hefur setið í samninganefndum stjórnvalda um orkufrekan iðnað og sat í stjórn Markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar á árunum 1988 – 1997, þar af stjórnaformaður 1989 – 1997. Geir hefur setið í stjórnum fjölmargra fyrirtækja, bæði innlendra og erlendra, samtaka og stofnana og hefur víðtæka reynslu af rekstri fyrirtækja bæði hérlendis og erlendis. Geir hefur setið í stjórn Landsnets frá 31. mars 2011.

Svana Helen Björnsdóttir, stjórnarmaður
Svana Helen Björnsdóttir er fædd 20. desember 1960 og er til heimilis á Seltjarnarnesi. Hún stundaði nám í rafmagnsverkfræði við Háskóla Íslands og síðan framhaldsnám í rafmagnsverkfræði við Technische Universität Darmstadt í Þýskalandi, þaðan sem hún lauk Dipl.-Ing. meistaraprófi í raforkuverkfræði árið 1987. Svana hefur einnig lokið námi í rekstrarverkfræði við Háskóla Íslands og hlotið alþjóðleg starfsréttindi sem vottaður IRCA úttektarmaður stjórnkerfa fyrirtækja sem byggja á alþjóðlegum stöðlum. Svana stofnaði fyrirtækið Stika árið 1992 og árið 1996 stofnaði hún dótturfyrirtækið Stiki Ltd. í Bretlandi. Svana er nú starfandi stjórnarformaður Stika en starfaði áður sem forstjóri fyrirtækisins og sérfræðingur á sviði upplýsingatækni og hugbúnaðarverkfræði í margvíslegum verkefnum fyrir bæði fyrirtæki og stofnanir. Hún hefur verið tilsjónarmaður stjórnvalda með ýmsum verkefnum er lúta að vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga. Hún hefur mikla reynslu af fyrirtækjarekstri, alþjóðlegu samstarfi og útflutningi. Svana var formaður Samtaka iðnaðarins 2012-2014. Á sama tíma var hún einnig formaður stjórnar Akks SI, og í framkvæmdastjórn og stjórn Samtaka atvinnulífsins. Hún hefur einnig setið í stjórnum ýmissa annarra félaga og stofnana, þar á meðal Haga hf., Persónuverndar, Verkfræðingafélags Íslands, Samtaka sprotafyrirtækja, háskólaráði Háskólans í Reykjavík og Skýrslutæknifélags Íslands. Hún hefur átt sæti í fagráðum Tækniþróunarsjóðs og Rannsóknarsjóðs RANNÍS. Svana var um árabil fulltrúi Íslands í Council of European Professional Informatics Societies. Svana er stjórnarformaður hugbúnaðarfyrirtækisins Manna og músa ehf., stjórnarmaður í Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda, Samtökum sparifjáreigenda, Vísinda- og tækniráði og Hátækni- og sprotavettvangi, sem er samráðsvettvangur stjórnvalda og atvinnulífs. Svana Helen hefur setið í stjórn Landsnets frá 31. mars 2009.

Ómar Benediktsson, stjórnarmaður
Ómar Benediktsson er fæddur 22. október 1959 og er til heimilis í Reykjavík. Hann stundaði nám í Háskóla Íslands og útskrifaðist sem cand oecon. af fyrirtækjasviði við viðskiptafræðideild skólans. Starfaði við stjórnunarstörf í ferða- og flugmálum í 30 ár, m.a. hjá Islands Tours, Íslandsflugi og Air Atlanta. Hefur setið í fjölda stjórna og ráða á því sviði, s.s. í Flugráði og Ferðamálaráði, setið í nefnd um framtíðarstefnu í ferðamálum og verið varaformaður stjórnar Icelandair Group hf. Hefur komið mikið að landkynningarmálum og setið í fjölda nefnda því tengdu, s.s. formaður markaðsnefndar Ferðamálaráðs og formaður Iceland Naturally kynningarátaksins og verði þátttkandi í fjölda viðburða því tengdu. Stofnaði fyrstu sérhæfðu ferðaheildsölu með ferðir til Íslands í íslenskri eigu í Þýskalandi og síðar í fleiri löndum á meginlandi Evrópu. Sat í undirbúningsnefnd að stofnun Samtaka ferðaþjónustunnar og sat í uppstillingarnefnd samtakanna fyrstu árin. Hafði forgöngu um stofnun nokkurra fyrirtækja í ferðaþjónustu, s.s. Fosshótela. Fyrsti formaður Ríkisútvarpsins ohf. og sat í stjórn Blue Bird Cargo og Pennans í nokkur ár. Ómar hefur lengst af stundað alþjóðleg viðskipti og hefur langa reynslu af alþjóðlegum rekstri og fjölþjóðlegum samskiptum um allan heim. Í byrjun árs 2012 skipti hann um starfsvettvang og er nú framkvæmdastjóri Farice ehf. sem sér um fjarskiptasamband Íslands við umheiminn og stuðlar að uppbyggingu gagnaversiðnaðar á Íslandi. Ómar hefur setið í stjórn Landsnets frá 29. mars 2012.

Varamaður í stjórn er Svava Bjarnadóttir.

Stjórnin hélt 15 fundi á árinu 2014. Nefndin var fullskipuð á þeim fundum að tveimur fundum fráskildum en þá var einn nefndarmaður fjarverandi á hvorum fundi. Varamaður stjórnar sat tvo fundi.

Framkvæmdastjórn Landsnets

Guðmundur Ingi Ásmundsson, forstjóri frá ársbyrjun 2015, situr í framkvæmdastjórn

Guðmundur Ingi er fæddur í Reykjavík 1955. Hann lauk prófi í rafmagnsverkfræði 1980 frá Háskóla Íslands og meistaraprófi í raforkuverkfræði 1982 frá Danmarks Tekniske Universitet (DTU). Guðmundur Ingi réðst til Landsvirkjunar árið 1982 og starfaði sem verkfræðingur í rekstrardeild, síðar yfirverkfræðingur og deildarstjóri kerfisdeildar frá árinu 1993. Kerfisstjóri Landsnets frá stofnun þess 1. janúar 2005. Framkvæmdastjóri kerfisstjórnar frá 1. nóvember 2005. Guðmundur Ingi var aðstoðarforstjóri Landsnets frá 1. janúar 2008 og forstjóri frá 1. janúar 2015.

Þórður Guðmundsson, fyrrverandi forstjóri, sat í framkvæmdastjórn

Þórður er fæddur 2. október 1949 og er til heimilis í Garðabæ. Hann stundaði nám í Iðnskólanum í Reykjavík, Tækniskóla Íslands, Háskóla Íslands og Tækniháskólanum í Þrándheimi, en þar lauk hann námi í rafmagnsverkfræði 1978. Þórður hóf störf hjá Landsvirkjun 1978, starfaði sem verkfræðingur í rekstrardeild fyrstu árin, síðan sem yfirverkfræðingur þar til hann var ráðinn rekstrarstjóri 1992. Við skipulagsbreytingar 1997 tók hann við stöðu framkvæmdastjóra flutningssviðs og gegndi þeirri stöðu þar til hann var ráðinn forstjóri Landsnets frá 1. janúar 2005. Þórður gegndi stöðu forstjóra Landsnets hf. frá 1. janúar 2005 til 31. desember 2014.

Forstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins. Hann fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum félagsins sem ekki eru falin öðrum skv. lögum nr. 2/1995 og samþykktum félagsins. Forstjóri stendur fyrir rekstri félagsins í samræmi við reglur eða ákvarðanir stjórnar, samkvæmt samþykktum þess og lögum. Forstjóri ritar firma félagsins og hefur prókúru fyrir það. Forstjóra er heimilt að veita öðrum starfsmönnum félagsins umboð til að fara með afmarkaðar heimildir starfsskyldu sinnar að fengnu samþykki stjórnar félagsins. Forstjóri ber ábyrgð á að greina, mæla, fylgjast með og hafa eftirlit með áhættum sem starfseminni fylgja. Honum ber að viðhalda skipuriti sem skýrt tilgreinir ábyrgðarsvið, heimildir starfsmanna og boðleiðir innan félagsins. Forstjóri skal móta markmið fyrir innra eftirlit í samráði við stjórn félagsins og fylgjast með því að það eftirlitskerfi sé skilvirkt. Forstjóri undirbýr fundi stjórnar ásamt formanni hennar og gefur stjórninni reglulega skýrslu um störf og hag félagsins.

Guðlaug Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri fjármála er auk þess í framkvæmdastjórn Landsnets hf.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Endurskoðunarnefnd

Í núverandi endurskoðunarnefnd Landsnets hf. sitja:
Ólafur Nilsson, endurskoðandi, formaður.
Geir A. Gunnlaugsson, stjórnarformaður Landsnets hf.
Svava Bjarnadóttir, varamaður í stjórn Landsnets hf.

Endurskoðunarnefnd Landsnets hf. hefur sett sér starfsreglur og er hlutverk hennar skilgreint í þeim en þar segir: Endurskoðunarnefnd skal meðal annars hafa eftirfarandi hlutverk án tillits til ábyrgðar stjórnar, stjórnenda eða annarra á þessu sviði:

- Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
- Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits félagsins, innri endurskoðun ef við á og áhættustýringu.
- Eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings félagsins.
- Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis félagsins og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis.

Þá gerir nefndin tillögur að úrbótum og tekur til umfjöllunar mál að beiðni stjórnar. Endurskoðunarnefnd setur fram tillögu til Ríkisendurskoðunar um löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki fyrir félagið ár hvert.

Nefndin hélt 7 fundi á árinu 2014 og var nefndin fullskipuð á þeim fundum.

Starfskjaranefnd

Stjórn Landsnets hf. fer með hlutverk starfskjaranefndar. Landsnet hf. hefur sett fram starfskjarastefnu sem samþykkt var á aðalfundi félagsins 31. mars 2011. Starfskjarastefnan er aðgengileg á heimasíðu félagsins. Málefni tengd starfskjaranefnd eru tekin fyrir á stjórnarfundum þegar við á.

Flutningskerfið 2014



LANDSNET

Landsnet // Gylfaflöt 9 // 112 Reykjavík // Sími 563 9300 // landsnet@landsnet.is // landsnet.is